Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðir bæjarráðs 1949

Aðfnr. 4971 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Fundargjörðir bæjarráðs

1 9 4 9

.077.5:025.26 - .075.11

Aðfnr. 4971 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
4971

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð

F U N D A R G J Ö R Ð I R

1 9 4 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 7. jan., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Þetta gerðist:

1. Ákveðin leiga eftir lóð Mjólkursamsölunnar, Lvg. 162, leigutímabilið frá 1. ág. 1947 að telja kr. 0.90 pr. ferm. á ári.

2. Erindi frá S.Í.S., dags. 6. jan., um byggingu vörugeymsluskála á lóð Sambandsins við Grandaveg, vísað til skipulagsmanna bæjarins til umsagnar.

3. Samþ. að heimila stjórn Íþróttavallarins að láta gera við skemmdir á girðingu vallarins til bráðabirgða, til þess að þar megi hafa álfadans og brennu nú á næstunni.

4. Samþ. að Jakob A. Stefánsson megi kaupa íbúð í húsinu Blönduhlíð 19.

5. Samþ. að Sigurjón Stefánsson, Gren. 32, megi kaupa íbúð í húsinu Hofteig 22.

6. Samþ. að Þóra Matthíasdóttir megi verða meðeigandi íbúðar í húsinu Drápuhlíð 32.

7. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 32 við Guðm. H. Daníelsson, Rauð. 11, Sig. Karlsson, Þverh. 3 og Kristófer Guðlaugsson, Braut. 28.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 42 við Jón Jónsson, Mávahl. 7, Jón Jóhannsson, Njg. 49 og Vilhjálm Þórðarson, Einh. 9.

9. Samþ. að heimila Rafmagnsveitunni að greiða Kristjóni Þorvarðssyni viðbót við eftirlaun hans, þannig að hann fái alls 360 kr. eftirlaun á mán., grunnlaun.

10. Erindi Helga S. Haraldssonar, Hrís. 4, um flokkshækkun, vísað til samvinnunefndar um launamál til athugunar.

11. Lagt fram bréf frá oddvita Kópavogshrepps, dags. 28. okt., og umsögn vatnsveitustjóra, dags. 29. desbr. f.á., varðandi tengingu vatnsveitukerfis Kópavogshrepps við vatnsveitu Reykjavíkur. Falið borgarstjóra og vatnsveitustjóra til nánari meðferðar: undirbúnings samninga.

12. Lagt fram bréf hitaveitustjóra, dags. 29. desbr. fá., varðandi hækkun á hitaverði.

13. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 29. desbr. fá., 2. og 3. liður faldir borgarritara til nánari athugunar.

14. Bæjarráð samþ. að tekið verði lægsta tilboði um byggingu spennistöðvar á háskólalóðinni.

15. Lagðar fram tillögur frá bæjarfulltrúum Socíalistaflokksins, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær. Frestað til næsta bæjarráðsfundar.

16. Rætt um frv. til laga um skipulag kaupstaða og kauptúna, sem liggur fyrir alþingi.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Hallgr. Benediktsson.
Jóhanna Egilsdóttir. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARRÁÐ.

Ár 1949, föstudaginn 14. janúar, kl. 9 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Þetta gerðist:

Rætt um frv. að fjárhagsáætlun fyrir bæjarsjóð árið 1949. Var frv. rætt lið fyrir lið og búið undir prentun, en bæjarráðsmenn áskildu sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem kynnu að verða gerðar.
Ennfremur lögð fram frumvörp um tekjur og gjöld ýmissa bæjarstofnana, sem forstjórarnir höfðu gert, eða gerð voru í samráði við þá: Korpúlfsstaðabú, Reykjahlíð, Grjótnám, Sandnám, Pípugerð, Áhaldahús, Sundhöll og Þvottahús, Vatnsveitu, Hitaveitu, Sogsvirkjun, Strætisvagna.

Fundi slitið kl. 11 e.h.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

13. Lagt fram bréf, dags. 19. þ.m., frá samvinnufél. Hreyfli, varðandi benzínafgreiðslu á lóð félagsins við Kalkofnsveg.

14. Lögð fram tillaga Hannesar Stephensen, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær, varðandi sérstakar ráðstafanir vegna atvinnuleysis. Borgarstjóri lagði fram bréf frá Vinnumiðlunarskrifstofunni og Ráðningarstofunni, dags. í dag, með upplýsingum um atvinnuástandið.

15. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í desbr. síðastl., svo og ársskýrsla stofunnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 21. janúar, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXX, 1/3 hluta landsins, sem er óskipt sameign, fyrir kr. 5000.--. Hafnað.

2. Bæjarráð synjar erindi Guðm. Bjarnasonar um eignaryfirfærslu á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. III, þar sem margar byggingar eru á landinu, án leyfis.

3. Lögð fram að nýju tillaga sjávarútvegsnefndar í 3. lið fundargerðar 29. desbr. f.á., varðandi aðstoð til kaupa á e.s. Straumey til Reykjavíkur.
Bæjarráð telur ekki unnt að veita umbeðið lán, en samþ. með 3:2 atkv. að bæjarsjóður ábyrgist allt að 150 þús.kr. lán fyrir umsækjendur til kaupa á skipinu, með þeim skilmálum er í ályktun sjávarútvegsnefndar segir.

4. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 18. þ.m.

5. Erindi Sölufél. Garðyrkjumanna um lóð fyrir starfsemi félagsins, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

6. Að fenginni umsögn vatnsveitustjóra synjar bæjarráð erindi um lækkun á aukavatnsskatti af Grettisgötu 50 B.

7. Svohlj. tillaga gerð til bæjarstjórnar:
Bæjarstjórn samþykkir, skv. heimild í 28. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945, að innheimta fyrirfram, upp í greiðslu útsvars yfirstandandi árs, hjá hverjum gjaldanda 50% af þeirri útsvarsfjárhæð, sem honum bar að greiða næstliðið ár, með fjórum jöfnum greiðslum, sem falla í gjalddaga 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní þ.á., sem næst 1/8 hluta af útsvarinu 1948 hverju sinni, þó þannig, að allar greiðslur standi á heilum eða hálfum tug króna.

8. Lagt fram bréf skipulagsnefndar og skipulagsmanna bæjarins, dags. 11. þ.m., varðandi skipulag í Grjótaþorpinu.

9. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Grenimel 16 við Sverri Sigurðsson og Oddgeir Jóhannsson.

10. Samþ. að gera leigusamning um Mávahlíð 33 við Jón K. Jónsson Mjóuhl. 16 (samhlj. atkv.) og Björgvin Eiríksson Mávahl. 33 (með 3:1 atkv.)

11. Samþ. með 3:1 atkv. að Sveinn Guðnason megi kaupa íbúð í húsinu Mávahlíð 39.

12. Bæjarráð samþ. ekki erindi um að Jón Edv. Guðmundsson megi kaupa íbúð í húsinu Hofteig 26.

13. Lagt fram bréf, dags. 19. þ.m., frá samvinnufél. Hreyfli, varðandi benzínafgreiðslu á lóð félagsins við Kalkofnsveg.

14. Lögð fram tillaga Hannesar Stephensen, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær, varðandi sérstakar ráðstafanir vegna atvinnuleysis. Borgarstjóri lagði fram bréf frá Vinnumiðlunarskrifstofunni og Ráðningarstofunni, dags. í dag, með upplýsingum um atvinnuástandið.

15. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í desbr. síðastl., svo og ársskýrsla stofunnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Synjað beiðni frá Ásg. Þorlákssyni o.fl. um lóð undir timburskúr til iðnaðar.

17. Beiðni Ágústs H. Kristjánssonar um rafmagnsheimtaug að húsi á Sogamýrarbl. LVI vísað til rafmagnsstjóra til afgr.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 28. janúar, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþykkt að veita Jóhannesi Bjarnasyni, Meðalholti 2, leigu-réttindi þau, er Markús Ísleifsson hefur haft á lóðinni nr. 19. við Drápuhlíð.

2. Pálmi Skagfjörð Rögnvaldsson og Ingvaldur Rögnvaldsson sækja um leyfi til kaupa á eigninni Sogaveg114. Synjað.

3. Synjað beiðni frá Jóni B. Jónssyni, Efrihlíð, um eftirgjöf á skuld við bæjarsjóð fyrir slægjur á Korpúlfsstöðum og rauðamöl.

4. Samþykkt að reglugerð um fasteignaskatt í Reykjavík nr. 117/1938 framlengist enn um 5 ára skeið frá 1. jan. 1949.

5. Lögð fram álitsgerð og tillögur sundkennara varðandi sund-málefni skólanna í Reykjavík.

6. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 20. janúar 1949.

7. Lagt fram bréf frá Byggingarsamvinnufélagi bankamanna, dags. 8. des. 1948, þar sem félagið afsalar sér lóðunum Karfavogi 33 og Nökkvavogi 58 og 60.

8. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 24. janúar, um skiptingu innheimtukostnaðar milli Rafmagnsveitu, Hitaveitu og Gasstöðvar 1948. Bæjarráð samþykkir tillögur rafmagns-stjóra um þetta efni.

9. Lagt fram bréf frá frú Viktoríu Blöndal, dags. 4. jan., varð-andi launakjör. Vísað til samvinnunefndar um launamál.

10. Lagt fram bréf skipulagsmanna, dags. 27. jan., varðandi eignina Steinahlíð á Kleppsmýrarbletti XVI.

11. Bæjarráð fellst á tillögur skipulagsmanna um fyrirkomulag á sameiningu Miklubrautar, Suðurlandsbrautar og Elliðavogs. Bréf skipulagsmanna, dags. 27. jan.

12. Lagt fram bréf skipulagsmanna, dags. 25. jan., varðandi út-mælingu á væntanlegri lóð Sjómannaskólans.

13. Einar B. Pálsson, yfirverkfræðingur, gaf skýrslu um snó-mokstur á götum bæjarins.

14. Bæjarráð samþykkir með 3:2 atkv. II. tillögu skipulagsnefndar og skipulagsmanna í bréfi dags. 11. jan. s.l., sbr. 8. lið fundargerðar bæjarráðs 21. jan., um skipulag Aðalstrætis. (44 m. breidd). Jón Axel Pétursson og Sigfús Sigurhjartarson taka fram, að þeir vilji halda sér við samþykkt bæjarráðs 31. okt. 1945, sem var gerð skv. tillögu skipulagsnefndar og skipulagsmanna bæjarins.

15. Lagt fram bréf frá Glímufélaginu Ármann, dags. 19. jan., varðandi svæði fyrir íþróttavöll. Vísað til skipulagsmanna.

16. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 25. jan. 1949. Bæjarráð samþykkir II. lið fundargerðarinnar.

17. Lagt fram yfirlit frá húsaleiguinnheimtunni, dags. 3. jan., yfir greiðslur á húsaleigu í Skúlagötuhúsunum pr. 31/12 1948.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Samþykkt að skipa eftirtalda menn í nefnd til þess, í samráði við hitaveitustjóra, að athuga og gera tillögur um sem besta nýtingu hitaveituvatnsins og önnur þau atriði í starfsemi hitaveitunnar, sem máli skiptir: Jón Sigurðsson verkfræðing sem formann, Árna Snævarr verkfræðing, Halldór Halldórsson arkitekt, Rögnvald Þorláksson verkfræðing og Sighvat Einarsson pípulagningameistara.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarso

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 8. febrúar, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað erindi um byggingu vinnuskála á erfðafestulandinu Soganýrarbl. XLVII.

2. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti 60 fyrir 29 þús. kr. Hafnað.

3. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að afsala megi til Oddgeirs Sveinssonar hluta af húsinu Brú á Brúarbletti, skv. umsókn, dags. 25. f.m. Eignin er eftir sem áður óskipt sameign.

4. Lagt fram bréf skipulagsstjóra, dags. 27. jan. þ.á., með nýrri tillögu um staðsetningu umferðarmiðstöðvar í Reykjavík, svo og frumdráttum að grunnteikningu.

5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti teikningu af gróðurhúsum á leigulandinu Vatnsmýrarbl. 3, dags. í nóvbr. 1948, eftir Sig. J. Pétursson. Uppdr. fylgdu bréfi Halldórs Ó. Jónssonar, dags. 3. þ.m.

6. Félag framreiðslumanna í Reykjavík tilkynnir, með bréfi, 28. f.m., tilnefningu Ingimars Sigurðssonar í veitingaleyfanefnd, og Helga Gíslasonar til vara.

7. Lagt fram bréf frá Jóhanni Fr. Kristjánssyni, Fjölug. 25, dags. 8. f.m., með tilboði um að leigja bænum nýbýlið Hlaðir í Mosfellssveit, til að reka þar barnaheimili. Falið borgarstjóra til nánari ath.

8. Lögð fram skýrsla frá Ráðningarstofunni um atvinnuleysisskráningu dagana 1. - 3. þ.m.

9. Lögð fram ársskýrsla Bæjarbókasafnsins 1948.

10. Erindum um flokkshækkanir til Ingimars Benediktssonar, umsjónarmanns Gagnfræðaskóla Reykvíkinga og Gunnars Gíslasonar aðstm. í Hafnarskrifstofunni, vísað til samvinnunefndar um launamál.

11. Lögð fram fundargerð samvinnunefndar um launamál 22. f.m. Bæjarráð samþ. tillögur nefndarinnar, 60. - 69. mál.

12. Lagt fram bréf raforkumálastjóra (jarðboranadeild), dags. 31. f.m., með reikningsyfirliti, greinargerð og skýrslum um jarðboranir í Hengli árin 1947 - '48, svo og fyriræltlanir á næstunni.

13. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja hestamannafél. Fák beitarlöndin Geldinganes og við Breiðholt, með sömu skilmálum og að undanförnu.

14. Eftir beiðni í bréfi, dags. 28. f.m., var samþ. að gera leigusamning um lóðina Hraunteig 24 við Harald K. Gíslason, Anton Bjarnason og Pál. H. Pálsson.

15. Erindi hestamannafél. Fáks, um reiðveg inn úr bænum, vísað til skipulagsmanna til athugunar.

16. Rætt um frv. til laga um breytingu á l. 44/1946, þskj. 145. Borgarstjóra falið að gera till. að umsögn.

17. Lagt fram bréf frá Farmanna- og fiskimannasamb. Íslands, dags. 1. þ.m., varðandi greiðslu útsvara 1948 af áhættuþóknun sjómanna, sbr. dóm hæstaréttar 20. desbr. f.á. Falið borgarstjóra til nánari athugunar.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen. Jóhanna Egilsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1949, föstudaginn 11. febr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að afturkalla útvísun lóðar nr. 138 við Sogaveg til Hákonar Guðmundssonar, Efst. 62.

2. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 5. þ.m., varðandi umferð í Þingholtunum. Vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

3. Bæjarráð telur ekki fært að mæla með niðurfellingu eða lækkun vatnsskatts af kirkjubyggingum í bænum.

4. Samþ. að veita Jóni G. Oddssyni, Fram. 28, löggildingu til að sjá um vatns- og hitalagnir í bænum.

5. Lagt fram bréf Sölusamb. ísl. fiskframleiðenda, dags. 1. þ.m., með umsögn vatnsveitustjóra, dags. 8. þ.m., varðandi vatnsleiðslu að fiskverkunarhúsi við Elliðaárvog. Vísað til skjótrar umsagnar skipulagsmanna.

6. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 8. þ.m., með greinargerð um vinnslukostnað raforku árið 1948.

7. Lagt fram yfirlit um störf áfengisvarnarnefndar árið 1948.

8. Lagt fram bréf frá Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. 4. þ.m., varðandi samstarf Reykjavíkur við önnur sveitarfélög um byggingu hælis fyrir svonefnt vandræðafólk. Bæjarráð tilnefnir Ólaf Sveinbjörnsson skrifstofustjóra og Magnús V. Jóhannesson yfirframfærsluftr. til viðræðna við Sambandið um málefnið.

9. Borgarstjóra falið að senda umsögn um frv. til laga um breytingu á l. 44/1946, þskj. 145.

10. Samþ. frv. borgarstjóra að bréfi til hreppsnefndar Kópavogshrepps og frv. að samningi um afnot hreppsins af vatni úr Vatnsveitu Reykjavíkur.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.
Jóhanna Egilsdóttir. Sigfús Sigurhjartarson.

15. Bæjarráð samþ. beiðni frá Björgvin Filippussyni um að kaupa Hjallaveg 23 í skiptum fyrir jörðina Bólstað í Austur-Landeyjahreppi.

16. Rætt um útvísun lóðar fyrir dvalarheimili aldraðra sjómanna. Skipulagsmönnum bæjarins falið að ræða málið við fulltrúaráð Sjómannadagsins.

17. Lögð fram tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar, varðandi skipulagsmál, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 17. þ.m.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen. Jóhann Hafstein.
Jóhanna Egilsdóttir. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 18. febrúar, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð mælir með tillögum lögreglustjóra um einstefnuakstur:
   Um Klapparstíg, milli Hverfisg. og Njálsgötu, frá norðri til suðurs.
   Um Þingholtsstræti, milli Amtmannsstígs og Bankastr., frá suðri til norðurs.
   Um Ingólfsstræti, milli Amtmannsstígs og Bankastrætis, frá norðri til suðurs.

2. Synjað beiðni um viðbyggingu við íbúðarhús á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XIV A.

3. Lögð fram beiðni Einars Ögmundssonar, um lóð undir íbúðarhús, úr landi föður hans, Hólabrekkubletti. Óskað eftir umsögn skipulagsmanna hið fyrsta.

4. Erindi Olíuversl. Íslands h.f., dags. 11. þ.m., varðandi lagningu vegar, vatns og rafmagns að leigulandi félagsins við Köllunarklett, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

5. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Drápuhlíð 19 við Guðlaug Bjarnason og Jóhannes Bjarnason.

6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 43 við Viggó Baldvinsson og Hauk Hrómundsson.

7. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 11. þ.m.

8. Lögð fram skýrsla um starfsemi slökkviliðsins 1948.

9. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að framlengja um eins árs bil núgildandi reglur um vísitöluálag á brunabótamöt hér í bænum, þó með þeim viðauka, að á matsgerðir 1948 komi ekki vísitöluálag.

10. Erindi Helga Bogasonar um annað starf vísað til borgarstjóra til meðferðar.

11. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar í jan. síðastl.

12. Erindum frá tveimur klefavörðum í Sundhöllinni um að fá skipun sem fastir starfsmenn og frá Petru Jónsdóttur, gæzlukonu á leikvelli, um launahækkun, vísað til umsagnar samvinnunefndar um launamál.

13. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 17. þ.m., varðandi olíukaup til varastöðvarinnar við Elliðaár.

14. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 10. þ.m., um leigu á bókhaldsvélum. Bæjarráð samþykkir tillögu rafmagnsstjóra, um að afla vélanna, ef mögulegt er.

15. Bæjarráð samþ. beiðni frá Björgvin Filippussyni um að kaupa Hjallaveg 23 í skiptum fyrir jörðina Bólstað í Austur-Landeyjahreppi.

16. Rætt um útvísun lóðar fyrir dvalarheimili aldraðra sjómanna. Skipulagsmönnum bæjarins falið að ræða málið við fulltrúaráð Sjómannadagsins.

17. Lögð fram tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar, varðandi skipulagsmál, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 17. þ.m.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen. Jóhann Hafstein.
Jóhanna Egilsdóttir. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 25. febrúar, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Starfsstúlknafél. Sókn, dags. 19. þ.m., með tilkynningu um fyrirskipun vinnustöðvunar frá og með 1. mars n.k., ef samningar um kaup og kjör meðlima félagsins, sem starfa hjá bæjarstofnunum, hafa ekki verið gerðir fyrir þann tíma.

2. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að uppsagnarfrestur skv. samningi um kaup og kjör vagnstjóra hjá Strætisvögnum, dags. 29. febr. 1948, verði að þessu sinni styttur, þannig að samningnum megi segja upp frá 1. apríl n.k., með hálfs mánaðar fyrirvara, uppsögn berist eigi síðar en 15. mars n.k.

3. Samþ. frv. að samningi um fyrirhuguð leigulönd við Rauðavatn. Árlegt leigugjald ákveðið kr. 50.- fyrir ca. 1500 - 2000 ferm. land. Endurkaupsverð ákveðið 10 aur. pr. ferm.

4. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti staðsetningu bensínafgreiðslustöðvar á lóð vörubílastöðvarinnar Þróttar hjá Gasstöðinni, skv. uppdrætti teiknistofu S.Í.S. 26. jan. 1949, þó með því skilyrði, að innkeyrsla að bensínsölunni verði einungis frá Rauðarárstíg skv. uppdrætti, sem byggingarnefnd samþ. 13. febr. 1948.

5. Erindi Jóhannesar Gíslasonar, Vest. 66, um styrk úr bæjarsjóði til að halda námskeið til kennslu á allskonar netaviðgerðum, vísað til sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

6. Lögð fram ályktun aðalfundar K.R. 22. þ.m., um byggingu yfirbyggðrar sundlaugar í Vesturbænum, er gangi fyrir öðrum framkvæmdum á því sviði.

7. Að fenginni umsögn byggingarfulltrúa getur bæjarráð ekki samþykkt erindi Þorsteins Sigurfinnssonar, dags. 20. desbr. 1948, varðandi greiðslu kostnaðar við holræsisgröft frá lóðinni nr. 172 við Langholtsveg.

8. Bæjarráð synjar fyrir sitt leyti erindi Baldvins Jónssonar hdl., dags. 17. þ.m., um skiptingu á landi við Suðurlandsbraut.

9. Bæjarráð telur ekki unnt að sinna erindi frá Geir P. Þormar, Sólv. 21, dags. 15. þ.m., varðandi breytingu á fyrirhuguðum strætisvagnaskýlum.

10. Lagt fram bréf frá Áfengisvarnarnefnd, dags. 14. þ.m., með tilmælum um að bæjarstjórn leggi nefndinni til starfsfé, til bráðabirgða, þar til ríkissjóður leggur nefndinni til fé, skv. reglugerð.
Svohlj. tillaga samþykkt:

    Bæjarráð ályktar að skora á Alþingi að veita áfengisvarnarnefnd Reykjavíkur starfsfé í fjárlögum fyrir 1949.

11. Erindum Einars Einarssonar, Mán. 25, dags. 21. og 24. þ.m., um ábyrgð til skipakaupa, vísað til sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

12. Synjað erindi frá Þorsteini Ólafssyni, dags. 15. þ.m., um rafmagnshitun í keiluspilaskála í Kamp Knox.

13. Lagt fram frv. að samningi á milli bæjarstjórnar og ríkisstjórnar, um að Sogsvirkjunin verði sameign Reykjavíkurbæjar og ríkisins.
Málinu vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Bæjarráð getur ekki orðið við tilmælum Helga Jóhannessonar o.fl., dags. 14. þ.m., um að slaka á skilyrðum, er sett voru fyrir viðbyggingu við húsið nr. 54 B við Laugaveg.

15. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að Jónas B. Jónsson, fræðslufulltrúi, taki sæti í leikvallanefnd bæjarráðsins, í stað frú Auðar Auðuns, sem hefir beðist lausnar frá nefndarstörfum.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Hallgr. Benediktsson

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhanna Egilsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 4. mars, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Bæjarráð skipa nú, eftir kosningu á bæjarstjórnarfundi 3. febr. s.l.: Guðm. Ásbjörnsson, Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Jón Axel Pétursson og Sigfús Sigurhjartarson.

Varamenn: Bjarni Benediktsson, Björn Bjarnason, Friðrik Ólafsson, Hallgrímur Benediktsson og Jóhanna Egilsdóttir.

Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðs, Guðm. Ásbjörnsson varaformaður og Jón A. Pétursson ritari.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsögn skipulagsnefndar og skipulagsmanna um erindi h.f. Olíuverzl. Íslands, dags. 11. febr. um lagningu vegar, vatns og rafmagns að olíustöðvarsvæði félagsins við Viðeyjarsund.
   Bæjarráð samþ. tillögu nefndarinnar, um að vegurinn austan við Hóla verði notaður til bráðabirgða, en vísar erindinu að öðru leyti til umsagnar rafmagnsstjóra og vatnsveitustjóra.

2. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að S.Í.S. megi endurbyggja, til bráðabirgða, vörugeymslu á lóð sinni við Grandaveg, eftir staðsetningu bæjarverkfræðings.

3. Samþ. að falla frá innheimtu á skuld, að upph. kr. 20.153.77, hjá Síldarverksm. ríkisins, fyrir ýmisk. lagfæringu í sambandi við síldargeymslu á Fram-vellinum síðastl. vetur.

4. Synjað beiðni um að Bjarni Árnason, Breiðh. við Lauf., og Guðjóm Jónsson, Hofteigi 42, taki við leiguréttindum að lóðinni Sogav. 138.

5. Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 25. f.m., með úrskurði ráðuneytisins, varðandi endurbyggingu hússins Kirkjustræti 4.

6. Erindi um endurbætur á skolpleiðslum í Urðarstíg vísað til bæjarverkfræðings til ath.

7. Samþ. að gera lóðarleigusamning um Nökkvavog 24 við Sigurgeir Einarsson, Snorrabr. 56 og Hauk L. Friðriksson.

8. Lögð fram greinargerð borgarlæknis, dags. 28. f.m., um eitrun á dýrum að Útskálum við Elliðaár í fyrra mánuði.

9. Borgarstjóra heimilað að veita Kolbeini Guðjónssyni torgsöluleyfi framan við húsið nr. 31 við Grettisgötu.

10. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 25. f.m.

11. Lagður fram samningur, dags. 28. febr. s.l., á milli ríkisspítalanna, elliheimilisins Grundar og Reykjavíkurbæjar annarsvegar, en starfsstúlknafél. Sóknar hinsvegar.
    Bæjarráð samþ. samninginn fyrir sitt leyti.

12. Lagt fram bréf frá ræktunarráðunaut bæjarins, dags. 1. þ.m., varðandi stærð sumarbústaða á fyrirhuguðum garðlöndum við Rauðavatn.

13. Lögð fram tillaga frá fulltrúum Sósíalistafl., er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 3. þ.m., varðandi togaradeiluna.

14. Ákveðið að fá dómkvadda matsmenn til að meta kaupverð lóðarinnar Austurstr. 2.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 11. mars, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarverkfræðingurinn skýrði frá viðtali, er hann og Þór Sandholt arkitekt áttu nýlega við stjórn og fjársöfnunarnefnd Sjómannadagsins, um staðsetningu dvalarheimilis sjómanna. Bæjarverkfræðingi falið málið til frekari meðferðar.

2. Samþ. að heimila slökkviliðsstjóra að taka þátt í norrænni brunamálaráðstefnu í Kaupmannahöfn í maí-júní næstk.

3. Guðm. Ásbjörnsson skýrði frá athugunum hans, Einars Erlendssonar og fræðslufulltrúa, á húsinu Hlöðum í Mosfellssveit, sem Jóhann Fr. Kristjánsson hafði boðið bænum til leigu fyrir barnaheimili. Bæjarráð hafnar tilboðinu.

4. Samþ. að greiða nefndarmönnum í heilsuverndarstöðvarnefnd ómaksþóknun fyrir störf þeirra í nefndinni til ársloka 1948, kr. 2500.- hverjum, en formanni þó kr. 3500.-.

5. Synjað erindi um að Magnús Jónsson, Árbæjarbl. 60, verði leigutaki landsins Árbæjarbletts 60.

6. Synjað beiðni um skiptingu á erfðafestulandinu Fossvogsbl. XLIV.

7. Synjað beiðni Friðriks Ó. Sigurðssonar, dags. 3. þ.m., um lóðarréttindi með húsi hans á Sogamýrarbl. XXII.

8. Erindi frá Eiríki K. Sigurðssyni, dags. 16. f.m., varðandi flutning á skúr, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

9. Erindi h.f. Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunnar, dags. 9. þ.m., um endurnýjun lóðarsamnings um verksmiðjulóð við Köllunarklettsveg, vísað til borgarritara og bæjarverkfræðings til athugunar.

10. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að skilyrði, dags. 7. júní 1946, sem sett var fyrir byggingu á lóðinni Lvg. 54 B, verði breytt þannig, að það komi ekki til framkvænda í 12 ár frá þessum degi að telja.

11. Samþ. að Geir Arnesen, starfsm. Fiskifél. Íslands, megi kaupa íbúð í húsinu Nökkvavogi 36.

12. Lagt fram bréf frá bifreiðastjórafél. Hreyfli, dags. 4. þ.m., með tillögum um breytingar á gildandi samningi um kaup og kjör vagnstjóra og vaktmanna hjá Strætisvögnum Reykjavíkur.

13. Lagt fram bréf frá Rauða Krossi Íslands, dags. 15. f.m., með tilmælum um, að bæjarsjóður greiði kr. 20 þús. upp í halla af sumardvalastarfseminni síðastl. sumar. Bæjarráð synjar erindinu.

14. Lagt fram bréf frá Starfsmannafél. Reykjavíkurbæjar, dags. 2. þ.m., með tilkynningu um ályktun fulltrúaráðsfundar félagsins 10. janúar s.l., varðandi launamál.

15. Synjað erindi frá Ragnari Halldórssyni, um skaðabætur vegna skemmda á húsinu Smiðj. 10.

16. Samþ. að selja Hitaveitunni íbúð í Lönguhlíð 21 og gefa Ólafi Tyrfingssyni, vkm., Hverf. 60 A., kost á annari íbúð í húsinu.

17. Lagt fram bréf frá eigendum Ingólfsstr. 12, um endurskoðun á leigusamningi fyrir bæjarbókasafnið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Bæjarráð samþ. að leysa Jón A. Pétursson og Sigfús Sigurhjartarson frá störfum í leikvallanefnd, en tilnefna í þeirra stað í nefndina frú Guðrúnu Sigurðardóttur, Ásv. 28, og Sigvalda Thordarson arkitekt.

19. Samþ. að ráða Svein Torfa Sveinsson, verkfræðing, í þjónustu Vatns- og Hitaveitunnar, með launum skv. VI. flokki.

20. Lagt fram bréf frá Félagi kjötverzlana í Reykjavík, dags. 9. þ.m., varðandi þátttöku bæjarins í byggingu kjötstöðvar í Rvík. Falið borgarstjóra og borgarlækni til athugunar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartars

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 18. mars, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Birni Guðmundssyni, dags. 7. þ.m., varðandi þinglýsingu eignarumráða að Sogabl. 8. Bæjarráð synjar erindinu.

2. Lagður fram uppdráttur húsameistara bæjarins að skólahúsi í Langholtinu (við Holtaveg). Samþ. að fela húsameistara að láta bjóða út bygginguna.

3. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra, dags. 8. þ.m., um rafmagnsheimtaug að olíustöðinni við Viðeyjarsund. Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

4. Lögð fram umsögn vatnsveitustjóra, dags. 16. þ.m., varðandi vatnslögn að olíustöðinni við Viðeyjarsund. Málinu vísað til umsagnar skipulagsmanna.

5. Lagt fram bréf frá Byggingarfélagi verkamanna, dags. 10. þ.m., þar sem endurnýjuð er umsókn um íbúðarhúsalóðir á Rauðarárholti.

6. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í febr. þ.á.

7. Lögð fram skýrsla frá bæjarverkfræðingi um byggingarhæfar lóðir í bænum.

8. Bæjarráð samþ. að Jón Jóhannsson, lögrþj., megi kaupa íbúð í húsinu Laugateig 28.

9. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Laugateig 38 við Aðalheiði Pétursdóttur, Bald. 11, Þórunni Pétursdóttur, Bald. 11 og Hólmfríði Matthíasdóttur, Tjarn. 3 C.

10. Lagt fram bréf frá h.f. Hafnarbíó, dags. 17. þ.m., með beiðni um að framlengt verði, fyrst um sinn, leyfi félagsins til kvikmyndasýninga í skálabyggingunni við Barónsstíg. Bæjarráð samþ. að verða við erindinu með 4 samhlj. atkv.

11. Erindi Ásmundar Ólasonar, Dráp. 23, um næturrafmagn til hitunar á bílskúr, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

12. Erindum Agnars Gunnlaugssonar og Sigurðar Guðmundssonar um torgsöluleyfi, vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar.

13. Lagðar fram ályktanir sameiginlegs fundar kennarafélaga gagnfræðaskólanna 25. febr. 1948, um skóla gagnfræðastigsins og húsnæðisþörf þeirra.

14. Lagt fram bréf frá Fæðiskaupendafél. Reykjavíkur, dags. 10. þ.m., varðandi ráðstöfun á íbúðarskála í Kamp Knox. Vísað til yfirframfærslufulltrúa til umsagnar.

15. Lagt fram bréf frá Fiskiðjuveri ríkisins, dags. 16. þ.m., varðandi húsnæði fisksölumiðstöðvar.

16. Lögð fram tilkynning Bifreiðastjórafél. Hreyfils, dags. 15. þ.m., með tilkynningu um uppsögn á samningi við Strætisvagnana, frá og með 1. apríl næstk.

17. Lögð fram ársskýrsla Lestrarfél. kvenna árið 1948.

18. Lögð fram tillaga Jóns A. Péturssonar o.fl., um ráðstafanir til lóðaúthlutunar, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 17. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagður fram efnahagsreikn. Sjúkrasjóðs Hins ísl. kvenfélags, 31. des. 1948.

20. Lagðar fram 3 samþykktir, sem voru gerðar á fundi opinberra starfsmanna 10. þ.m.

21. Lögreglustjóri tilkynnir, að Valdimar Guðmundsson, lögrþj., muni láta af störfum 1. maí n.k., eftir eigin ósk.

22. Erindi Maríusar Ólafssonar, bókara, um launabætur, vísað til samvinnunefndar um launamál, til umsagnar.

23. Lögð fram greinargerð Björns Björnssonar, hagfræðings, dags. 27. jan. þ.á., um hversu nú er háttað aukatryggingu starfsmanna bæjarins hjá slysatryggingardeild Tryggingarstofnunarinnar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Hallgr. Benediktsson.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 1. apríl, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tilkynning frá Starfsmannafélaginu, dags. 16. f.m., um ályktun, sem gerð var á aðalfundi félagsins 8. f.m., varðandi launakjör bæjarstarfsmanna.
Guðm. Ásbjörnssyni, Jóni A. Péturssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni falið að ræða við fulltrúa félagsins um erindið.

2. Lögð fram tilkynning frá Starfsmannafélaginu, um að Nikulás Friðriksson umsjónarm. hafi verið tilnefndur í samvinnunefnd um launamál, en Hjálmar Blöndal skrifstofustj. til vara.

3. Lögð fram greinargerð hitaveitustjóra, dags. 22. þ.m., um tilboð sem borist hafa um sölu á vélum í vararafstöð fyrir dælustöð Hitaveitunnar að Reykjum.
Eftir tillögu hitaveitustjóra var samþ. að heimila honum að taka tilboði frá The Cooper Bessemer Corp., Mt. Vernoa, Ohio, U.S.A.
Samþ. með 4:1 atkv. tillaga rafmagnsstjóra um að heimila kaup á 2 vélarsamstæðum til varastöðvarinnar. Hitaveitustjóra falið málið til nánari meðferðar.

4. Hitaveitustjóra heimilað að ráða Einar Árnason verkfræðing til starfa hjá Hitaveitunni, með launum skv. VI. fl.

5. Erindi frá sóknarnefnd Laugarnessóknar, dags. 23. f.m., um hitun Laugarnesskirkju með laugarvatni, vísað til hitaveitustjóra til nánari athugunar.

6. Erindi frá rafmagnsstjóra varðandi holræsi við Elliðaárnar vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

7. Erindi Ingibjargar Cl. Þorláksson varðandi hitun á bílskúr, sem stendur á baklóð Bankastrætis 11, vísað til umsagnar hitaveitustjóra.

8. Erindi raforkumálastjóra varðandi lóð undir starfssemi raforkumálaskrifstofunnar vísað til skipulagsmanna til athugunar.

9. Lagt fram erindi frá Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi varðandi stækkun á smurningslyftuhúsi félagsins á lóðinni milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu. Óskað nánari upplýsinga.

10. Lagt fram frumvarp til laga um stóríbúðaskatt, er allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis sendi bæjarráði til umsagnar. Vísað til borgarstjóra til athugunar.

11. Lagður fram endurskoðaður reikningur styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík fyrir árið 1948, ásamt skýrslu um starfssemi sjóðsins það ár.

12. Lögð fram tilkynning frá Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, dags. 23. mars 1949, um vinnustöðvun þeirra meðlima félagsins, er vinna hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, frá 1. apríl 1949 að telja.

13. Borgarstjóri skýrði frá samningstilraunum sínum við fulltrúa strætisvagnstjóra. Bæjarráð felur borgarstjóra að halda áfram þeim tilraunum á svipuðum grundvelli.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lögð fram tilkynning frá Vörubílstjórafélaginu "Þrótti", dags. 22. mars 1949, um uppsögn á kaup- og kjarasamningi félagsins við Vinnuveitendafélag Íslands og vinnustöðvun frá því kl. 24 hinn 31. mars að telja, hafi samningar ekki náðst fyrir þann tíma.

15. Samþ. að Pétur Breiðfj. Guðmundsson megi kaupa íbúð í húsinu Sörlaskjóli 17.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 5. apríl, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Verkamannafél. Dagsbrún, dags. 29. f.m., með tilkynningu um að félagsmenn Dagsbrúnar vinni ekki við afgreiðslu eða stjórn flutningatækja, sem kynnu að taka upp störf, sem vörubílaeigendur í Þrótti hafi unnið áður, þar til samningar hafa tekist við Þrótt, eða annað ákveðið.

2. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags 1. þ.m., varðandi áætlanir um útilýsingu á nokkrum stöðum í bænum og kastlýsingu á nokkrum byggingum. Óskað eftir kostnaðaráætlun.

3. Bæjarverkfræðingi heimilað að gefa Guðlaugi Stefánssyni, verkstjóra, kost á því, að fara í ca. 2ja mán. kynnisför til útlanda.

4. Lagt fram bréf frá hitaveitustjóra, dags. 4. þ.m., varðandi tilboð í diesel-vararafstöð hjá Reykjum.

5. Lagt fram bréf frá skipulagsmönnum, dags. 30. f.m., varðandi vatnslögn að fyrirhugaðri olíustöð við Köllunarklett. Óskað eftir nánari skipulagstillögum.

6. Lagt fram bréf frá skipulagsmönnum, dags. 31. f.m., varðandi skipulag upp af Gelgjutanga, vegna erindis S.Í.F. um vatnslögn að fiskverkunarhúsi. Óskað eftir kostnaðaráætlun.

7. Erindum um bætur vegna flóðs, er varð í kjallara hússins Samtún 36 hinn 18. febr. þ.á., vegna holræsisstíflu, vísað til borgarritara til umsagnar.

8. Erindi K.R., dags. 18. f.m., um viðbótarland við fyrirhugað íþróttasvæði félagsins við Kaplaskjólsveg, vísað til skipulagsnefndar til umsagnar.

9. Synjað erindi frá Jóhanni Sæmundssyni um leigu á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXIX.

10. Synjað erindi frá Guðm. Jóhannssyni um kaup á íbúð í húsinu Langholtsvegi 87.

11. Erindi frá Ingibjörgu Benediktsdóttur um kaup á íbúð í Drápuhlíð 38 fekk ekki stuðning meirihluta bæjarráðs.

12. Samþ. að Karl Adolfsson, Laugat. 56, megi kaupa íbúð í því húsi.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Đ.

Ár 1949, þriðjudaginn 19. apríl, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að skipa Ingólf Ágústsson sem deildarverkfræðing hjá Rafmagnsveitunni.

2. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra, dags. 6. þ.m., um brotin og brunnin götuljósker árið 1948.

3. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að endurgreiða helming heimtaugarkostnaðar að býlinu Ytri-Hlíð (hjá Lágafelli), þegar næsti notandi á þessum stað hefir greitt sitt heimtaugargjald.

4. Erindi Tónlistarfélagsins, dags. 5. þ.m., varðandi heimtaugargjald að svonefndu Tripoli-leikhúsi, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

5. Synjað erindi frá Jóni Samúelssyni, dags. 30. f.m., um rafmagnshitun í húsnæði að Kolbeinsstöðum, Seltjarnarnesi.

6. Erindi um næturhitun í bílskúr hjá Bankastræti 11 vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

7. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að láta gera holræsi fyrir Rafmagnsveituna við Elliðaárnar, í samráði við borgarlækni.

8. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 9. þ.m.

9. Samþ. að heimila ræktunarráðunaut að leigja Jóni Arnfinnssyni, Bald. 4, nú í sumar garðland við Suðurlandsbraut, eftir útvísun ráðunautarins.

10. Samþ. að reikna 5% ársvexti árið 1948 af skuldum Rafmagnsveitu, Vatnsveitu og Bæjarútgerðar við Framkvæmdasjóð bæjarins.

11. Borgarlæknir sýndi kvikmynd, sem Dano, verkfræðingafirma og vélaverksmiðja í Kaupmannahöfn, hefir látið gera, til að sýna sorpvinnslu með aðferðum firmans. Nefndin, sem vinnur að því að gera tillögur um sorpvinnslu í Reykjavík, hefir m.a. til athugunar tilboð frá þessu firma um sölu á sorpvinnsluvélum.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

til umsagnar.

12. Lögð fram skýrsla borgarlæknis um hreinsun í braggahverfum árið 1948.

13. Lögð fram umsögn yfirframfærslufulltrúa, dags. 5. þ.m., um sölutilboð Fæðiskaupendafélagsins á skála í Camp Knox. Bæjarráð hafnar tilboðinu.

14. Bæjarráð samþ. að áfrýja af sinni hálfu, til sérstaks yfirmats, matsgerð á endurkaupsverði erfðafestulandsins Sandvíkurbletti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 22. apríl, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla Rögnvaldar Þorkelssonar, deildarverkfr., um rannsóknir á grjóti til gatnagerðar, dags. 18. mars s.l. Ennfremur lagður fram útdráttur úr bréfi frá O. Andersen verkfr., Odense, dags. 22. mars þ.á.
Bæjarráð samþykkir að rannsóknunum verði haldið áfram og gerðir verði götukaflar í tilraunaskyni.

2. Lagt fram bréf frá Rögnvaldi Þorkelssyni, deildarverkfr., dags. 13. þ.m., um áhrif verkfalls vörubílstjóra á starfsemi sandnáms, pípugerðar og grjótnáms.

3. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings um umsóknir, er borist hafa um bensínsölustöðvar.

4. Lögð fram umsókn h.f. Olíuverzlunar Íslands, dags. 11. þ.m., um leyfi til að leggja olíuleiðslur frá Klöpp að olíustöðinni við Laugarnes.
Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

5. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að smurstöðvarhús á lóðinni Hafn. 23 verði stækkað lítið eitt, með skilyrði um að viðbótin verði fjarlægð, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

6. Lögð fram skýrsla borgarlæknis, dags. í dag, um hreinsun á lóðum í bænum árið 1948.
Samþ. að halda áfram hreinsunarstarfinu nú á þessu ári.

7. Bæjarráð telur rétt að borgarlæknir sæki mót norrænna embættislækna, sem halda á í Danmörku í septbr. næstk.

8. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í mars s.l.

9. Lagt fram bréf frá Stockhólmsborg, dags. 31. f.m., með boði til bæjarstjórnar Reykjavíkur, að senda 5 bæjarfulltrúa sem gesti bæjarstjórnar Stockhólms í vikutíma, til að kynnast stofnunum og starfsháttum þar.
Samþ. að taka boðinu með þökkum og borgarstjóra falið að svara því.

10. Lögð fram tillaga Jóns A. Péturssonar, um viðgerð á Sundhöllinni, er var vísað til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 7. þ.m. Borgarstjóri skýrði frá þeim undirbúningi, sem fram hefði farið undanfarin tvö ár undir viðgerð og viðbyggingu Sundhallar, en til framkvæmda hefðu ekki fengist nauðsynleg gjaldeyris- og fjárfestingarleyfi.

11. Erindi frá h.f. Stjörnubíó, dags. 6. þ.m., um að gera steypukassa á suðurgafl hússins Lvg. 94 vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

12. Lögð fram skýrsla borgarlæknis um hreinsun í braggahverfum árið 1948.

13. Lögð fram umsögn yfirframfærslufulltrúa, dags. 5. þ.m., um sölutilboð Fæðiskaupendafélagsins á skála í Camp Knox. Bæjarráð hafnar tilboðinu.

14. Bæjarráð samþ. að áfrýja af sinni hálfu, til sérstaks yfirmats, matsgerð á endurkaupsverði erfðafestulandsins Sandvíkurbletti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lögð fram tilkynning, dags. 11. þ.m., frá Félagi Bifvélavirkja, um uppsögn á kaup- og kjarasamningum við atvinnurekendur frá 1. maí næstk.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 26. apríl, kl. 4 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá íbúum hússins Hringbraut 43, varðandi lögun lóðarinnar sunnan við Melahúsin.

2. Synjað erindi frá Kjartani Guðmundssyni um leigu á Árbæjarbletti 57.

3. Synjað erindi Magnúsar Jónssonar um leigu á Árbæjarbl. 60.

4. Synjað beiðni um byggingarleyfi á erfðafestulandinu Fossvogsbletti XL.

5. Synjað erindi Geirs Jóns Helgasonar o.fl. um lóð við Múlahverfi, til að flytja á skúr frá Laugarnesshverfi.

6. Erindi Jóns Jónssonar, Skúl. 78, um bráðabirgðalóð undir hænsnahús, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

7. Lagt fram bréf frá Byggingarfél. verkamanna, dags. 10. f.m., þar sem félagið endurnýjar umsókn um íbúðarhúsalóðir í Rauðarárholti.

8. Umsókn Ól. Ófeigssonar, Aðal. 4, um iðnaðarlóð v/Brautarholt vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

9. Samþ. með 3:1 atkv. að leyfa Jóhannesi Halldórssyni kaup á íbúð í húsinu Eskihlíð 16.

10. Samþ. að Bergur Magnússon, Dráp. 25, megi kaupa hluta af húsinu Drápuhlíð 25, af sameiganda sínum, db. Sig. Guttormssonar.

11. Samþ. að Magnús Björnsson, Selj. 5, megi kaupa íbúð í húsinu Langholtsvegi 186.

12. Samþ. að Ingibjörg Benediktsdóttir megi kaupa íbúð í húsinu nr. 38 við Drápuhlíð.

13. Samþ. að Sturla Kristófersson megi kaupa íbúð í húsinu Mávahl. 2.

14. Samþ. með 3:1 atkv. að Ágúst Halldórsson megi kaupa íbúð í húsinu Mávahlíð 5.

15. Samþ. að Jóhannes Jónsson megi kaupa íbúð í húsinu Mávahlíð 21.

16. Samþ. með 3:1 atkv. að Guðmundur Pálsson megi kaupa íbúð í húsinu Skipasund 49.

17. Rætt um nýlagningu Lækjargötu. Falið bæjarverkfræðingi til nánari athugunar í samráði við skipulagsnefnd.

18. Erindi húsaleigunefndar, dags. 4. þ.m., varðandi rafmagnsheimtaug að húsi við Grensásveg vísað til umsagnar bæjarverkfræðings og rafmagnsstjóra.

19. Samþ. að veita Búnaðarsambandi Kjalarnessþings kr. 3000.- styrk á þessu ári.

20. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að veita Þorsteini Guðmundssyni, Hraunteig 11, löggildingu til að starfa við lágspennuveitur í Reykjavík.

21. Samþ. að heimila bæjarverkfræðingi að ráða Ágúst Pálsson, arkitekt, til starfa við skipulagsdeild bæjarins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. Lagt fram bréf skipulagsnefndar og skipulagsmanna, dags. 4. þ.m., varðandi fyrirhugaða byggingu á lóð Hallveigarstaða við Garðastræti. Ennfremur lagt fram bréf byggingarnefndar Hallveigarstaða, dags. 23. þ.m.

23. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 22. þ.m., varðandi hitun bálstofunnar. Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

24. Samþ. að gefa h.f. Byggingarfélaginu Stoð kost á lóðinni Skipasund 39, enda verði byggingarframkvæmdum á lóðinni haldið áfram tafarlaust.

25. Kröfu um bætur vegna skemmda í kjallara hússins Samtún 36 af völdum holræsisstíflu 18. febr. síðastl., vísað til borgarritara til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1949, föstudaginn 29. apríl, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tilboð í byggingu skólahúss í Langholtinu.

2. Bæjarverkfræðingi falið að láta lagfæra lóðina sunnan við Melahúsin, Hringbr. 35 - 49.

3. Samþ. að gefa Ól. Ófeigssyni kost á iðnaðarlóð nr. 18 við Brautarholt eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

4. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. 43 fyrir kr. 45.000.-. Samþ. að leyfa ekki söluna.

5. Samþ. að greiða Rauða Krossinum 10.000 kr. upp í rekstrshalla á sumardvölum árið 1948.

6. Lagt fram bréf frá klefa- og baðvörðum í Sundhöllinni, dags. 5. apríl, um flokkshækkun.

7. Samþ. að veita Hauki Þorsteinssyni löggildingu til starfa við lágspennuveitur í Reykjavík.

8. Lagðar fram fundargerðir samvinnunefndar um launamál 23.febr. og 25. mars síðastl. Bæjarráð samþ. tillögur nefndarinnar í 70., 71., 74. og 75. máli. Afgreiðslu 72/73. máls frestað. Erindi Brunavarðafélagsins frá 9. ág. 1948, sbr. 76. mál. Samþ. með 4:1 atkv., að slökkviliðsmönnum, sem nú starfa, verði greiddar samskonar aldurshækkanir og lögregluþjónar hafa fengið, og komi breytingin til framkvæmda frá og með janúar þ.á.

9. Bæjarráð fellst fyrir sitt leyti á framkomna tillögu, sem byggð er á fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþingi, að daggjöld í Fæðingardeild Landsspítalans verði ákveðin kr. 35.- og fæðingarstofngjald kr. 300.-
Sigf. Sigurhjartarson greiðir ekki atkv., þar sem enn er ekki vitað, hvern þátt Sjúkrasamlagið tekur í kostnaði sængurkvenna í fæðingardeildinni.

10. Lagt fram bréf frá Verkakvennafél. Framsókn, dags. 29. f.m., með tilkynningu um breytingu á samningi við Vinnuveitendasambandið. Falið borgarstjóra til meðferðar.

11. Umsókn h.f. Sólheima um lóð við Suðurlandsbraut vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

12. Synjað beiðni frá Þórunni Vigfúsdóttur um lóð til að setja á smáskúr.

13. Samþ. að Ólafur Gestsson verði leigutaki lóðarinnar Hátún 43.

14. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Bræðrafél. Fríkirkjusafnaðarins landssvæði til ræktunar úr Grafarholtslandi, eftir nánari útvísun síðar og með skilyrðum, er sett verða um Rauðavatnslönd.

15. Synjað erindi frá Magnúsi Guðnasyni um lóð til að flytja á skúr sunnan úr Fossvogi.

16. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 26. þ.m.
Synjað erindi frá Einari Einarssyni um ábyrgð til skipakaupa.
Bæjarráð er samþ. umsögn og till. nefndarinnar í 5. lið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagt fram bréf frá hagfræðingi bæjarins, dags. 6. þ.m., varðandi slysatryggingu slökkviliðs og lögregluliðs. Bæjarráð samþ. tillögu hagfræðingsins um að aukatrygging lögreglumanna verði hin sama og slökkviliðsmanna.

18. Erindi frá bifreiðastjórafél. Hreyfli, dags. 6. þ.m., varðandi starfskjör aðstoðarmanna hjá eftirlitsmönnum Strætisvagnanna, vísað til umsagnar forstjórans.

19. Samþ. að tilnefna Guðm. Vigni Jósefsson ftr. til viðræðna um skipulag fólksflutninga í bænum við stjórn bifreiðastjórafél. Hreyfils.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, mánudaginn 9. maí, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Umsókn Bandalags æskulýðsfélaga í Rvík, um að mega halda samkomu á Arnarhóli, hinn 29. þ.m., vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

2. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Jóhann Eyvindsson megi hafa makaskipti á erfðaleigulandinu Fossvogsbl. XLIII og jörðinni Káranesi í Kjós, þannig að eigandi jarðarinnar, Lárus Pétursson, verði erfðafestuhafi. Bæjarráð bendir á, að á landinu eru skúrar án leyfis.

3. Lagt fram bréf frá Ólafi Einarssyni, Hjallav. 50, með beiðni um bráðabirgðalóð við Granaskjól. Erindinu synjað.

4. Erindi Ræktunarsamb. Kjalarnesþings, dags. 19. f.m., um rafmagnsheimtaug til ljósa í hús sambandsins hjá Lágafelli, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

5. Erindi frá íbúum við Flugvallarveg með beiðni um að þeir verði ekki sviftir rafmagnsnotum, vísað til rafmagnsstjóra til nánari athugunar.

6. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 3. þ.m., varðandi raflögn í hús á Fossvogsbl. IL.

7. Erindi frá eiganda hússins Dals við Geitháls, um rafmagnsheimtaug, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

8. Beiðni um rafmagnsnæturhitun í útihúsum hjá Efrihlíð, frestað til nánari athugunar.

9. Lagt fram bréf frá hitaveitunefnd, dags. 30. f.m., með tillögu um, að sett verði á stofn sameiginleg símavarsla, utan skrifstofutíma, fyrir Vatns- og hitaveitu og Rafmagnsveitu. Bæjarráð felur vatns- og hitaveitustjóra og rafmagnsstjóra málefnið til framkvæmda.

10. Að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar var samþ. að heimila Sig. Guðmundssyni, Víð. 59, torgsöluleyfi á horni Hringbrautar og Birkimels.

11. Lagt fram bréf Lögreglufélags Reykjavíkur, dags. 19. f.m., varðandi kjarabætur til handa lögreglumönnum bæjarins.

12. Tvö erindi frá starfsstúlkum við Rafmagnsveituna, dags. 2. þ.m., vísað til samvinnunefndar um launamál til umsagnar.

13. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 3. þ.m.

14. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Guðm. R. Brynjólfsson, lögrþj., fái ársfrí frá störfum, án launa.

15. Samþ. að Jón Friðriksson megi kaupa íbúð í húsinu Nökkvav. 34.

16. Samþ. að Hermann Friðfinnsson megi kaupa íbúð í húsinu Hjallavegi 30.

17. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 29. apríl þ.á.

18. Samþ. að Þorlákur Jónsson megi kaupa íbúð í húsinu Sigtún 25.

19. Samþ. að Sigurjón Jónsson, Hverag., megi kaupa íbúð með bræðrum sínum í húsinu Sörlaskjól 12.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. Lagt fram bréf skipulagsnefndar og skipulagsmanna, dags. 9. þ.m., varðandi vegarlagningu að fyrirhugaðri olíustöð hjá Laugarnesi. Bæjarráð samþ. vegarstæðið fyrir sitt leyti, en vísar jafnframt til samþykktar á fundi 4. mars síðastl., um vegarstæði til bráðabirgða.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón A. Pétursson.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartars

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 10. maí, kl. 4 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Samþ. að afturkalla úthlutun allra byggingarlóða til íbúðarhúsabygginga, þar sem ekki er unnið að framkvæmdum við byggingar.

Var lagður fram listi yfir lóðirnar og borgarstjóra falið að tilkynna viðkomandi mönnum, er vilyrði höfðu fengið.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

um fyrirhugaðan atvinnurekstur umsækjandans.

15. Lagðar fram tilkynningar frá fjárhagsráði um að það hafi synjað bæjarsjóði um fjárfestingarleyfi til eftirtalinna framkvæmda:

a) Byggingu þriggja sundlauga í Laugardal.
b) Byggingu barnaskóla í Hlíðahverfi.
c) Byggingu sex farþegaskýla á strætisvagnaleiðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 13. maí, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að Haukur Pétursson, mælingafræðingur, og Árni Þ. Árnason, lóðaskrárritari, sæki þing norrænna mælingarmanna í Oslo 22. - 24. júní.

2. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að h.f. Stjörnubíó megi setja steinsteypukassa á suðurgafl hússins Lvg. 94.

3. Samþ. að framselja megi leigurétt að Árbæjarbletti 72 til Sólborgar Einarsdóttur.

4. Bæjarverkfræðingi heimilað að ráða Gest Stefánsson, verkfr., til verkfræðistarfa hjá bænum.

5. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXXVIV fyrir 60.000 krónur. Hafnað.

6. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sauðagerðisbl. syðri, fyrir kr. 5000.-. Hafnað.

7. Samþ. að gefa Knattspyrnufél. Reykjavíkur kost á lóðarspildu ca. 0.4 ha. að stærð, sunnanvert við land félagsins við Kaplaskjólsveg, eftir nánari útvísun síðar.

8. Lagt fram bréf samvinnunefndar um skipulagsmál, dags. 9. þ.m., varðandi staðsetningu lyfjabúðar í Langholtshverfi.

9. Lagt fram bréf frá Jónasi B. Jónssyni fræðsluftr. og Þór Sandholt arkitekt, varðandi staðsetningu tveggja leikskóla. Bæjarráð samþ. einróma tillögu, um að skólarnir verði reistir við Drafnargötu og á svæðinu norðan Sundhallarinnar.

10. Samþ. að Benedikt Gröndal, blaðam. taki sæti í leikvallanefnd í stað frú Guðrúnar Sigurðardóttur.

11. Lagðar fram tillögur um æfingavelli fyrir íþróttafélögin í bænum frá skipulagsnefnd og skipulagsmönnum bæjarins, leikvallanefnd, Laugardalsnefnd, stjórn íþróttavallarins og framkvæmdaráði Íþróttasambands Reykjavíkur. Bæjarráð samþykkir þessar tillögur.

12. Lögð fram og samþykkt tillaga samvinnunefndar um skipulagsmál um úthlutun íþróttasvæðis handa Glímufélaginu Ármanni milli Sigtúns, Laugarnesvegar og Miðtúns.

13. Lögð fram skýrsla byggingarfulltrúa um byggingar, byggðar í bænum á árinu 1948.

14. Lögð fram umsókn Ólafs Ófeigssonar um iðnaðarlóðina nr. 16 við Brautarholt. - Bæjarráð óskar eftir nánari greinargerð um fyrirhugaðan atvinnurekstur umsækjandans.

15. Lagðar fram tilkynningar frá fjárhagsráði um að það hafi synjað bæjarsjóði um fjárfestingarleyfi til eftirtalinna framkvæmda:

    a) Byggingu þriggja sundlauga í Laugardal.
    b) Byggingu barnaskóla í Hlíðahverfi.
    c) Byggingu sex farþegaskýla á strætisvagnaleiðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 10. maí.

17. Borgarstjóra heimilað að undirrita samning um kaup og kjör við Vörubílstjórafél. Þrótt, samhljóða samningi félagsins við Vinnuveitendafélag Íslands.

18. Samþ. með 3:1 atkv. að verða við beiðni Byggingarfél. Sólbyrgi um að gera lóðarsamninga við eftirtalda einstaklinga:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gunnlaugur Pálsson, Snorrabr. 42, | fái | Snekkjuvog | 11. |
| Gunnar Friðriksson, Hólatorgi 6, | - | - | 13. |
| Ólöf Jónsdóttir, Hjallavegi 23, | - | - | 15. |
| Gunnar Skaptason, Ránargötu 15, | - | - | 17. |

19. Samþ. að tilnefna í 17. júní nefnd af hálfu bæjarráðs: Hjálmar Blöndal, form., Vilhelm Ingimundarson, Böðvar Pétursson og Ásgeir Pétursson stud.jur.

20. Samþ. að heimila borgarstjóra að ráða tvær gæslukonur að barnaleikvöllum.

21. Lögð fram tillaga Björns Bjarnasonar frá bæjarstjórnarfundi 5. maí, um samninga við Félag bifvélavirkja.

22. Samþ. að heimila borgarstjóra að ráða teiknara í skrifstofu skipulagsdeildar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

| | |
|---|---|
| Guðm. Ásbjörnsson. | Jón Axel Pétursson. |
| Sigfús Sigurhjartarson. | Jóhann Hafstein. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, mánudaginn 16. maí, kl. 9 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsögn skipulagsmanna, dags. 9. þ.m., um erindi Sölufélags garðyrkjumanna varðandi lóð fyrir starfsemi félagsins.

2. Synjað erindi frá Helga Þórðarsyni, Mýrarkoti, Grímsnesi, um ca. 10 dagsl. land til garðræktar.

3. Erindi Jóns Halldórssonar o.fl. varðandi lóðarréttindi með Minni-Bakka í Eiðislandi, frestað til athugunar.

4. Samþ. að Einar Eysteinsson megi kaupa íbúð í húsinu Karfavogi 13.

5. Erindi Jónasar Jóhannessonar um kaup á íbúð í Skipasundi 21 fær ekki stuðning.

6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Miklubraut 56 við Valdimar Þorsteinsson, Hauk Helgason, Sigurð Þórarinsson, Önnu Þorvaldsdóttur og Sigurbjörgu Hjálmarsdóttur. J.A.P. greiðir mótatkvæði.

7. Samþ. að gera leigusamninga um lóðir Byggingarsamvinnufél. Reykjavíkur við Skipasund og Langholtsveg við félagsmenn er getur í skrá félagsins með bréfi 5. f.m.

8. Lögð fram umsögn vatnsveitustjóra um kostnað við vatnslögn að Gelgjutanga.

9. Borgarstjóri skýrði frá því, að ný fjárfestingarleyfi hafi borist til byggingar:

   Barnaskóla í Langholtshverfi.
   Heilsuverndarstöðvar.
   Tveggja leikskóla.

   Endurnýjuð fjárfestingarleyfi:

   til framkv. við Melaskólann,
   til viðbyggingar við Húsmæðraskólann,
   til að ljúka Lönguhlíð 19 - 25,
   til endurbóta á Hlíðarenda,
   til að ljúka vogarskýli,
   til byggingar vélsmiðjuhúss.

10. Borgarstjóri skýrði frá því, að fjárhagsráð hafi ekki enn svarað umsóknum um fjárfestingarleyfi: Fyrir 200 íbúðum, slökkvistöð, girðingum hjá Lönguhlíðarhúsum og listasafni Ásm. Sveinssonar.

11. Rætt um skipulag íþróttasvæðisins í Laugardalnum.

12. Samþ. að taka úr erfðafestu hluta af erfðafestulandinu Laugamýrarbletti V.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. — Jóhann Hafstein.
Sigfús Sigurhjartarson. — Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, miðvikudaginn 18. maí, kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Rafmagnsveitunni, dags. 13. þ.m., varðandi ráðstöfun á íbúð í húsinu Nökkvavogi 11. Frestað til athugunar.

2. Synjað erindi frá Páli M. Jónssyni, Hafnf., um rafmagnsheimtaug að setuliðsskála í Fífuhvammslandi.

3. Beiðni Sveinbjarnar Jónssonar um rafmagnsheimtaug að steinullarverksmiðju hjá Hólmi, vísað til afgr. rafmagnsstjóra.

4. Lagt fram erindi frá Húsmæðrafél. Reykjavíkur, dags. 16. þ.m., með beiðni um 50 þús.kr. framlag úr bæjarsjóði, til að halda uppi húsmæðranámsskeiðum, matreiðslu- og saumanámsskeiðum.

5. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að tekið verði á leigu kennsluhúsnæði í húsinu Hringbraut 121, eftir tillögu fræðslufulltrúa og fræðsluráðs. Húsnæðið verði notað til gagnfræðakennslu.

6. Lagt fram bréf frá leikvallanefnd bæjarráðsins, dags. 17. þ.m., með tillögum um framkvæmdir nú í sumar. Bæjarráð samþykkir tillögurnar fyrir sitt leyti. Að gefnu tilefni vísar J.A.P. til tillagna leikvallanefndarinnar frá vorinu 1948 og tillagna, sem bæjarstjórnin hefir vísað til nefndarinnar.

7. Borgarstjóra heimilað að semja við tannlækna barnaskólanna um að þeir verði fastir starfsmenn, eftir vissan starfstíma.

8. Samþ. að stofna til unglingavinnu nú í sumar, með svipuðum hætti og síðastl. sumar. Bæjarverkfræðingi og fræðslufulltrúa falið að gera tillögur um verkefni.

9. Lagt fram bréf frá Vörubílstjórafél. Þrótti, dags. 16. þ.m., varðandi atvinnuhorfur hjá vörubílstjórum, með tilmælum um að fleiri bílstjórar verði teknir í bæjarvinnu og vinnumiðlun tekin upp að nokkru leyti. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

10. Lögð fram tilkynning frá borgarlækni, dags. 14. þ.m., um ráðningu 8 fastra verkamanna við sorphreinsunina.

11. Lagt fram bréf frá Tryggingarstofnun ríkisins, dags. 13. þ.m., með tilkynningu um ályktun tryggingarráðs þann dag, þess efnis, að gefa fyrirheit um allt að 12 millj. kr. lán á næstu 6 árum, til þess að koma upp heilbrigðisstofnunum í Reykjavík.

12. Lögð fram lóðarumsókn frá Júlíusi Sigurjónssyni, Hólav. 9.

13. Samþ. að Þórunn Jónsdóttir megi kaupa íbúð í húsinu Miklubr. 62.

14. Lagt fram bréf veitingaleyfisnefndar, dags. 14. þ.m., með tilkynningu um afgreiðslu nefndarinnar á 2 beiðnum um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Nefndin mælir með umsókn Bjarna Sigurjónssonar, Bank. 6, en móti umsókn frá Ísleifi Pálssyni, Hvg. 104 A.

15. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 17. þ.m.

16. Borgarstjóra heimilað að taka Hjallalandsblett allan úr erfðafestu og gefa jafnframt fyrirheit um leigulóð með húsinu Hjallalandi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Borgarstjóri skýrði bæjarráði frá þeim undirbúningi, er hann hefði látið fram fara undanfarna mánuði, undir byggingu 200 íbúða.
Samkv. tillögu þeirrar nefndar, sem unnið hefir að málinu, hefði hann falið Sigmundi Halldórssyni húsameistara að fullgera teikningar. Kvaðst borgarstjóri mundu flytja tillögu um þetta mál á fundi bæjarstjórnar á morgun.

18. Svohlj. tillaga gerð til bæjarstjórnar:
Bæjarstjórnin ályktar að lýsa því yfir, að hún mun greiða föstum starfsmönnum bæjarins og bæjarstofnana uppbót á laun þeirra árið 1949 eftir reglum tilsvarandi þeim, er settar kunna að verða um greiðslu uppbótar á laun starfsmanna ríkisins, skv. þingsályktunartillögu, er samþykkt var á Alþingi 18. þ.m.

19. Samþ. að gera tillögu um, að næsti fundur bæjarstjórnar verði haldinn 30. júní næstk., en bæjarráði veitt heimild til að afgreiða fundargerðir byggingarnefndar á milli funda.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 20. maí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf samvinnunefndar um skipulagsmál, dags. 20. þ.m., varðandi staðsetningu leikvangs í Laugardalnum.
Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti staðsetningu leikvangsins samkv. framlögðum uppdrætti, árituðum af borgarstjóra.
Bæjarráð felur bæjarverkfræðingi:

   a. Að hefja nú þegar skurðgröftinn við aðalframræsluskurðinn úr Laugardalnum og hraða verkinu þannig að pípulagningu verði lokið sem fyrst.

   b. Að vinna að annari framræslu á íþróttasvæðinu, eftir því sem við verður komið.

   c. Að hefja jarðvinnslu við jöfnun íþróttasvæðisins, jafnskjótt og lokið er teikningum skv. mælingum, sem nú hafa verið gerðar.

   d. Að láta að öðru leyti vinna að undirbúningi mannvirkjagerða á Laugardalssvæðinu, svo sem sundlauganna, svo sem verða má, eftir því sem fjárreiður og aðrar ástæður leyfa.

   Til þess að framkvæmdum verði sem mest hraðað, heimilar bæjarráð bæjarverkfræðingi að fela sérstökum verktökum ákveðna hluta framkvæmdanna, ef þurfa þykir, og í samráði við Laugardalsnefnd. Bæjarráð heimilar Laugardalsnefnd að ráða sér framkvæmdastjóra.

2. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 18. þ.m., með tillögu um að taka tilboði frá h.f. Hamar um að setja upp tæki í varastöðinni við Elliðaárnar, til eyðingar á súrefni úr vatni til hitaveitunnar. Bæjarráð samþ. tillöguna.

3. Bæjarráð heimilar rafmagnsstjóra að taka tilboði frá Stefáni Einarssyni um byggingu aðveitustöðvar í Vesturbænum.

4. Lögð fram tilkynning fjárhagsráðs, um að synjað hafi verið beiðni um fjárfestingarleyfi fyrir byggingu slökkvistöðvar.

5. Samþ. með 3:2 atkv. að leggja til að veita Húsmæðrafélagi Reykjavíkur allt að 50 þús.kr. styrk til að halda matreiðslu- og saumanámskeið hér í bænum.

6. Erindi Helgu Guðlaugsdóttur um lóð með Vogatungu vísað til bæjarverkfr. til umsagnar.

7. Boðinn forkaupsréttur að íbúðarhúsinu Hraunborg á Þvottalaugabletti XXXV fyrir alls kr. 160.000.-. Hafnað.

8. Synjað erindi frá Sveini Jónssyni, Ásheimum, um erfðafestuland hjá Selási.

9. Synjað beiðni Guðm. Sigurjónssonar um leigulandið Árbæjarbl. 57.

10. Lagt fram bréf frá Ólafi Ófeigssyni, dags. 19. þ.m., með beiðni um að fá fyrirheit um lóðina Brautarholt 16, til viðbótar lóðinni nr. 18, sem honum hefir verið gefinn kostur á. Bæjarráð samþ. að heimila borgarstjóra að gefa umsækjanda fyrirheit um viðbótarlóð, gegn fullnægjandi greinargerð fyrir þörfum. Fyrirheitið má ekki gefa til lengri tíma en 2ja ára.

11. Samþ. að Sigurður Kristjánsson, Rauð. 34, megi verða leigutaki að Lækjargötu 2 í Smálöndum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Synjað erindi frá Helga Þórðarsyni o.fl. um lóð til fisksölu sunnan við Sigtún.

13. Samþ. að Signar Valdimarsson megi kaupa íbúð í Drápuhl. 46.

14. Samþ. að gera leigusamninga um lóðir Byggingarsamvinnufél. Rvíkur við Barmahlíð við félagsmenn skv. skrá með bréfi félagsins 30/12 '48.

15. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að aðstoðarlæknir berklayfirlæknis verði yfirlæknir berklavarnastöðvarinnar í Rvík, og fái kr. 11100,00 í grunnlaun á ári.

16. Rætt um Hallveigarstaði.

17. Lögð fram tillaga um skipun nefndar til að rannsaka framkvæmdir við gatnagerð bæjarins, er var samþ. á fundi bæjarstjórnar 19. þ.m.

18. Erindi Péturs Guðmundssonar um lóð undir vinnuskúr vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

19. Rætt um framkvæmdir við gatnagerð nú í sumar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, mánudaginn 23. maí, kl. 9 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Rætt um framlag bæjarins til sumardvala barna nú í sumar.

2. Samþ. að heimila borgarstjóra að semja við h.f. Byggingarfél. Brú um byggingu Langholtsskólans.

3. Borgarstjóra heimilað að veita Rögnvaldi Þorkelssyni verkfr., lán til húsakaupa.

4. Samþ. að bæjarverkfræðingur sæki þing norrænna vegaverkfræðinga, sem haldið verður í Helsingfors seinnihl. júní næstk.

5. Samþ. að semja við Kópavogshrepp um að endurgjald fyrir vatn frá Vatnsveitu Reykjavíkur skuli ákveða með mati.

6. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 18. þ.m., varðandi raflýsingu á nokkrum bröggum á Reykjavíkurflugvelli.

7. Samþ. að tilnefna í nefnd til að rannsaka framkvæmdir við gatnagerð verkfræðingana Gústav E. Pálsson, Ásgeir Þorsteinsson og Harald Ásgeirsson.

8. Synjað erindi frá Árna Jónssyni um leyfi til að byggja íbúðarhús á Selásbletti II A.

9. Boðinn forkaupsréttur að hluta erfðafestueignarinnar Þvottalaugabletti XXI. Bæjarráð vill ekki leyfa söluna, né skiptingu á eigninni.

10. Lagt fram bréf frá Ingvari Ingvarssyni, Karf. 39, varðandi kaup á eigninni Rauðarárstíg 17. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

11. Samþ. eftirfarandi framkvæmdir nú á þessu ári: -

    Miklabraut, framlenging að Suðurlandsbraut.
    Vegur að Vesturbæjarspennistöð.
    Ónefnd bogagata við Hjarðarhaga.
    Ægisíða, útrás holræsis.
    - malarvegur, Hofsvallag. - útrás.
    Hjarðarhagi, vesturendi, malarv.
    Laugalækur.
    Lækjargata.
    Lindargata (Klapp. - Frakk.).
    Baldursgata (Bergst.- Freyjug.).
    Nönnugata.
    Sölvhólsgata.
    Seljavegur (Vesturg. - Mýrargata).
    Bókhlöðustígur.
    Blómvallagata.
    Brávallagata.
    Kárastígur.
    Vegarstæði v/Olíuverzl. Íslands.
    Vatnsstígur (Lindarg. - Hverfisg.).
    Hallveigarstígur.
    Sólvallagata.
    Brekkustígur.

12. Samþ. að leita tilboða í viðgerðir og breytingar á húseign bæjarins við Vegamótastíg, skv. uppdráttum húsameistara bæjarins, dags. í mars þ.á.

13. Samþ. að setja Ólaf Sveinbjörnsson til þess að gegna borgarritaraembættinu í fjarveru borgarritara.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen. Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

---

Ár 1949, föstudaginn 10. júní, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Jóni Þorleifssyni, málara í Blátúni, leyft að byggja áhaldahús úr hlöðnum steini á erfðafestulandi hans. Samþykkt með því skilyrði, að húsið verði fjarlægt, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

2. Synjað, að svo stöddu, að verða við beiðni Félags garðyrkjumanna um land vestan við Grafarvog til ræktunar á trjágróðri, plöntum, og ennfremur sem hvíldar- og dvalarstað garðyrkjumanna í framtíðinni.

3. Synjað, að svo stöddu, umsókn frá Hans A.H. Jónssyni, dags. 13. maí, um erfðafestulóð til ræktunar og íbúðarhúsbyggingar innan við Elliðaár.

4. Synjað, að svo stöddu, umsókn frá Þorláki Þórðarsyni, Öldug. 47, dags. 13. maí, um erfðafestulóð til ræktunar og íbúðarhúsbyggingar innan við Elliðaár.

5. Samþykkt að verða við tilmælum Jóns Þórðarsonar, Þingholtsstræti 1, um úthlutun lands til trjáræktar eftir nánari útvísun síðar.

6. Lagt fram erindi Marteins Björnssonar, verkfræðings, Mararg. 7, um úthlutun erfðafestulands í bæjarlandinu til skógræktartilrauna.

7. Lagt fram erindi Smjörlíkisgerðarinnar Ljóma h.f. um stækkun á leigulóð fyrirtækisins í Þverholti 21. Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu að svo stöddu.

8. Lögð fram beiðni frá stjórn Frímúrarareglunnar, dags. 1. júní s.l., um að framlengja byggingarfrest á lóð reglunnar við Melatorg um eitt ár.

9. Bæjarráð samþykkir tilmæli Gunnars Þorsteinssonar, hrl., um að gera leigulóðarsamning um lóðina Sigtún 23 við þá Guðmund Guðmundsson rafvirkja, Laugaveg 26, og Gunnar Benjamínsson lækni, Víðimel 49.

10. Synjað erindi frá Elíasi Steinssyni, Kárastíg 14, dags. 14. maí s.l., um að bæjarráð samþykki hann sem kaupanda að húseigninni Teigavegi 4 í Smálöndum.

11. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að gefa Baldvin Sveinbjörnssyni lyfjafræðingi kost á 8 - 900 ferm. lóð fyrir lyfjaverzlun við Langholtsveg og Holtaveg eftir nánari útvísun síðar.

12. Lagt fram erindi frá Magnúsi Blöndal, oddvita Kjósarhrepps, dags. 22. maí s.l., þar sem hann fer fram á fjárframlag úr bæjarsjóði til framkvæmda við svonefndan Þorláksstaðaveg í Kjós.

13. Lögð fram synjun fjárhagsráðs, dags. 31. maí s.l., um fjárfestingarleyfi fyrir girðingu umhverfis listasafn Ásmundar Sveinssonar v/Sigtún, Reykjavík.

14. Lögð fram synjun fjárhagsráðs, dags. 2. júní s.l., um fjárfestingarleyfi fyrir girðingu umhverfis Lönguhlíðarhúsin.

15. Lögð fram tilkynning frá stjórn hlutafélagsins Hærings, dags. 30. maí s.l., um aðalfund hlutafélagsins, sem haldinn verður 14. júní n.k.
Bæjarráð felur borgarritara Tómasi Jónssyni að mæta á fundinum í umboði bæjarstjórnar og með atkvæði hennar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 3. júní s.l., um væntanleg kaup á jarðhitaréttindum í Kolviðarhólslandi.

17. Synjað erindi frá Sverre Bruvik, dags. 1. apríl s.l., um rafmagnsheimtaug að húsinu nr. 22 við Grensásveg.

18. Bæjarráð samþykkir að verða við erindi Gunnlaugs S. Jónssonar, Mánagötu 13, dags. 9. júní s.l., um að lóðasamningur hans um lóðina Úthlíð 15 hljóði framvegis ~~x~~ einnig á nafn Gísla H. Friðbjarnarsonar, Sundlaugarvegi 12.

19. Lagt fram erindi frá Fiskiðjuveri ríkisins, dags. 8. júní s.l. þar sem skorað er á borgarstjóra að beita sér fyrir því, að hraðað verði setningu reglugerðar um fisksölu í Reykjavík. Vísað til borgarlæknis til athugunar.

20. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29. maí 1949.

21. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að verða við tillögum heilbrigðisnefndar um veitingu torgsöluleyfis til handa Ásgeiri Ásgeirssyni, Nökkvavogi 30, á svæði sunnan Kirkjugarðs, norðan Hringbrautar og í námunda við Leifsstyttuna við Skólavörðutorg eftir nánari tilvísun.

22. Samþykkt að verða við tillögum heilbrigðisnefndar um veitingu torgsöluleyfis til handa Agnari Gunnlaugssyni, Samtúni 38 á lóð við Óðinstorg.

23. Lagður fram samningur milli héraðslæknis og Magnúsar Ágústssonar læknis, dags. 6. maí s.l., um aðstoðarlæknisstarf við héraðslæknisembættið. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti staðfesta ráðningarsamninginni.

24. Fundargerðir byggingarnefndar frá 27. maí og 9. júní s.l. lagðar fram og samþykktar.

25. Bæjarráð synjar Sigurði Júníussyni, Þvottalaugabletti XXI, um leyfi til að selja eignarhluta hans úr erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXI við Engjaveg.

26. Samþykkt að húsið Vogatunga fái lóðina nr. 126 við Barðavog og gefið fyrirheit um að lóðinni nr. 128 verði ekki ráðstafað fyrst um sinn.

27. Bæjarráð samþykkir fransal á erfðafestulandi Hjálmars Bjarnasonar, nr. 73 í Árbæjarlandi til Steindórs Jónssonar, Ránargötu 29 A.

28. Lagt fram bréf frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, dags. 25. maí s.l., með tillögum um nýjan samningsgrundvöll og ósk um að viðræður hefjist hið fyrsta.

29. Lögð fram tilkynning frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, dags. 8. júní s.l., þar sem félagið lýsir yfir vinnustöðvun allra Dagsbrúnarmanna hjá Reykjavíkurbæ frá og með 16. júní n.k., hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma.

30. Eftir tillögu Ólafs Sveinbjörnssonar, skrifstofustjóra, samþykkir bæjarráð að heimila borgarstjóra að afhenda Birni Þórðarsyni, Norðurmýrarbletti 33, íbúðarskála í Þóroddsstaðacamp 2, gegn því að fullt samkomulag náist um greiðslu bóta fyrir átroðning á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti 33. Jafnframt samþykkt að taka landið úr erfðafestu.

31. Lögð fram yfirvirðing þeirra Gissurar Bergsteinssonar, Jónatans Hallvarðssonar og Jóns Bergsteinssonar, dags. 8. júní s.l., á erfðafestulandinu Sandvíkurbletti.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Björn Bjarnason. Jón Axel Pétursson.
Hallgr. Benediktsson. F. V. Ólafsson.

Tómas Jónsson
borgarritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, fimmtudaginn 16. júní, kl. 2 e.h., hélt bæjarráð fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi Guðmundar Sn. Finnbogasonar, dags. 9. feb. s.l., um rafmagn til lýsingar og vatn til hreinlætis í matvöruverzlun í Bústaðahverfi, vísað til borgarlæknis og rafmagnsstjóra til umsagnar.

2. Lögð fram umsókn Sigurbjarnar Einarssonar, dósents, Freyjugötu 17, dags. 13. júní s.l., um lóð til byggingar íbúðarhúss á svæði fyrir ofan Aragötu.

3. Bæjarráð samþykkir að verða við erindi Kristjáns Ólafssonar, Sjafnargötu 6, dags. 14. júní s.l., um undanþágu frá ákvæðum erfðafestusamnings um landið Krossamýrarblett VI, þannig að leyft verði að byggja 35 fermetra hús á landinu. Skilyrði erfðafestusamningsins óbreytt að öðru leyti.

4. Lagt fram leyfi fjárhagsráðs, dags. 8. júní s.l., um viðbyggingu við sjúkrahús í Þingholtsstræti 25.

5. Lagt fram bréf veitingaleyfisnefndar, dags. 13. júní s.l., varðandi umsóknir frú Dulcie Ólafs, Vest. 16 og Antons Líndal, Laug. 126, um veitingaleyfi.

6. Erindi Wilhelm Zebitz, Ólafs Jónssonar, Sigurðar Ágústssonar, Sigurðar B. Finnbogasonar, Jónasar Sigurðssonar, Stefáns Karlssonar og Bjarna Ólafssonar, starfsmanna Rafmagnsveitunnar, varðandi launakjör, vísað til samvinnunefndar um launamál.

7. Bæjarráð samþykkir að bæjarsjóður greiði rekstrarhalla leikskólanna, sem Barnavinafélagið Sumargjöf rak í Málleysingjaskólanum og Stýrimannaskólanum sumarið 1948.

8. Hjálmar Blöndal, formaður þjóðhátíðarnefndar, lagði fram og skýrði dagskrá hátíðahaldanna 17. júní 1949.

9. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti mæla með styrkveitingu til handa Kristínu S. Hafliðadóttur, Kristjönu Hálfdánardóttur og Þórunni Fr. Þorsteinsdóttur úr Styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

10. Bæjarráð heimilar borgarstjóra fyrir bæjarins hönd að gerast aðili að samningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkstjórasambands Íslands frá 11. júní s.l. með sama hætti og áður.

11. Lagt fram bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 13. júní s.l., þar sem óskað er eftir viðræðum um möguleika á því, að ríkissjóður selji Reykjavíkurbæ Laugarneseignina.

12. Erindi Ólafs Einarssonar, dags. 10. júní s.l., um að fá leyfi til að flytja hús úr Nökkvavogi í Herskólakamp við Suðurlandsbraut, vísað til afgreiðslu bæjarverkfræðings.

13. Synjað erindi frá Sigurði G. Guðmundssyni, Bald. 10, dags. 5. maí s.l., um byggingu íbúðarhúss í svonefndum Múlakamp við Suðurlandsbraut.

14. Erindi frá Magnúsi Magnússyni o.fl., dags. 29. des. s.l., um land til að flytja á svínabú, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

15. Lagt fram bréf frá stjórn Dagsbrúnar, dags. 11. júní s.l., þar sem tilkynnt er samúðarverkfall frá 19. n.k. að telja.

Fundi slitið.

Björn Björnsson. Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Tómas Jónsson
borgarritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, mánudaginn 20. júní, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram og samþykkt samningsuppkast sáttasemjara ríkisins, dags. í dag, milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar annarsvegar og Reykjavíkurbæjar hinsvegar. Jafnframt lagt fram og samþykkt frumvarp að bréfi borgarstjóra til Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, dags. 19. þ.m., varðandi framkvæmd samningsákvæða um kaup verkamanna, er stjórna vélskóflum og öðrum þess háttar tækjum, þegar um stöðvanir vegna bilana er að ræða.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson
borgarritari.

Jóhann Hafstein.
Hallgr. Benediktsson.

Jón Axel Pétursson.
Björn Bjarnason.

[illegible]
leyfi til að setja niður og reka tilbúinn söluskála á gatnamótum Túngötu og Ægisgötu.

13. Samþykkt að veita Siguroddi Magnússyni, Nönnugötu 9, löggildingu til þess að starfa við lágspennuveitur í Reykjavík.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson.
Björn Bjarnason.

Jón Axel Pétursson.
F. V. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 24. júní, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. tillaga skipulagsn. um að hafa tvístæð hús við Melhaga, en þó einstæðar byggingar á lóðunum nr. 1 og 2.

2. Lagt fram bréf frá R.T.A. Vejmaterialer, Fjóni, dags. hér 22. þ.m., með tillögu um að félagið stofni hér til framleiðslu asfalt-emulsionar og fyrirspurn um, hvort Reykjavíkurbær vilji styðja að því með lánveitingu.
   Falið Rögnvaldi Þorkelssyni, deildarverkfr., til umsagnar.

3. Samþ. að stofna til samkeppni um hugmyndir að sumarhúsum við Rauðavatn, eftir tillögum Þ. Sandholts, arkitekts, dags. í maí s.l.

4. Bæjarverkfr. falið að láta í té umsögn um beiðni Jörgens og Hjörleifs Jónssona um leyfi til að byggja við húsið á Seljalandi A.

5. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að semja við h.f. Olíuverzl. Íslands um að félaginu heimilist að leggja olíuleiðslu frá Klöpp að nýju olíustöðinni við Viðeyjarsund, með skilyrðum er greinir í bréfi bæjarverkfræðings, dags. 20. þ.m.

6. Samþ. að gefa Ólafi Á. Jónssyni, Camp Knox C. 23, kost á leigulandinu Árbæjarbl. 57.

7. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Krossamýrarbl. VIII fyrir kr. 2000.-. Hafnað.

8. Samþ. lóðaúthlutun skv. skrá, er verður færð í gjörðabókina á eftir fundargerðinni. Byggingarfrestur til 1. oktbr. n.k.

9. Lagt fram fjárfestingarleyfi, dags. 21. júní s.l., fyrir byggingu 25 íbúðarhúsa.

10. Erindi frá Gúmmíbarðanum h.f., dags. 22. júní s.l., varðandi lóð undir atvinnurekstur fyrirtækisins vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

11. Samþykkt að verða við erindi Karls G. Pálssonar, dags. 22. júní s.l., þar sem hann fer þess á leit að fá að selja Steindóri Steindórssyni sumarhús nr. 1 við Lækjargötu í Smálöndum.

12. Synjað erindi Haraldar Tómassonar, Karfavogi 39 og Haraldar Kristinssonar, Þingholtsstræti 2 B, dags. 7. júní s.l., um leyfi til að setja niður og reka tilbúinn söluskála á gatnamótum Túngötu og Ægisgötu.

13. Samþykkt að veita Siguroddi Magnússyni, Nönnugötu 9, löggildingu til þess að starfa við lágspennuveitur í Reykjavík.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. — Jón Axel Pétursson.
Björn Bjarnason. — F. V. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949 , þriðjudaginn 28. júní, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að bæjarverkfræðingur láti lagfæra veginn heim að Silungapolli.

2. Samþ. leigumat á matstímabili næstu 5 ára. Ársleiga miðuð við fermeter:

| | | |
|---|---|---|
| Barónsstígur 2 ............. | kr. | 1.60 |
| Borgartún 3 og 5 ........... | - | 0.90 |
| - "Brú" ............. | - | 0.50 |
| Brautarholt 22 ............. | - | 0.75 |
| - 24, 26 ......... | - | 0.70 |
| Hringbraut 121 ............. | - | 0.90 |
| - Steindór Einarss. | - | 1.00 |
| - Björn Benediktss. | - | 1.00 |
| Skipholt 27, 29 ............ | - | 0.70 |
| Skúlagata 26 ............... | - | 1.50 |
| - 30 ............... | - | 1.30 |
| Stakkholt 2 - 4 ........... | - | 0.80 |
| Vitastígur 5 ............... | - | 1.10 |
| Þverholt 20 ............... | - | 0.80 |

3. Bæjarráð getur ekki orðið við beiðni Sig. Þórðarsonar um að aflétta kvöð um brottflutning á húsi hans á Laugamýrarbl. XXXVIII.

4. Lagt fram bréf frá Samvinnufél. Hreyfli, dags. 15. þ.m., með beiðni um að framlengja lóðarleigusamning félagsins (Kalkofnsvegarlóð) um 5 ára bil. Falið borgarstjóra til nánari athugunar.

5. Bæjarráð bei-nir því til bæjarverkfræðings og lögreglustjóra, að athugað verði, hvort tiltækilegt sé að banna eða takmarka umferð vörubifreiða um Laugaveg, Bankastræti, Austurstræti.

6. Samvinnufél. Hreyfill fer þess á leit, að sett verði hallandi steinaröð við gangstéttarbrún lóðarinnar Kalkofnsv. 1. Frestað til athugunar.

7. Erindi frá samvinnufél. Hreyfli, dags. 15. þ.m., um leyfi til að setja upp bílasíma á 4 stöðum í bænum, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

8. Verkstjórasamband Íslands sendir skýrslu um námskeið sambandsins fyrir verkstjóra í mars - apríl þ.á.

9. Ákveðið að fá umsögn hitaveitustjóra um erindi h.f. Kexverksmiðjunnar Esju, dags. 10. maí s.l., um rafmagn til næturhitunar.

10. Bæjarráð synjar að svo stöddu beiðnum um rafmagnsheimtaugar í sumarbústaði nálægt Laxnesi.

11. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra í bréfi 27. þ.m., um að auglýsa eftir rafmagnsverkfræðingi til starfa hjá Rafmagnsveitunni.

12. Lagt fram nefndarálit um bifreiðastæði, dags. 14. þ.m., þeirra bæjarverkfræðings, hafnarstjóra og lögreglustjóra.

13. Lagt fram bréf frá Fél. ísl. bifreiðaeigenda, dags. 22. þ.m., með áskorun til bæjarstjórnar um að taka sem fyrst til athugunar tillögur um fleiri bifreiðastæði.

14. Lögð fram tilkynning um samþykkt Fulltrúaráðs verklýðsfélaganna 23. þ.m., varðandi verkfallsdeilu Fél. bifvélavirkja við atvinnurekendur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Reikningur Reykjavíkurkaupstaðar 1948 lagður fram.

16. Lögð fram matsgerð á eignarnámsverði lóðarinnar Austurstræti 2, dags. 23. þ.m.
Samþ. að áfrýja matsgerðinni til sérstaks yfirmats.

17. Lagt fram nefndarálit varðandi sorpeyðingarstöð fyrir Reykjavík, dags. 31. maí þ.á., eftir borgarlækni, Ásgeir Þorsteinsson verkfræðing og Þór Sandholt arkitekt.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 5. júlí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf, dags. 28. f.m., frá vátryggingarfélögum, er reka hér bifreiðatryggingastarfsemi, með áskorun til bæjarstjórnar, um að hafist verði handa að fjölga bifreiðastæðum í bænum, skv. tillögum nefndar, sem um það mál hefir fjallað, sbr. fundargerð bæjarráðs 28. f.m., 12. lið.

2. Synjað erindi Elínar Guðmundsdóttur, dags. 13. f.m., um leyfi til að flytja sumarbústað á erfðafestulandið Sogamýrarblett XLII.

3. Lagt fram álit nefndar, er skipuð var síðastl. vetur til að gera tillögur um og undirbúa byggingu sjúkrahúss og hjúkrunarheimilis fyrir Reykjavík. Nefndarálitið er dags. 29. f.m.

4. Tilkynnt að fjárhagsráð hafi veitt fjárfestingarleyfi til viðhalds á Sundhöllinni.

5. Lagt fram bréf frá Byggingarsamvinnufél. starfsmanna Reykjavíkurbæjar, dags. 30. f.m., með beiðni um lán til húsbygginga fyrir 4 félagsmenn, allt að 80% af kostnaðarverði. Falið borgarritara til athugunar.

6. Lagt fram bréf frá Starfsstúlknafél. Sókn, dags. 27. f.m., með tilmælum um að bæjarstjórn gerist aðili að "viðbótarsamningi", dags. 30. maí s.l., við ríkisspítalana og "Grund". Falið borgarstjóra til meðferðar.

7. Lagt fram bréf frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur, dags. 23. f.m., með tillögum um úthlutun fjár skv. gjl. XIII - 6, til styrktar íþróttastarfsemi. Bæjarráð samþ. tillögurnar.

8. Lögð fram tillaga frá Stjórn íþróttasvæðanna, dags. 5. þ.m., um að veita hvoru félaganna "K.R." og "Val" kr. 15.000.- styrk til æfingavalla félaganna, af fé sem á þessu ári er ætlað til undirbúnings íþróttasvæða, gjl. XIII - 1. Bæjarráð samþ. tillöguna.

9. Lögð fram tillaga bæjarftr. sósíalistaflokksins, varðandi vinnustöðvun bifvélavirkja, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 30. f.m.
Borgarstjóri skýrði frá athugunum sínum á deilunni og viðræðum, sem hann hefði átt út af henni.

10. Lögð fram tilboð, er borist hafa í að reisa 25 íbúðarhús (100 íbúðir) við Bústaðaveg. Ákvörðun frestað.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 8. júlí, kl. 1.30 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Kvenfélagasambandi Íslands, dags. 1. þ.m., með tilkynningu um ályktun 8. landsþings sambandsins varðandi sjúkrahúsmál Reykjavíkur

2. Samþ. með shlj. atkv. að heimila borgarstjóra að semja við byggingarfélögin "Brú" og "Stoð" um byggingu íbúðarhúsa við Bústaðaveg.

3. Bæjarráð samþ. að Valdimar Finnbogason, Kamp Knox, sem afsalar lóðinni Nökkvavogi 52, fái lóðina Langholtsveg 150, en Aðalsteinn Richter, Ægisíðu 105, sem afsalar Langholtsv. 150, fái Nökkvavog 52.

4. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. oktbr.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Blönduhlíð | 29 | fái | Björgvin Grímsson, Frakk. 26 A, og Arngrímur Ingimundarson, Skólav.15. |
| Barmahlíð | 48 | - | Haukur Jósefsson, Frakk. 7, og Kristinn Hannesson, Háaleitisv. 23. |
| Barðavog | 18 | - | Guðm. Magnússon, Skúlag. 54. |

5. Lagt fram bréf frá heilsuverndarstöðvarnefnd, dags. 4. þ.m., með grunnteikningum af heilsuverndarstöð við Barónsstíg og Egilsgötu, eftir húsameistara bæjarins. Bæjarráð samþykkir teikningarnar fyrir sitt leyti og felur húsameistara að fullgera teikningar til byggingarnefndar.

6. Lagðar fram umsóknir um starf umsjónarmanns við Miðbæjarskólann.

7. Rætt um ný bifreiðastæði í bænum, tillögur nefndar, sem voru lagðar fram á fundi 28. f.m., 12. lið.

8. Lögð fram umsókn um meðmæli til að fá veitingaleyfi frá Dulcie Ólafs, Vest. 16, ásamt umsögn veitingaleyfisnefndar.

9. Samþ. að Páll Kristjánsson megi kaupa íbúð í húsinu Barmahlíð 46.

10. Samþ. að Aðalsteinn Guðnason megi kaupa íbúð í húsinu Hofteig 22.

11. Umsókn frá h.f. Kexverksmiðjunni Esju um rafmagn til næturhitunar vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

12. Samþ. að heimila borgarstjóra að ráða Matthías Hreiðarsson til tannlæknisstarfa við Melaskólann frá byrjun næsta skólaárs.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.
Jóhanna Egilsdóttir. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 15. júlí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram skýrslur um starfsemi Ráðningarstofunnar í maí-júní s.l.

2. Erindi Jóhanns Sveinssonar, starfsm. við Bæjarbókasafnið, um aukaleyfi frá störfum nú í sumar, vísað til forstöðumanns safnsins til afgreiðslu.

3. Félag garðyrkjumanna í Reykjavík tilkynnir með bréfi, dags. 8. þ.m., uppsögn á samningi frá og með 1. okt. næstk.

4. Samþ. að Þór Sandholt, arkitekt, forstöðumaður skipulagsdeildar, taki laun skv. 5. launaflokki.

5. Lagðar fram lánsbeiðnir frá Birni Björnssyni og Jóhanni Hannessyni. Frestað til athugunar.

6. Samþ. að heimila borgarstjóra að lána úr bæjarsjóði allt að 300 þús. kr. til þess að ljúka byggingu Þjóðminjasafnsins, enda verði tryggt, að húsinu verði lokið fyrir haustið, þannig að þar megi halda fyrirhugaða Reykjavíkursýningu. Lánið verði veitt til eins árs. Fyrir láninu gefi ríkissjóður út skuldabréf til bæjarins.

7. Borgarstjóri skýrði frá skiptingu fjárveitinga ríkissjóðs árið 1949 til stofnkostnaðar barnaskóla, gagnfræðaskóla og húsmæðraskóla.

8. Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 7. þ.m., með úrskurði varðandi kvöð á húsinu nr. 54 B við Laugaveg.

9. Lagt fram bréf frá Dansk Rota-Reklame, Kaupm.höfn, dags. 30. f.m., með beiðni um leyfi til að setja upp auglýsingasúlu.

10. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 12. þ.m.

11. Lagt fram bréf frá eigendum Rauðarárstígs 17, dags. 4. maí þ.á., ásamt umsögn forstöðumanns skipulagsdeildar varðandi byggingu á lóðinni. Bæjarráð samþykkir ekki fyrir sitt leyti, að hús verði reist á lóðinni, vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga.

12. Lagður fram uppdráttur af skipulagi við Bústaðaveg, á milli Grensásvegar og Réttarholtsvegar, dags. í júlí 1949, undirritaður af Þór Sandholt og Sigmundi Halldórssyni, áritaður af skipulagsstjóra. Bæjarráð samþykkir uppdráttinn fyrir sitt leyti.

13. Lagt fram bréf samvinnunefndar um skipulagsmál, dags. 12. þ.m., varðandi staðsetningu verksmiðjuhúss Tryggva Ólafssonar o.fl. við Faxagötu. Bæjarráð samþykkir staðsetningu hússins fyrir sitt leyti.

14. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka Laugamýrarblett X úr erfðafestu.

15. Samþ. að gefa Gunnari Gunnarssyni, rithöf., og Agnari Kofoed-Hansen, flugvallarstj., kost á leigulóðum við Dyngjuveg, úr landinu Laugamýrarbl. X, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings. Lóðarhafar sjái sér sjálfir fyrir frárennsli og vatnslögn.

16. Lagt fram bréf samvinnunefndar um skipulag, dags. 27. f.m., varðandi skipulagstillögur við Elliðavog og Snekkjuvog. Ákvörðun frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagt fram bréf frá Anton Proppé, dags. 17. f.m., með beiðni um tvær lóðir til að flytja á íbúðarhús frá Þingeyri. Vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

18. Borgarstjóra falið að svara bréfi frá Áfengisversl. ríkisins, dags. 20. apríl þ.á., varðandi lóð fyrir starfsemi fyrirtækisins.

19. Samþ. að Kjartan Ólafsson, Hafnarfirði, megi verða, með öðrum, leigjandi lóðarinnar Háteigsveg 42.

20. Synjað erindi Kristins Einarssonar, Móakoti í Garði, um leyfi til að kaupa íbúð í húsinu Hraunteig 28.

21. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings, dags. 7. þ.m., um erindi Hreyfils, dags. 15. f.m., um leyfi til að setja upp bílasíma á 4 stöðum. Bæjarráð samþykkir tillögur verkfræðingsins.

22. Að fenginni umsögn borgarlæknis var samþ. að vísa erindi frá Guðm. Sn. Finnbogasyni um vatn og rafmagn í sölubúð í Bústaðahverfi, til afgreiðslu vatnsveitustjóra og rafmagnsstjóra

23. Erindi Stefáns Þorlákssonar um rafmagnsheimtaug að Reykjadal vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

24. Lögð fram umsögn Rögnvaldar Þorkelssonar, deildarverkfræðings, dags. 8. þ.m., um erindi frá R.T.A. Vejmaterialer, varðandi stofnun verksmiðju til framleiðslu á asfalt-emulsion. Falið bæjarverkfræðingi til nánari meðferðar.

25. Lögð fram kostnaðaráætlun bæjarverkfræðings um uppsetningu á tækjum til að hreinsa vatnið í Sundlaugunum. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að láta koma tækjunum fyrir.

26. Bæjarráð getur ekki fallist á umsókn um að bæjarsjóður veiti Sig. M. Þorsteinssyni, lögrþj., styrk til að ljúka A-prófi flugmanna.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, fimmtudaginn 21. júlí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. oktbr. næstk.:

   Byggingarsamvinnufél. starfsmanna ríkisstofnana fái Hamrahlíð 1 - 3 (fyrir 5 íbúðir) og Hamrahlíð 13.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurður M. Sólonsson, Berg. 46, og Þorsteinn Ársælsson, Þjórsárg. 2, | fái | Silfurteig | 5 |
| Gunnar Guðmundsson, Háteigsv. B.13, | - | Karfavog | 33 |
| Jón Sæmundsson, Hjallav. 8, sem afsalar Barðavogi 26, | - | Skipasund | 12 |
| Anton Proppé | - | - | 27 og 55 |
| Eggert Davíðsson, Baugsv. 1, sem afsalar Sörlaskjóli 92, | - | Nesveg | 65 |
| Þorbjörn A.Þorbjörnsson, Hjallalandi | - | Sörlaskjól | 94 |
| Gunnar B. Jónsson, Grett. 66, | - | Nökkvavog | 26 |
| Georg Lúðvíksson, Leifsg. 27, | - | Kvisthaga | 23 |
| Helgi, Hjalti og Hörður Sigfússynir | - | Barðavog | 26. |

2. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu Sogamýrarbl. LI og hluta af Sogamýrarbl. LII.

3. Eftirfarandi tillaga gerð til bæjarstjórnar:

   Bæjarstjórn Reykjavíkur mótmælir skiptingu menntamálaráðuneytisins á framlögum ríkissjóðs til skólabygginga árið 1949, en þá er gert ráð fyrir að í hlut Reykjavíkurbæjar komi kr. 160.000.- af 2 millj. kr. til barnaskóla, kr. 200.000.- af 1.4 millj. kr. til gagnfræðaskóla og kr. 50.000.- af kr. 400.000.- til húsmæðraskóla, eða tæp 11% af framlagi ríkissjóðs til skólabygginga á árinu.
   Árið 1948 námu framlög ríkissjóðs til bæjarins aðeins kr. 130.000.- af kr. 2.275.000.- til barnaskóla, en ekkert til annara skóla. Það ár var hlutur bæjarins af framlögum ríkisins til skólabygginga um 3½%.
   Er nú svo komið, að ríkissjóður skuldar bæjarsjóði vegna skólabygginga lögákveðin framlög:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Til Melaskólans | um | kr. | 2.035.000.- |
| - Gagnfræðaskóla | | | |
| - Austurbæjar | - | - | 850.000.- |
| - Húsmæðraskólans | - | - | 290.000.- |
| | um | kr. | 3.175.000.- |

   Þegar litið er til þess, hversu bæjarbúum hefir fjölgað ört á síðari árum, ekki síst fólki á skólaskyldualdri, og að hér búa nú yfir 40% landsmanna, en fólksfjölgunin leiðir til mjög aðkallandi þarfar fyrir aukið skólahúsnæði, getur bæjarstjórnin ekki látið hjá líða að mótmæla því, hversu mjög hlutur bæjarins hefir verið borinn fyrir borð við skiptingu ríkisframlaga til skólabygginga, einkum 2 hin síðustu ár, og er skorað á ríkisstjórnina að veita Reykjavíkurbæ réttmæta leiðréttingu þessara mála.

4. Stjórn Fegrunarfélags Reykjavíkur beinir þeirri áskorun til bæjarráðs, að það láti efna til samkeppni um útlit og umhverfi Tjarnarinnar. Falið bæjarverkfræðingi og forstjóra skipulagsdeildar til undirbúnings.

5. Samþ. að reglugerð um fasteignaskatt í Reykjavík, nr. 117, 22. nóvbr. 1938, framlengist til að gilda áfram til ársloka 1953.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Lögð fram bréf frá eigendum fasteigna við Aðalstræti og í nágrenni vegna fyrirhugaðrar skipulagsbreytingar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 22. júlí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram beiðni frá Bolla Thoroddsen um lán til fasteignakaupa.

2. Erindi Tómasar Magnússonar, Hrb. 30, um leigulandið nr. 77 við Árbæjarblett, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

3. Erindi Guðnýjar Gilsdóttur, Freyjug. 24, varðandi skúr á Köllunarklettsbletti vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar. Bæjarráð vill ekki veita nein lóðarréttindi fyrir skúrinn.

4. Ákveðið mat á ársleigu eftir Skipholt 25 kr. 0.70 pr. ferm., á næsta matstímabili.

5. Erindi Stefáns Backmanns, Þvottalaugabletti XXVI, varðandi fyriræltanir um nefnt erfðafestuland, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

6. Lagt fram bréf frá S.Í.S., dags. 18. f.m., varðandi lóð fyrir kjötfrystihús og matvælagerð við Grensásveg.
Ennfremur lagt fram bréf skipulagsstjóra, dags. 13. þ.m., um málið.
Bæjarráð óskar eftir nýjum tillögum samvinnunefndar um skipulagsmál um staðsetningu kjötmiðstöðvar, áburðarverksmiðju, athafnasvæðis bæjarstofnana og endurskoðun fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis við Suðurlandsbraut.

7. Synjað beiðni Haraldar Þorsteinssonar, Sólnesi, um lóð undir sumarbústað í Árbæjarlandi.

8. Samþ. að Helgi Finnsson megi kaupa íbúð í húsinu Mávahlíð 33.

9. Samþ. að Jón Guðlaugsson, Gelgjutanga, megi kaupa íbúð í húsinu Langholtsv. 134.

10. Samþ. að Jósef Sigurðsson megi kaupa íbúð í húsinu Drápuhlíð 44.

11. Samþ. að Páll Pálsson megi kaupa íbúð í húsinu Miklubraut 76.

12. Samþ. að Þórður Þórðarson, Gauksstöðum, megi vera eigandi að íbúð í húsinu Nökkvavogi 7.

13. Lagt fram bréf frá Félagi garðyrkjumanna, dags. 1. þ.m., varðandi land fyrir dvalar- og hvíldarheimili garðyrkjumanna Reykjavíkur.

14. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að framlengja frest til að skila úrlausnum í samkeppni um sumarhús við Rauðavatn, til 15. septbr. næstk.

15. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 19. þ.m., með bréfi frá h.f. Olíuversl. Íslands, dags. 5. þ.m., varðandi samning um flutning á olíu um olíuleiðslu frá Laugarnesi að varastöðinni við Elliðaár. Ennfr. lagt fram frv. að slíkum samningi. Ákvörðun frestað.

16. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 18. þ.m., varðandi útboð á vélum og rafbúnaði til Sogsvirkjunarinnar. Eftirrit af bréfum frá Jakob Nissen rafmagnsverkfr. í Oslo, dags. 27. apríl og 3. júní þ.á., með umsögn hans um útboðslýsinguna (á vélum og rafbúnaði).
Eftir tillögu rafmagnsstjóra samþykkti bæjarráð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að sækja til ríkisstjórnarinnar um virkjunarleyfi á Írafossi og Kistufossi í einni virkjun.

að láta sem fyrst fara fram útboð á vélum og rafbúnaði samkvæmt framlagðri lýsingu, á þann hátt, að sent verði til þeirra firma í Norðurálfu og Ameríku, sem Sogsvirkjunin hefir haft samband við, bæði beint og fyrir milligöngu ísl. sendiráða.

17. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 29. f.m., varðandi undirbúningsvinnu að Sogsvirkjuninni nýju nú í sumar, vegarlagningu. Bæjarráð samþykkir tillögurnar.

18. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 19. þ.m., varðandi búskap á jörðinni Úlfljótsvatni. Falið rafmagnsstjóra til nánari athugunar.

19. Samþ. að taka hluta af leigulóðinni Kambsvegi 23 undir rafmagnsspennistöð.

20. Erindi frá Agnari Kofoed-Hansen um næturrafmagn til hitunar í fyrirhuguðu íbúðarhúsi við Dyngjuveg vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu, þegar mögulegt verður.

21. Bæjarráð telur ekki unnt að sinna að svo stöddu rafmagnsbeiðnum frá Helga Lárussyni, Nýbýlavegi, og Leirmunagerðinni Funa við Kársnesbraut.

22. Erindi Vörubílstjórafél. Þróttar um rafmagn til upphitunar á afgreiðsluskúr félagsins við Skúlagötu, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu, sbr. bréf hans 12. þ.m.

23. Erindi Helga Jóhannessonar, starfsm. hjá Rafmagnsveitunni, um launahækkun vísað til samvinnunefndar um launamál til athugunar.

24. Samþ. að greiða nefndarmönnum í sjávarútvegsnefnd 2000 kr. þóknun á ári, hverjum, árin 1946 - 1948.

25. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að stækka megi samkomusal í húsi Hvítasunnusafnaðarins, Hverf. 44, enda sé fullnægt skilyrðum heilbrigðisnefndar um hreinlætistæki, og stækkunin tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

26. Rætt um nefndarálit varðandi sorpeyðingarstöð. Ákveðið að fá tillögur samvinnunefndar um skipulagsmál um staðsetningu slíkrar stöðvar.

27. Samþ. till. til bæjarstjórnar um að veita 12 þús. kr. styrk til norræna stúdentamótsins, sem haldið var hér í Reykjavík 18. - 25. júní s.l.

28. Bréfi frá sóknarnefnd Laugarnessóknar, dags. 19 þ.m., varðandi vegargerð milli Kirkjuteigs og Hofteigs, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson.
Sigfús Sigurhjartarson.

Hallgr. Benediktsson.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Đ.

Ár 1949, föstudaginn 29. júlí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að láta rannsaka ræktunarástand Árbæjarbletta og gera tillögur um, að taka þá bletti úr leigu, sem eru vanræktir.

2. Samþ. að taka Laugamýrarbl. XXI úr erfðafestu, vegna framkvæmda við íþróttasvæðið.

3. Bæjarráð vill ekki nota forkaupsrétt að mannvirkjum á erfðafestulandinu Bústaðabletti XII, en bendir á gildandi skilyrði, um að fjarlægja beri þessi mannvirki (hænsnahús), þegar krafist verður.

4. Samþ. að heimila Baldvin Sveinbjarnarsyni 1100-1200 ferm. leigulóð við Langholtsveg fyrir lyfjabúð o.fl., eftir nánari útvísun síðar.

5. Lögð fram greinargerð Helga Sigurðssonar, hitaveitustjóra, til Reykvíkingafélagsins, um gosbrunn í Tjörninni. Greinargerðin er dags. 10. maí þ.á.

6. Samþ. að láta jafna og tyrfa umhverfis Leifsstyttuna, með 4 atkv., Jón A. Pétursson greiðir ekki atkv., þar sem ekki sé upplýst, hvernig eigi að haga framkvæmdum.

7. Rætt um tillögur um ný bifreiðastæði, sem lagðar hafa verið fyrir bæjarráð, frá nefnd, er bæjarráð skipaði 2. apríl 1948. Nefndarmennirnir: lögreglustjóri, hafnarstjóri og bæjarverkfræðingur voru mættir á fundinum. Tillögur nefndarinnar voru ræddar lið fyrir lið, en ákvörðun frestað.

8. Bæjarráð ályktar að skora á atvinnumálaráðuneytið að láta fram fara nákvæma rannsókn á stofnkostnaði og rekstrurskostnaði sementsverksmiðju í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þar sem skilyrði kunna að vera hagkvæmust.
Er bæjarráð þess reiðubúið að greiða fyrir byggingu og starfsemi slíkrar verksmiðju hér.

9. Bæjarráð samþykkir að láta reisa hér sorpvinnslustöð, skv. tillögum nefndar, sem unnið hefir að undirbúningi málsins. (svonefnd Dano-aðferð), þegar nauðsynleg leyfi fást og fé er fyrir hendi.

10. Ákveðið að greiða föstum starfsmönnum bæjarins og bæjarstofnana, sem fá greidd laun skv. launasamþ., uppbót á laun 1949, er nemi 40% af mánaðarlaunum júlímánaðar.
Um greiðslutilhögun fyllri uppbótar, sbr. samþ. bæjarráðs 18. maí þ.á., (18. liður), verður tekin ákvörðun um síðar, í samráði við Starfsmannafélagið.

11. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 15. þ.m.

12. Lögð fram tilkynning um ályktun á uppeldismálaþingi hér í bænum 24. - 27. júní þ.á., varðandi starfsemi, sem eykur siðferðilegar hættur og freistingar barna og unglinga.

13. Umsókn Einars Gunnarssonar um rafmagn til suðu í Múla-camp 7, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

14. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra í bréfi 21. þ.m., varðandi ráðstöfun á íbúð í húsinu Nökkvavogi 11.

15. Synjað erindi Áfengiseinkasölu ríkisins um rafmagn í skúr við Skúlagötu, enda hefir ekki verið sókt um byggingarleyfi fyrir skúrnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Synjað beiðni um leyfi til að reisa verslunarhús á erfðafestulandinu Kirkjumýrarbletti X.

17. Samþ. að leyfa viðbyggingu við Seljaland A, með skilyrði um að fjarlægja bygginguna, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

18. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXIX, fyrir 115 þús. kr. Hafnað, en bæjarráð vekur athygli á skilyrðum fyrir byggingum, sem á landinu eru.

19. Að gefnu tilefni ítrekar bæjarráð fyrri samþykkt, um að banna að rista ofan af erfðafestulöndum, í því skyni að fjarlægja þökurnar af landinu.

20. Samþ. að framlengja leyfi fyrir húsi í Eiðislandi, Minni-Bakka, um 5 ár, frá 2. okt. 1948.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 2. ágúst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarverkfræðingur skýrði frá framkvæmdum í Laugardal.

2. Rætt um skipulag við Fríkirkjuveg. Skipulagsstjóri ríkisins mætti á fundinum til viðræðna.

3. Rætt um breikkun Miklubrautar.

4. Lagður fram að nýju skipulagsuppdráttur, gerður í marz s.l., af Aðalstræti, Grjótaþorpi og umhverfi ásamt bréfum ýmissa lóðareigenda á svæðinu. Bæjarráð samþykkir uppdráttinn fyrir sitt leyti með 3:2 atkv.

5. Borgarstjóri skýrði frá því, að hann hefði, þ. 30. júlí s.l., undirritað samning, f.h. bæjarstjórnar, milli ríkisins og bæjarins, um sameign að Sogsvirkjuninni.

6. Bæjarráð samþykkir tillögu lóðaúthlutunarnefndar um þessa lóðaúthlutun:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Efstasund | 87 | fái | Benedikt Gíslason, Langholtsv. 32 |
| Barðavog | 22 | - | Stefán Guðnason, Eskihlíð 16, enda afsali hann sér tilkalli til Blönduhlíðar 28. |
| Eikjuvog | 26 | - | Konráð Guðmundsson, Skúr 16 A, Hátv. |
| Flókagötu | 58 | - | Bjarni Kristmundsson, Vest. 28, og Haukur Valdimarsson, Laug. 68 |
| Kvisthaga | 14 | - | Björn Jónsson, Ránargötu 14, og Jakob Guðjohnsen, Kirkjuteig 23, enda afsali Jakob réttinum til nr. 55 við Hofsvallagötu og Björn réttinum til Eikjuvogs 26. |

7. Samþ. að Otti Sæmundsson, Mávahlíð 15, fái 10 metra lóð meðfram Skipholti (nr. 5) til iðnreksturs.

8. Samþ. að Sigbjörn Ármann megi halda lóðinni nr. 6 við Engihlíð.

9. Erindi Péturs Sigurðssonar, Skúlag. 58, dags. 25/7, varðandi lóð undir skúr, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

10. Lögð fram umsókn A. Jóhannsson og Smith h.f., dags. 21. júlí s.l., um byggingarlóð á horni Stórholts og Brautarholts.

11. Erindi Áka Jakobssonar, lögfr., dags. 7. júlí s.l., varðandi nýjan lóðasamning um lóðina nr. 26 við Mávahlíð, fær ekki stuðning.

12. Erindi Magnúsar Kristjánssonar, Nökkvavog 4, dags. 15. júlí s.l., varðandi kaup á kjallaraíbúð hússins nr. 4 við Nökkvavog, lagt fram og samþykkt.

13. Samþykkt að verða við erindi Hilmars Árnasonar, Hrísateig 16, dags. 19. júlí s.l., um að þeir Einar Magnússon, Eskihlíð 16, og Ólafur Þorgrímsson, Njálsgötu 96 fái leyfi til að ganga inn í lóðaleigusamning um lóðina nr. 80 við Miðtún.

14. Erindi húsráðenda, sem búsettir eru allt árið í Smálöndum, dags. 21. júlí s.l., varðandi strætisvagnaferðir, veg og gatnaljós í Smálöndum, vísað til forstjóra Strætisvagnanna, bæjarverkfræðings og rafmagnsstjóra til umsagnar.

15. Lagt fram erindi frá Óskari Petersen, Fálkagötu 20, og Guðm. Ásgeirssyni, Laugateig 21, dags. 21. júlí s.l., varðandi lán úr bæjarsjóði eða einhverjum öðrum sjóði, til húsbygginga.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen. Sigfús Sigurhjartarson.
Jón Axel Pétursson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á fundi sínum þ. 2. ágúst '49 samþykkti bæjarráð að fela bæjarverkfræðingi og borgarritara að undirbúa bifreiðastæði á eftirtöldum stöðum, eftir því sem við verður komið:

1. Brunarústir Kirkjustrætis 4 - 6.
2. Lóðin Aðalstræti 14.
3. Gangstétt vestan Nausta , milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis.
4. Svokallað "plan" við Pósthússtræti og Tryggvagötu.
5. Svæði norðan Tryggvagötu, milli Pósthússtrætis og Verkamannaskýlis.
6. Svæði austan megin Lækjargötu, er sú gata verður endurbyggð.
7. Lóð Steindórs Einarssonar, Hafnarstræti 7.
8. Grasflötur norðan Safnahússins við Hverfisgötu til viðbótar núverandi bifreiðastæði við Lindargötu.
9. Lóð db. dr. Helga Péturs við Hverfisgötu.
10. Svæði við Snorrabraut, milli Hverfisgötu og Skúlagötu, meðfram Gasstöð.
11. Á þeim hluta Hverfisgötu, þar sem breidd hennar er mest, að Barónsstíg, verði afmarkaðir reitir sunnan megin götunnar.
12. Lóðin nr. 75 við Laugaveg.
13. Lóðir beggja megin Grettisgötu, milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs.
14. Svæði austan Rauðarárstígs, milli Guðrúnargötu og Flókagötu.
15. Lóð við Bergþórugötu, milli Sundhallar og Mjólkurstöðvar.
16. Við Snorrabraut, vestan megin, í grennd við Miklatorg á væntanlegri Landsspítalalóð.
17. Við Snorrabraut, vestan megin, hjá Skátaheimilinu.
18. Á Barónsstíg, gegnt Leifsgötu.
19. Við Bergþórugötu, meðfram Sundhöllinni.
20. Við Njarðargötu, beggja vegna Leifsstyttunnar.
21. Óðinstorg.
22. Ræma af lóðinni Laufásveg 31, Hellusundsmegin. Ennfremur hornlóð á Grundarstíg/Hellusundi.
23. Ræma af lóðinni Skálholtsstíg 7, Miðstrætismegin.
24. Brunarústir við Amtmannsstíg. Ennfremur hornlóð Amtmannsst./Skólastr.
25. Við Hringbraut, meðfram kirkjugarði sunnan verðum.
26. Við Hringbraut og Suðurgötu, norðan og vestan Þjóðminjasafnsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. Svæði vestan Hofsvallagötu, sunnan Reynimels.

28. Svæði við Brávallagötu, næst fyrir vestað hið nýbyggða starfsmannahús Elliheimilisins.

29. "Glasgow"-port.

Á sama fundi samþykkti bæjarráð svofellda ályktun:

"Bifreiðastæði þau, er um getur hér að framan, ásamt þeim bifreiðastæðum, sem nú eru notuð, verði skipulögð. Staðsetning þeirra verði síðan vandlega auglýst".

Ennfremur var eftirfarandi tillögu nefndar þeirrar, er skipuð var til þess að athuga möguleika á bifreiðastæðum, vísað til umsagnar byggingarnefndar:

"Byggingarnefnd leyfir eigi byggingu bifreiðaskúra, nema með því skilyrði, að opið lóðarsvæði að götu sé fyrir framan skúrinn fyrir bifreiðastæði, eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Hið sama skal og gilda um leyfisveitingu til girðinga, enda þótt bifreiðaskúr sé enn eigi byggður. Jafnframt sé hlutast til um, að bifreiðaeigendur, sem hafa lóð til umráða, láti bifreiðar sínar standa þar, en eigi á götunni".

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 5. ágúst kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Þórdísi J. Carlquist, ljósmóður, dags. 28. s.l., þar sem hún sækir um lausn frá ljósmóðurstörfum, sem hún hefur gegnt í 45 ár.

2. Lagt fram bréf frá samgöngumálaráðuneytinu, dags. 2. ágúst, þar sem ráðuneytið óskar eftir, að lóð sjómannaskólans sé útmæld og afhent ríkissjóði sem fyrst og lóðin verði jafnframt skipulögð fyrir aðrar byggingar í sambandi við skólann, þar á meðal til íbúðarhúsabygginga kennara.

3. Borgarstjóra heimilað að semja um kaup á fasteigninni Rauðarárstíg 17 vegna skipulagsbreytinga

4. Rætt var um skipulag við Fríkirkjuveg og gengið á vettvang.

5. Bæjarverkfræðingur lagði fram frumvarp að samningi við Almenna byggingarfélagið h.f. um framkvæmdir í Laugardal. Bæjarráð féllst á frumvarpið.

6. Lögð fram drög að skilmálum um samkeppni um tillöguuppdrætti að íbúðarhúsum. Bæjarverkfræðingi og húsameistara falið að ræða málið nánar við Húsameistarafélagið.

7. Lögð fram umsögn Einars B. Pálssonar, verkfræðings varðandi það, hvort tiltækilegt sé að banna eða takmarka umferð vörubifreiða um Laugaveg, Bankastræti og Austurstræti.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson
Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.
F. V. Ólafsson.

ásum.

14. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Krossamýrarbl. XIII fyrir kr. 4000.-. Hafnað.

15. Synjað beiðni um leyfi til að byggja 3 íbúðarhús á erfðafestulandinu Bústaðabl. V.

16. Lögð fram tillaga borgarstjóra, er samþ. var á bæjarstjórnarfundi 4. ágúst, um skipun í starf umsjónarmanns við Miðbæjarskólann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, fimmtudaginn 11. ágúst, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Valdimars Kr. Árnasonar, Vit. 9, þar sem hann óskar eftir skiptum á húsi við Suðurlandsbraut, er hann hefir á leigu frá húsaleigunefnd, og húsi, er hann á við Bústaðaveg.
Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu.

2. Lögð fram beiðni Stefáns Guðmundssonar, Skipasundi 19, um leigulóð úr erfðafestulandi Agnars Koefod Hansen í Kleppsholti.

3. Lögð fram beiðni Óla M. Ísakssonar, Frakk. 6 A, um lóðina nr. 54 við Háteigsveg.

4. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Drápuhlíð 12, við Guðna G. Sigurðsson málara og halldór Halldórsson arkitekt.

5. Samþ. að leyfa Kristni Wium að kaupa austurenda húseignarinnar Langholtsvegur 134.

6. Lögð fram beiðni Aðalheiðar Albertsdóttur, Hrísey, um leyfi til til að kaupa íbúð í húsinu nr. 76 við Miklubraut.
Erindið fær ekki stuðning.

7. Samþ. að veita Elíasi Valgeirssyni, Úthlíð 16, löggildingu ~~[illegible]~~ til að starfa sem löggiltur rafvirki við lágspennuveitur í Reykjavík.

8. Samþ. að fela Samvinnunefnd um skipulagsmál að gera tillögu-uppdrátt um skipulag á Sjómannaskólalóðinni.

9. Lögð fram tilboð um byggingu íbúðarhúss fyrir vélstjóra við Elliðaárstöðvarnar.

10. Samþ. að mæla með því, að Garðyrkjufélag Íslands verði veittur 10 þús. kr. styrkur á næsta ári, til þess að taka þátt í Norðurlandagarðyrkjusýningu í Finnlandi nú í september næstk.

11. Lögð fram frv. að samningi á milli bæjarstjórnar og Skógræktarfélags Reykjavíkur um friðun og ræktun Heiðmerkur.
Ennfremur lagt fram frv. Skógræktarfélagsins að reglum um landnám og skógrækt á Heiðmörg.

12. Borgarstjóra falið að svara bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 13. júní sl., varðandi kaup á Laugarneseigninni.

13. Synjað beiðni um skiptingu á lóð Indriða Jóhannssonar í Selásum.

14. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Krossamýrarbl. XIII fyrir kr. 4000.-. Hafnað.

15. Synjað beiðni um leyfi til að byggja 3 íbúðarhús á erfðafestulandinu Bústaðabl. V.

16. Lögð fram tillaga borgarstjóra, er samþ. var á bæjarstjórnarfundi 4. ágúst, um skipun í starf umsjónarmanns við Miðbæjarskólann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lögð fram tillaga Steinþórs Guðmundssonar, er vísað var til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi 4. ágúst, um undirbúning að úthlutun leigulóða.

18. Lögð fram tillaga Jóns Axels Péturssonar, er vísað var til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi 4. ágúst, um fjárfestingarleyfi fyrir íbúðum.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein
Jón Axel Pétursson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, miðvikudaginn 17. ágúst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 12. þ.m., með tilkynningu um mótmæli gegn því að lóð Menntaskólans verði skert, vegna nýlagningar Lækjargötu og breikkunar Amtmannsstígs, án samþykkis ráðuneytisins.
Ennfremur lagt fram bréf frá Nemendasambandi Menntaskólans, dags. 13. þ.m., þar sem óskað er eftir því að fulltrúar frá sambandinu og rektor skólans verði leyft að sitja á bæjarráðsfundi, er skerðing skólalóðarinnar yrði rædd þar næst.
Á fundinum mættu Pálmi Hannesson rektor og Gísli Guðmundsson tollvörður, form. Nemendasambandsins.
Á fundinum var lagður fram og ræddur nýr uppdráttur að Lækjargötu, á svæðinu neðfran skólalóðinni. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti tillöguuppdráttinn, sem var gerður af bæjarverkfræðingi og forstöðumanni skipulagsdeildar. Jafnframt felur bæjarráð samvinnunefnd skipulagsmála að gera ákveðna skipulagstillögu um nágrenni Menntaskólans.

2. Samþ. að taka tilboði frá Þóri Long og Sig. Guðmundssyni um byggingu tveggja leikskóla. Bæjarverkfr. og borgarritara falið að gera frv. að verksamningi.

3. Samþ. að Sig. Guðmundsson fyrrv. skólameistari megi kaupa íbúð í húsinu Barmahlíð 49.

4. Lagt fram bréf frá S.Í.S., dags. 8. þ.m., varðandi útvísun lóðar undir frystihús og kjötmiðstöð.
Bæjarráð ítrekar tilmæli til samvinnunefndar um skipulagsmál, að hraða afgreiðslu málsins.

5. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 12. þ.m.

6. Samþ. að veita Sigríði Bjarnadóttur, Fríkv. 1, húsvarðarstarfið við Miðbæjarskólann. Björn Bjarnason vildi veita Sveini Jónssyni starfið.

7. Samþ. tillaga leikvallanefndar um að ráða Unni Ágústsdóttur, Rán. 30, til þess að hafa á hendi eftirlit á leikvöllum bæjarins um eins árs skeið, með kennaralaunum.

8. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. október n.k.:
Stefán Guðnason, Eskihl. 16, fái Barðavog 20, en afsali Barðavogi 22.

Þorleifur Thorlacíus fái Hofsvallagötu 55, með Guðjóni Teitssyni. Jakob Guðjohnsen hefir afsalað tilkalli til lóðarinnar.

Skipholt 7 fái h.f. Gúmmíbarðinn til iðnreksturs, 20 metr. neðfram götu.

Skipholt 5, sem var úthlutað Ottar Sæmundssyni 2. ágúst, verði 20 metr. neðfram götu.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Ásbjörnsson.
Björn Bjarnason.

Jón Axel Pétursson.
Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1949, föstudaginn 26. ág., kl. 3 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að verða við beiðni Stefáns Bachmanns um að taka Þvottalaugablett 26 úr erfðafestu.

2. Samþ. að taka erfðafestulandið Laugarásblett 1 úr erfðafestu og að gefa Björgu Jónsdóttur kost á leigulóðinni Dyngjuvegi 14.

3. Lögð fram umsókn Olíufélagsins h.f. um leyfi til að byggja vöruskemmu á Reykjavíkurflugvelli.

4. Lögð fram matsgjörð að Laugamýrarbletti 4. Ákveðið að una matinu.

5. Tilkynnt, að skipulagsnefnd hafi samþykkt tillöguuppdrátt bæjarverkfræðings og forstöðumanns skipulagsdeildar af Lækjargötu, er fram var lagður og samþykktur í bæjarráði 17. þ.m. Bæjarráð ítrekar samþykkt sína um, að gatan verði gerð skv. þessum uppdrætti.

6. Samþ. að taka Kaplaskjólsmýri 6 úr erfðafestu.

7. Lagt fram bréf Sveinbjarnar Jónssonar hrl., um skaðabætur vegna mælingar lóðarinnar nr. 29 við Hrísateig. Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.

8. Samþ. að heimila borgarstjóra að kaupa lóðir við Drafnarstíg, vegna leikskóla og leikvallar, ef samkomulag næst við eigendur um verð.

9. Lagt fram bréf Jónatans Hallvarðssonar hæstar.d., um skaðabætur fyrir mannvirki á landi hans í Fossvogi. Vísað til borgarlæknis til umsagnar.

10. Samþ. að leyfa Jóni Guðbergi Finnbogasyni að kaupa húsgrunn nr. 138 við Sogaveg.

11. Samþ. að leyfa Barnavinafélaginu Sumargjöf að byggja skúr við húsið Steinahlíð við Suðurlandsbraut.

12. Samþ. að verða við beiðni Jóhannesar Sigurðssonar um að íbúðarskúrinn Klöpp, á horni Melavegs og Þrastargötu, megi standa til næsta vors, enda verði skúrinn þá skilyrðislaust rifinn.

13. Lagt fram bréf G.B. Baldvinssonar og Harðar Kristinssonar, um byggingu skýlis á horni Miklatorgs og Lönguhlíðar. Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.

14. Lagt fram bréf frá Samb. veitinga- og gistihúsaeigenda 22. þ.m., með tilkynningu um samþykktir sambandsfundar 8. þ.m., þar sem m.a. er skorað á bæjarstjórn o.fl. að greiða götu þeirra, sem kynnu að vilja reisa hótel í Reykjavík.

15. Lögð fram beiðni Júlíusar S. Júlíussonar, um rafmagnsheimtaug í Kópavogsbraut 25. - Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

16. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í júlí.

17. Lagt fram bréf hafnarstjóra um rafmagn til hitunar í salerni verbúðanna við Grandagarð. Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

18. Synjað beiðni Jóhanns K. Jónassonar um rafmagnsheimtaug í íbúðarskála við Reykjahlíð í Mosfellssveit.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Synjað beiðni Ásgeirs Höskuldssonar um leyfi til að byggja geymsluskúr á erfðafestulandinu Sogamýri 2.

20. Bæjarráð samþ. að framlengja leigu á Laugalandi og Tungu um eitt ár, með sömu kjörum og áður. Þó skal bænum heimilt að gera þær framkvæmdir, er þurfa þykir, vegna vinnu við ræsi og íþróttasvæði í Laugardalnum, að því er snertir hluta af túnunum, er fylgja Laugalandi.

21. Lagt fram bréf Einars Sveinssonar, Víðimel 58, varðandi íbúðaskúr, er hann á á Melbletti 8.

22. Lagt fram bréf Sendibílastöðvarinnar h.f., um byggingarlóð milli Njarðargötu og Flugvallarvegar. Vísað til skipulagsnefndar.

23. Synjað beiðni Þorsteins Einarssonar um sérstakar skaðabætur vegna töku erfðafestulandsins Sogamýrarbl. VII, úr erfðafestu

24. Bæjarráð samþ., að leigusamning um Miklubraut 56 megi gera við Guðrúnu Bjarnadóttur, í stað [illegible] Helgasonar.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Hallgr. Benediktsson. Jóhann Hafstein.

Tómas Jónsson
borgarritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 2. septbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti 40 fyrir kr. 3500.-. Hafnað og jafnframt samþykkt, að Gunnar Þ. Halldórsson, Vegamótastíg 3, verði leigutaki.

2. Samþ. tillaga stjórnar íþróttavallarins um að veita Knattspyrnufélaginu Val 15 þús.kr. viðbótarstyrk til vallargerðar skv. gjl. XIII - 1.

3. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 30. ágúst síðastl.

4. Lagt fram bréf atvinnumálaráðuneytisins, dags. 31. f.m., þar sem tilkynnt er, að ráðuneytið hafi beðið lögreglustjórann í Rvík að annast greiðslu á verðlaunum fyrir minka, sem unnir eru í lögsagnarumdæmi Rvíkur, skv. lögum 55/1949, gegn endurgreiðslu að 2/3 hlutum úr ríkissjóði, en 1/3 úr bæjarsjóði.

5. Lögð fram byggingarleyfisumsókn frá h.f. Iði. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Lögð fram fundargerð samvinnunefndar um skipulagsmál 30. f.m., um skipulagsmál í nágrenni Menntaskólans.

7. Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 31. f.m., þar sem ráðuneytið samþykkir að taka megi af Menntaskólalóðinni, til breikkunar Lækjargötu 16 - 16½ metr. breiða spildu.

8. Lagt fram bréf frá stjórn Hallveigarstaða, dags. 10. f.m., þar sem beiðst er lóðar við suðvesturenda Tjarnarinnar.

9. Erindi Gísla Jónssonar, forstöðumanns í Arnarholti, um kjarabætur, vísað til samvinnunefndar um launamál.

10. Erindi frá bifreiðastjórum við sorphreinsun um kjarabætur vísað til samvinnunefndar um launamál.

11. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXII fyrir kr. 45.000.-. Hafnað.

12. Samþ. að heimila borgarstjóra að semja um raflagnir í íbúðarhús bæjarins við Bústaðaveg við Finn B. Kristjánsson (Gerð I) og Sigurð Bjarnason (Gerð II), rafvirkjameistara.

13. Rætt um frv. að samningi við Skógræktarfél. Reykjavíkur um friðun og ræktun Heiðmerkur og frv. að reglum um landnám og skógrækt þar.
Form. Skógræktarfélagsins, Guðm. Marteinsson og Einar E. Sæmundsson framkvstj. félagsins komu á fundinn til viðræðna.

14. Lagt fram bréf frá bæjarverkfræðingi, dags. 1. þ.m., með bráðabirgðayfirliti um malbikunina nú í sumar.

15. Samþ. að heimila malbikun Bjargarstígs, Nýlendugötu og Norðurstígs.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jóhann Hafstein.

Jón Axel Pétursson.
Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 13. septbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. lóðaúthlutun með byggingarfresti til 31. desbr. n.k.: Kai Andersen, Leifsg. 7, afsalar Nökkvav. 16, en fái Efstasund 91. Óskar Sveinsson, Sigt. 41, fái Nökkvavog 16. Sigrún Jónsdóttir, Mararg. 6, fái Efstasund 89. Runólfur Stefánsson, Skólavh., afsalar Sörlaskjóli 92; fái Barðavog 22. Axel Thorarensen, Sólv. 33, fái Sörlaskjól 92. Bjarni Forberg, Víð. 34, fái Nesveg 19.

2. Bæjarráð getur ekki orðið við tilmælum Júlíusar Þorbergssonar um flutning á skúr, sem stendur án leyfis á leigulandi úr Laugamýrarbl. IV.

3. Bæjarráð samþykkir ekki erindi um stækkun sumarbústaðar á Árbæjarbletti 47.

4. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 8. þ.m., varðandi takmörkun á akstri vörubifreiða um Laugaveg - Bankastræti - Austurstræti. Ennfr. lagt fram bréf frá vörubílstjórafél. Þrótti, dags. sama dag, um sama málefni.

5. Lagt fram bréf frá stjórn Sogsvirkjunarinnar, dags. 7. þ.m., þar sem tilkynnt er áætlun stjórnarinnar um öflun stofnfjár til virkjunar Neðri-fossa í Soginu.
Bæjarráð samþ. áætlunina fyrir sitt leyti.

6. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í ágústmán.

7. Erindi frá Jóhannesi Kr. Jónssyni um rafmagnsheimtaug að gróðurhúsi og íbúðarhúsi í Mosfellslandi vísað til rafmagsstjóra til afgreiðslu.

8. Lögð fram umsókn Árna Jónssonar um rafmagnsheimtaug að Selási 2.

9. Samþ., að Guðm. Axelsson, Karf. 19, megi kaupa íbúð í Karfav. 19.

10. Samþ., að Vigdís Bjarnadóttir, Ak., megi kaupa íbúð í húsinu nr. 34 við Mávahlíð.

11. Samþ., að Benedikt Guðjónsson, Hoft. 44, megi kaupa íbúð í Karfavogi 21.

12. Samþ., að Jónas Jóhannesson, Skipasundi 21, megi kaupa íbúð í húsinu Skipasundi 21.

13. Samþ., að Jón Kr. Jónsson, Sandg., megi kaupa íbúð í húsinu Mávahlíð 26.

14. Erindi Stefáns K. Þorlákssonar, Njg. 71, um leyfi til torgsölu, vísað til heilbrigðisnefndar.

15. Lagt fram bréf frá skipulagsstjóra, dags. 6. þ.m., með umsögn um fyrirhugaða byggingu félagsheimilis Góðtemplarareglunnar við Hverfisgötu - Smiðjustíg.

16. Lagt fram bréf frá flugráði, dags. 5. þ.m., varðandi byggingu flugvélaverkstæðis á Reykjavíkurflugvelli. Vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

17. Samþ. að láta malbika Marargötu, Unnarstíg og Seljaveg, frá Vesturg. að Holtsgötu.

18. Borgarstjóra heimilað að greiða fyrir því, að Ingólfur Gunnar Ármannsson, Lauf. 58, geti fest kaup á íbúð, sem hann á nú kost á, hjá Byggingafélagi Alþýðu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagt fram frv. að verksamningi við Byggingarfélögin Brú h.f. og Stoð h.f., um byggingu íbúðarhúsa við Bústaðaveg. Bæjarráð samþykkir frv.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, mánudaginn 19. septbr., kl. 4 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tillaga frá Jóni Axel Péturssyni, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 15. þ.m., um að gera akfært að húsahverfinu í Grafarholtslandi, og athuga strætisvagnaferðir í þetta hverfi og að Árbæjarblettum. Fyrrihl. tillögunnar vísað til bæjarverkfr., en síðarhl. til forstjóra Strætisvagna til athugunar.

2. Lögð fram tillaga Sigf. Sigurhjartarsonar, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 15. þ.m., um endurskoðun á erfðafestubréfum um Árbæjarbletti.
Vísað til samvinnunefndar um skipulagsmál til umsagnar.

3. Samþ. tillaga bæjarverkfræðings um gangstíg við Þorfinnsgötu.

4. Samþ. að tilnefna Guðm. Ásbjörnsson í nefnd til að dæma um tillöguuppdrætti um sumarhús á Rauðavatnslöndum.

5. Reikningi frá Landssíma Íslands um bætur vegna tjóns á jarðsíma í Sogamýri í septbr. 1948 vísað til borgarstjóra til meðferðar.

6. Lögð fram skýrsla um aðalfund h.f. Steypustöðvarinnar 15. júní þ.á., og ársreikningur félagsins 1948.

7. Lögð fram fundargerð aðalfundar h.f. Skipanaust 3. júní þ.á. og reikningar félagsins árið 1948.

8. Erindi frá Jóni Halldórssyni, lögrþj., dags. 12. þ.m., varðandi launakjör, vísað til samvinnunefndar um launamál til ath.

9. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 9. þ.m.

10. Lagt fram bréf frá "Peoples World Convention 1950", dags. 23. ág. þ.á., með áskorun um að Reykjavíkurbær taki þátt í eflingu þessara samtaka.

11. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulöndunum Kleppsmýrarbl. IX og X, með húsum, fyrir kr. 35.000.-. Samþ. að nota forkaupsréttinn.

12. Samþ. að breyta kvöð um brottflutning, sem hvílir á húsinu Norðurás á Laugamýrarbl. XXXVIII, á þann hátt, að húsið megi standa allt að 10 ár frá 1. okt. 1949.

13. Samþ. að Valdimar Valdimarsson, Ljósv. 8, verði leigjandi Nesvegar 13, með Jóhanni Árnasyni og Sig. Jafetssyni.

14. Samþ. að Guðm. Guðjónsson, Selfossi, megi kaupa íbúð í húsinu Hraunt. 20.

15. Samþ. að leyfa byggingu bráðabirgðahúsnæðis fyrir verkstæði á lóð h.f. Byggingarfél. Brú við Borgartún, enda verði byggingin tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar þess verður krafist. Leyfi byggingarnefndar áskilið.

16. Samþ. að Ólafur Stefánsson, Skólavh. 20, megi verða leigjandi Sogavegar 114.

17. Erindi frá Árna J. Jóhannssyni, Sogav.116 B, varðandi umferðarrétt að húsi hans, vísað til bæjarverkfr. til meðferðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Erindi Ólafs Benediktssonar um skiptingu á lóðinni Bergþ. 11 A, vísað til byggingarnefndar.

19. Synjað erindi frá Þorbirni Jónssyni o.fl. um land í Vatnagörðum eða nágrenni, til búreksturs.

20. Erindi frá h.f. Íði, um iðnaðarlóð til bráðabirgða, vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

21. Lögð fram umsókn frá Vélsmiðjunni Sindra o.fl., um iðnaðarlóð við Lvg. 172.

22. Umsókn Hreggviðs Magnússonar, Hoft. 20, um leigulóð nr. 69 við Flókagötu, vísað til lóðaúthlutunarnefndar til athugunar.

23. Lögð fram umsókn Ingimundar Guðmundssonar, Bókhl. 6 B, um lóð undir fisksöluskúr við Bústaðaveg.

24. Lagt fram bréf frá Handíða- og myndlistaskólanum, dags. 4. þ.m., varðandi gangstétt á Grundarstíg, frá Bjargarstíg að Spítalastíg.

25. Borgarstjóra heimilað að semja við h.f. Ljósbogann um raflagnir í leikskóla við Barónsstíg og Drafnargötu.

26. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka tilboði Sigurðar Bjarnasonar um rafmagnslögn í barnaskólann í Langholtinu.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 20. septbr., kl. 2½ e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Hannesi Davíðssyni, arkitekt, dags. 12. þ.m., varðandi lóðina nr. 8 við Dyngjuveg. Bæjarráð telur ekki ástæðu til að breyta ráðgerðri skiptingu við Dyngjuveg, til þess að gera lóðina nr. 8 stærri. Hinsvegar heimilar bæjarráðið borgarstjóra að gefa leigutaka, Gunnari skáldi Gunnarssyni, fyrirheit um að ráðstafa ekki næstu lóð fyrir neðan Dyngjuveg 8, á meðan hann býr í húsinu, sem hann hyggst að reisa á lóð sinni. Er borgarstjóra falið að ganga nánar frá samningum um þessa kvöð.

2. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka á leigu íbúð á Grenimel 29, fyrir kennara og/eða nemendur Húsmæðraskólans.

3. Lagðar fram umsóknir frá nokkrum starfsmönnum um byggingarlán úr bæjarsjóði eða Eftirlaunasjóði. Ákvörðun frestað.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jóhann Hafstein. Jón Axel Pétursson.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 23. septbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að semja um kaup á lóðinni Þverholt 9 (Hornlóð Þverholt-Stakkholt).

2. Samþ. að heimila borgarstjóra að ráða Jón Þórðarson, bókara í bæjarskrifstofunum, til þess að vera forstöðumaður Hvítabandsspítalans og til annara skyldra starfa, eftir erindisbréfi, er borgarstjóri setur honum.

3. Lagt fram bréf frá Fjárhagsráði, dags. 23. þ.m., varðandi framsöl fjárfestingarleyfa einstaklinga til bæjarins, í því skyni að bærinn láti reisa íbúðir fyrir leyfishafa.

4. Lögð fram skýrsla um störf barnaverndarnefndar árið 1948.

5. Lagt fram bréf frá nokkrum starfstúlkum í skrifstofu Rafmagnsveitunnar, varðandi launahækkun.

6. Rætt um frv. að samningi um olíuleiðslu frá Laugarnesi að varastöðinni við Elliðaár. Falið rafmagnsstjóra og borgarritara til frekari undirbúnings.

7. Erindi Haralds Sigvaldasonar um rafmagnsheimtaug að íbúðarhúsi hjá Brúarlandi, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

8. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 10. þ.m., með umsókn h.f. Olíufélagsins um rafmagnsleiðslu að afgreiðslu félagsins við flugvöllinn.
Bæjarráð getur e.a. ekki orðið við erindinu, þar sem flugmálastjórnin hefir ekki leitað samninga við bæjarstjórnina um flugvallarsvæðið, og enginn skipulagsuppdráttur hefir verið gerður af svæðinu, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur.

9. Erindi flugráðsins, dags. 5. þ.m., um byggingu flugvélaverkstæðis á Reykjavíkurflugvelli, lagt fram. Vísað frá afgreiðslu, með sömu rökum og getur í 8. lið.

10. Lóðarumsókn Guðrúnar Heiðberg vísað til lóðaúthlutunarnefndar, sömuleiðis umsókn Þórðar Teitssonar.

11. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Svifflugfélagið megi hafa svifflugur til sýnis í sambandi við merkjasölu n.k. sunnudag, á stöðum sem tilgreindir eru í bréfi 23. þ.m.

12. Samþ. að Stefán Þorláksson, Njg. 41, megi setja upp söluskúr við Suðurlandsbraut, sem bráðabirgðaskúr.

13. Bæjarverkfræðingi heimilað að ráða Stefán Ólafsson, verkfræðing , í þjónustu bæjarins.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 27. septbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila töku alls Sogamýrarbl. LII úr erfðafestu, vegna byggingarframkvæmda.

2. Samþ. lóðaúthlutun með byggingarfresti til 31. desbr. næstk.:
Hreggviður Magnússon, Hofteigi 20, fær Flókagötu 69, með skilyrði um holræsi og vatn.
Hinrik Sveinsson, Brekk. 10, fær Granaskjól 5, með sama skilyrði.
Þórður Teitsson, Mávahlíð 14, og Kristján Sigurmundsson, Grund. 11, fái nr. 27 við Kvisthaga, enda afsalar Þórður sér lóðinni Langholtsv. 132.

3. Samþ. að Magnús Jónsson megi verða leigjandi erfðafestulandsins Árbæjarbl. 60.

4. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXXVIII fyrir kr. 100.000,-. Hafnað.

5. Erindi Þorkels Helgasonar, Litlu-Grund, dags. 5. þ.m., um ræktunarland o.fl., vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Erindi Ragnars T. Árnasonar, Vest. 36 B, um ræktunarland í nágrenni bæjarins, vísað til ræktunarráðunautar til umsagnar.

7. Synjað beiðni Svavars Kristjánssonar um skiptingu á erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXXIX.

8. Samþ. að Hjörtur Sigurðsson megi kaupa íbúð í húsinu Blönduhlíð 18.

9. Lögð fram umsókn v/Stig Johansen um kaup á íbúð í Bólstaðahlíð 13.

10. Samþ. að Júlíus Kristjánsson, Miðt. 30, megi kaupa íbúð í húsinu Nökkvav. 11.

11. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 30 við Bjarna Bjarnason, Túng. 5, og Svend A. Johansen, Freyjug. 42.

12. Erindi Magnúsar Stefánssonar, varðandi ráðstöfun á Laugamýrarbl. XIII og land fyrir hænsnabú, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

13. Lagt fram bréf h.f. Olíufélagsins dags. 23. þ.m., varðandi byggingu á skemmu við Reykjavíkurflugvöll. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

14. Borgarstjóra heimilað að kaupa hluta af lóðinni Bræðr. 12 B (við Drafnarstíg).

15. Lagt fram bréf frá Lúðvíki Gestssyni, dags. 26. þ.m., um ýmsar þarfir íbúanna í Smálöndum.

16. Lagt fram bréf frá íbúum við Seljaveg, dags. 1. þ.m., um malbikun götunnar.

17. Lagt fram bréf frá h.f. Skipanaust, dags. 21. þ.m., með beiðni um að bæjarsjóður auki hlutafjárframlag sitt í félaginu um helming. (Úr kr. 100.000,- í 200.000 kr.).

18. Erindi frá Gunnari Jónssyni, lögfr., dags. 22. þ.m., um vatnslögn að skála á Skólavörðuholti, vísað til vatnsveitustjóra til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Samþ. að mæla með því að Tónlistarfélagskórnum verði veittar kr. 20.000,- í fjárhagsáætlun næsta árs, til þess að greiða halla af söngför kórsins til Kaupmannahafnar sumarið 1948. Samþ. með 4 : 1 atkv.

20. Lagt fram bréf frá h.f. Steindórsprent, dags. 13. þ.m., um leyfi til að hafa opna blaðasölubúð í Tjarnargötu 4 til kl. 12 á miðnætti.

21. Lagt fram bréf, dags. 16. þ.m., frá h.f. Vélsmiðjunni Héðni, varðandi möguleika um greiðslusamninga á andvirði véla frá A.S. Dano til sorphreinsunarstöðvar.

22. Lagt fram bréf frá Vélsmiðjunni Héðni, dags. 16. þ.m., varðandi sölu á hluta af Garðhúsalóð til götustæðis, í makaskiptum fyrir lóðarspildu í nágrenninu.
Falið borgarritara og bæjarverkfræðingi til athugunar.

23. Lagt fram bréf, dags. 20. þ.m., frá nokkrum íbúum við Suðurlandsbraut, varðandi strætisvagnaferðir o.fl. Vísað til forstjóra Strætisvagnanna til umsagnar.

24. Erindi h.f. Smiðs um greiðslu útsvarsskulda vísað til borgarritara til afgreiðslu.

25. Erindi Ingólfs Jónssonar, starfsm. Rafmagnsveitunnar, um launahækkun, vísað til samvinnunefndar um launamál til umsagnar.

26. Erindi lögreglustjóra, dags. 24. þ.m., varðandi launakjör Hans Anderson, vísað til launamálanefndarinnar til umsagnar.

27. Samþ. að afsala Knattspyrnufél. Fram húsi á Laugamýrarbl. IV, með skilmálum er getur í bréfi félagsins 26. þ.m.

28. Lagðar fram fundargerðir samvinnunefndar um launamál 29. apríl og 25. septbr. þ.á.
Bæjarráð samþ. tillögur nefndarinnar og álit (78 - 85 mál).

29. Lögð fram skýrsla Hauks Péturssonar og Árna Þ. Árnasonar, dags. 21. þ.m., um för þeirra á ráðstefnu norrænna mælingarmanna í Osló í júní þ.á.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhanna Egilsdóttir.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 30. septbr., kl. 9 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf sakadómara, þar sem hann fer þess á leit, að Guðlaugi Jónssyni lögregluþjóni við rannsóknarlögregluna verði greidd varðstjóralaun. - Bæjarráð samþykkir, að Guðlaugi skuli greidd varðstjóralaun frá 1. júlí s.l.

2. Samþ. að leyfa Jónatan Jakobssyni, kennara að Jaðri, að kaupa íbúð í húsinu Drápuhlíð 10.

3. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 29 við Skipasund við Harald Þórðarson, Grund. 15 B, og Ásgeir Daníel Einarsson, Eskihlíð 23.

4. Lagt fram bréf Íþróttabandalags Reykjavíkur um að gerð verði bifreiðastæði við íþróttahúsið á Hálogalandi. Vísað til afgreiðslu bæjarverkfræðings.

5. Lagt fram bréf blómaverslana í Reykjavík um að sett verði ákvæði um torgsölu á blómum og grænmeti. - Vísað til borgarritara til athugunar.

6. Lögð fram umsókn Áfengisverzlunar ríkisins um lóð undir framtíðarbyggingu. - Bæjarráð ítrekar fyrri ályktun sína, sbr. bréf, dags. 26. júlí s.l., um að fyrirtækið verði að láta í té upplýsingar um fyrirhugaða stærð húss og greinargerð um, hvaða starfsemi er hugsuð í byggingu þessari, áður en unnt er að afgreiða lóðarumsókn þessa.

7. Lagðar fram umsóknir um rafmagnsheimtaugar frá 15 eigendum óleyfishúsa á bæjarlandinu. - Vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra.

8. Lögð fram umsókn Axels H. Mogensen, Karfavogi 35, um veitingaleyfi, ásamt meðmælum veitingaleyfisnefndar.

9. Lögð fram umsókn Jóns Helgasonar, Auð. 13, um næturrafmagn í bílskúr á Snorrabraut 73. - Vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra.

10. Borgarstjóra heimilað að veita Matthíasi Hreiðarssyni, tannlækni við Melaskólann, 35 þús. kr. lán vegna íbúðarkaupa.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhanna Egilsdóttir.

Sigfús Sigurhjartarson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 4. oktbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá Einari Ásgeirssyni, dags. 28. f.m., um leyfi til að hafa litun í húsnæði á lóðinni Óð. 9B, vísað til slökkviliðsstjóra til umsagnar.

2. Erindi frá Gunnari Vernharðssyni, Gren. 20, dags. 28. f.m., varðandi byggingu á Sogamýrarbl. XLVII, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

3. Erindi frá Guðm. Valtý Guðmundssyni, dags. 29 f.m., um lóð til að flytja á sumarbústað, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Lagt fram bréf, dags. 30. f.m., frá Samvinnumötuneytinu í Reykjavík, um leigu eftir lóðina Amt. 4. Vísað til borgarstjóra til nánari meðferðar.

5. Samþ. með 4:1 atkv., að verða við tilmælum flugráðs í bréfi 3. þ.m., um að gera megi verkstæði við flugskýli (nr. 5) á Reykjavíkurflugvellinum, með því skilyrði, að byggingin verði tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

6. Lögð fram tilkynning menntamálaráðuneytisins, dags. 1. þ.m., um að frú Elísabet Jónasdóttir hafi verið skipuð formaður skólanefndar Húsmæðraskólans, það sem eftir er kjörtímabils nefndarinnar.

7. Samþ. að setja Jóel K. Jóelsson, Blómvangi, sem forstöðumann við Reykjahlíðarbúið.

8. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að reisa megi varnarveggi úr steinsteypu á milli geymsluhúsa á leigulóð h.f. Júpiters og h.f. Mars á Kirkjusandi.

9. Samþ. að gefa Stefáni Backmann kost á lóðinni nr. 82 við Langholtsveg. Byggingarfrestur síðar ákveðinn.

10. Kristján G. Kristjánsson og Guðm. J. Kristjánsson afsala lóðunum Drápuhlíð 14 - 16.
Magnús Gíslason afsalar Karfavogi 17.
Einar Sturluson afsalar Hraunteig 26.
Óskar Sveinsson afsalar Nökkvavogi 16.

11. Lóðaúthlutun samþ. með byggingarfresti til nk. áramóta:

| | | |
|---|---|---|
| Guðrún Heiðberg, Tjarn. 10D, | fái | Kvisthaga 12 |
| Einar Sturluson, Lönguhl. 9, | - | Efstasund 92 |
| Óskar Sveinsson, Sigtúnum 41, | - | Hraunteig 26 |

með Jóhannesi Björnssyni.

12. Erindi flugvallarstjóra um rafmagn að flugskýli (nr. 5) á Reykjavíkurflugvelli, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

13. Erindi frá Guðjóni K. Ólafssyni um byggingu verslunarskýlis við Elliðaárnar, vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

14. Bæjarverkfræðingi falið að láta gera vegarbætur að svonefndu Smálandahverfi.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jóhanna Egilsdóttir.

Jóhann Hafstein.
Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1949, föstudaginn 7. oktbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Axel Kristjánssyni, dags. 8. f.m., með beiðni um húsnæði til vinnslu á pappa úr pappírsúrgangi. Borgarstjóra heimilað að leigja setuliðshús við Bústaðaveg í þessu skyni til bráðabirgða.

2. Lagt fram bréf bæjarverkfræðings, dags. 4. þ.m., um nokkur atriði varðandi gatnagerð, með hliðsjón af Lækjargötu.

3. Lagt fram bréf frá samvinnunefnd um skipulagsmál, dags. 4. þ.m., um skipulag iðnaðarsvæða.

4. Erindi Magnúsar J. Magnússonar, Laugarnesv. 34, um makaskipti á lóðarspildum til að rétta lóðina Laugarnesv. 34. Vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

5. Erindi Þóru Sveinbjarnardóttur, dags. 6. þ.m., um launakjör, vísað til samvinnunefndar um launamál.

6. Samþ. að veita Baldri Helgasyni, Leifsg. 18, löggildingu sem rafvirkja við lágspennuveitur í Reykjavík.

7. Samþ. að Olgeir Kristjánsson, Sigt. 35, megi kaupa íbúð í húsinu nr. 22 við Hofteig.

8. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 4. þ.m., varðandi húsbyggingar á Úlfljótsvatni. Frestað, þar til fjárhagsáætlun verður samin fyrir 1950.

9. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 10 f.m., varðandi skipun tveggja fastra starfsmanna.

10. Erindi rafmagnsstjóra, dags. 4. þ.m., varðandi útilýsingu við nýja Þjóðminjasafnshúsið, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

11. Lagt fram bréf frá forstjóra Strætisvagnanna, dags. 4. þ.m., varðandi ferðir að Smálöndum.

12. Erindi frá Ingimundi Guðmundssyni, Bókhl. 6 B, um fisksölu á Óðinstorgi og Káratorgi vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar.

13. Borgarstjóra heimilað að semja við Félag járniðnaðarmanna um sömu breytingar á samningi félagsins við bæinn, sem gerðar hafa verið á samningi félagsins við Meistarafélag Járniðnaðarmanna.

14. Erindi frá Fél. garðyrkjumanna, dags. 3.þ.m., um að bærinn geri kaup- og kjarasamning við félagið, vísað til borgarstjóra til nánari meðferðar.

15. Samþ. að fela Sigm. Halldórssyni húsameistara að gera tillöguuppdrátt að verzlunarhúsi í Bústaðahverfi.

16. Samþ. að Sigfús Blöndahl megi verða leigjandi erfðafestulandsins Kaplaskjólsmýri VII.

17. Erindi Ólafar Kristjánsdóttur, Hringbr. 37, um leyfi til að setja upp söluturn sunnan Kirkjugarðsins, vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar.

18. Samþ. að óska eftir greinargerð frá stjórn h.f. Steypustöðvarinnar vegna athugasemda endurskoðenda félagsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Erindi Einars Ásgeirssonar, Toledo, dags. 28. f.m., um rafmagnslögn að byggingu á baklóð Óðinsgötu 9 b, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

20. Samþ. að Ebenezer Þ. Ásgeirsson megi kaupa íbúð í húsinu Flókagötu 61.

21. Lagt fram bréf frá h.f. Skipanaust, dags. 7. þ.m., með nánari greinargerð vegna tilmæla stjórnarinnar um að bæjarsjóður auki hlutafjárframlag sitt.
Bæjarráð mælir með, að bærinn auki hlutafé sitt um helming, þegar vitað er, að nauðsynlegt lán fáist til þess að félagið geti hafið starfsemi sína.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. F. V. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, laugardaginn 8. oktbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

A. Tekið fyrir að úrskurða kjörskrárkærur út af alþingiskjörskrá, er gildi 23. þ.m.

1. Samþ. að fella af kjörskrá þessi nöfn:

Árni Ísleifsson, Aragata 9
Benedikt R. Kristinsson, Njg. 71
Borgþór E. Oddsson, Framn. 58 B
Brynhildur Pálsdóttir, Gren. 5
Clausen, Vigfúsína, Faxaskjól 10
Elías Arnlaugsson, Öld. 25
Gísli Th. Þorleifsson, Gren. 5
Guðmundur Kristinsson, Sogamýrarbl. 43
Guðmundur Magnússon, Kringl. Höfn.
Guðni Halldórsson, Frakk. 15
Gunnar G. Gíslason, Vest. Jórunnarsel
Hallgrímur H.B. Hallgrímsson, Njg. 4 B
Helgi Valdimarsson, Laugarnesv. Br. 25
Jóhann H. Guðnason, Bjarg. 5
Jón Pálsson, Hafn. 14
Lára Gunnarsdóttir, Skipasund 21
Ólína J. Valdimarsdóttir, Kambsv. 11, fædd 14. febr. 1930.
Sampsted, Hannes Ó., Nesv. 52
Sigurbjörn Stefánsson, Sólvallag. 74
Sigurður K. Sigurðsson, Njg. 4 B
Sigurður R. Þórðarson, Smiðj. 9
Vilborg Bjarnfreðsdóttir, Bald. 10
Magnús Magnússon, Birkimelur 6

2. Samþ. að bæta þessum nöfnum við kjörskrána:

Aðalsteinn Ingimundarson, Miðtún 30
Aðalsteinn Snæbjörnsson, Laugavegur 81
Anna Pauline, Túng., Landakotsspítala
Antonsen, Nicolaj T., Lauf., Suðurpól
Árni Sigursteinsson, Frakk. 22
Axel H. Magnússon, Eiríksg. 27
Billich, Carl., Kirkjuteig 27
Eberhardt, Konstantín A., Víðimelur 25
Eggert J. Þórarinsson, Ljósv. 8
Eiríkur Ágústsson, Lvg. 103 A
Friðjón Bjarnason, Holtsg. 33
Georg Kristjánsson, Kjart. 10
Guðmundur Einarsson, Grett. 77
Guðmundur Guðmundsson, Njálsg. 40
Gunnar Gunnarsson, Háteigsv. Br. 3 B
Halldór Þ. Guðlaugsson, Hólsv. 11
Halldór Ó. Stefánsson, Reykjanesbr. Br. 25
Halldóra Víglundsdóttir, Þórsg. 21
Haraldur Þórðarson, Skúlag. 78
Hjálmgeir Júlíusson, Þingh. 35
Hreiðar Jónsson, Snælandi v/Blesugróf
Jóhann Hannesson, Bergsst. 26 B
Jóhannes Hannesson, Blönduhl. 22
Jóhannes Ólafsson, Grett. 16 B
Johannessen, Marie, Háteigsv. Br. 16
Jón Erlendsson, Öld. 57
Júlíana Guðbjartsdóttir, Bergsst. 28 A
Kristinn B. Erlendsson, Hringbr. 50
Kristján Gíslason, Réttarholtsv.
Lárus S. Þorsteinsson, Hraunteigur 17
Magdalena S. Sigurmundsdóttir, Bergsst. 9 A
Maria, Elise. Túng., Landakotsspítali
- Emerentiana, - -
- Gabriella, - -
- Julitta, - -
Olsen, Mons, Miðtún 30
Óskar N.B. Jónsson, Þingh. 27

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Páll Sigurðsson, Óð. 6
Pedersen, Ruben V., Sörl. 19
Ragnar B. Sveinbjörnsson, Miðtún 44
Sigurbjörn J. Guðjónsson, Skipasund 10
Sigurður Þ. Oddsson, Fagradal v/Sogaveg
Sigurður Sveinbjörnsson, Ásv. 13
Sigurjón Kristjánsson, Ásv. 63
Símon Bjarnason, Nesv. Br. 2
Skarphéðinn Frímannsson, Skólav. Br. 3 A
Stefán S. Sigurjónsson, Bergþ. 33
Valfells, Jón B., Tjarnarg. 3 A
Valfells, Svava S., -
Vang, Jakob J., Kirk. 2
Þórður S. Ásgeirsson, Grett. 50
Þórður S. Ólafsson, Mjóstræti 3
Þorsteinn J. Bjarnason, Hverfisg. 80
Farestveit, Einar, Hraunteig 30
Edelstein, Heinz, Ásvallagötu 17
- Charlotte, -
Signý Sen, Mikl. 40
Urbantschitsch, Viktor, Kambsv. 9
- Melitta, -
Margrét S. Jónsdóttir, Lind. 38
Magnús Bragi Þorsteinsson, Aragötu 11
Jens Kristjánsson, Sólvallag. 18
Elín S. Davíðsdóttir, Hraunteig 20
Sigríður Davíðsdóttir, -
Gunnar Aðalsteinn Ásgeirsson, Bústaðabl. 12
Biering, Helga, Smiðjustíg 12
- Hilmar, -
María Finnsdóttir,
Svanfríður Benediktsdóttir, Skálh., Sauðagerði
Skúli Einarsson, Eskihlíð 12 B
Smith, Ásta Jóh. Guðmundsdóttir, Mávahl. 14
Steinunn Júlíusdóttir, Þjórsárg. 1
Storr, Svava Einarsdóttir, Laugav. 15
Benedikt Gunnarsson, Barmahl. 6
Vilborg Jórunn Þórarinsdóttir, Langhv. 196
Björn J. Lárusson,
Erla Ólafía Bergsveinsdóttir, Hverfisg. 12
Hermína Sigurjónsdóttir, Snorrabr. 77
Finnur Th. Jónsson, Snorrabr. 77
Ólafur Gunnarsson, Stórholt 33
Páll Halldórsson, Eskihlíð 16
Schiödt, Inger, Oddagötu 12
Thorberg, Ágústa, Tjarnarg. 42
Hlynur Júlíusson, Nesveg 47
Sæmundur Sæmundsson, Mjóahl. 8
María Erlendsdóttir, Leifsg. 6
Proppé, Magnús, Thorv. 6
- Þórey, Hrefna, Thorv. 6
Sigurgeir Eiríksson, Leifsg. 4
Einar M. Einarsson, Bergsst. 46
Andrea G. J. Sigurðardóttir, Skaptahlíð 11
Jóhanna Helga Ákadóttir, Bergst. 63
Kristín Pálsdóttir, Hólum v/Kleppsv.
Elísabet Bjarnadóttir, Langhv. 131
Skarphéðinn Jóhannsson, Skothv. 7
Jón Jónasson, Leifsg. 8
Jóhanna Elínborg Bjarnadóttir, Vest. 9
Þórhildur Gísladóttir, Garðastr. 8
Clausen, Oscar, Þingh. 11
Ari Hálfdánarson, Hátv., Sjómannask.
Þorsteinn Hermannsson, Vest. 20
Halldór Einarsson, Kapl. 54
Þorsteinn Finnbogason, Barón. 25
Lilly Ásgeirsson, Marargötu 5
Skagfjörð, Höskuldur, Þingh. 29
Ágústa Úlfarsdóttir, Bárug. 19
Anny Ólafsson, Eiríksg. 35
Sigurður Ólafsson, Eiríksg. 35
Ásta Guðjónsdóttir, Grenimel 4
Björn Bjarnason, Vest. 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðjón Sigurðsson, Njálsg. 49
Svanfríður Þórðardóttir, Hofteig 14
Sveinn Snorrason, Nýja Garði
Símon Guðjónsson, Njg. 41.

3. Eftirgreindum kærum synjað, þar sem upplýsingar manntalsskrifstofunnar benda til þess, að kærendur hafi ekki verið orðnir búsettir hér í bænum, þegar kjörskrá var samin:

Bragi Guðjónsson, Hraunteig 17
Guðjón Úlfarsson, -
Dóra Guðmundsdóttir, Lindarg. 1
Helga Arngrímsdóttir, Mikl. 62
Sigrún Runólfsdóttir, Drápuhl. 26
Kristín Guðvarðardóttir, Holtsg. 20
Gunnar Pálsson, Stórholti 19
Guðmundur Ben. Ólafsson, Tjarn. 41
Þorlákur Jónsson, Sigtún 25
Sigurveig Óladóttir, Sigtún 25,
Jón Þorláksson, Sigtún 25.

4. Synjað, þar sem óvíst er um heimilisfang í Reykjavík:

Kristinn Th. Hallgrímsson, áður Eiríksg. 23
Jón Sigurðsson, - Kirk. 2
Markan, Rolf, - Auðar. 13
Markan, Björn, - Auðar. 13.

5. Synjað, þar sem upplýst er talið, að kærendur séu erlendir (kanadiskir) ríkisborgarar:

Stephensen, Friðný, Bræðr. 34
- Gunnlaugur, Bræðr. 34.

6. Eftirtöldum kærum var synjað, þar sem vafasamt er, að kærendur fullnægi 5 ára búsetuskilyrðinu:

Lára Magnúsdóttir, Hringbr. 116
Elísabeth Þorsteinsson, Hátv. 32
Helgi Þorsteinsson, Hátv. 32
Fjeldsted, Hjörtur, Suðurg. 8 B
Laufey Einarsdóttir Jedlicková, Skálh. 2
Rasmussen, Birna M., Nesv., Sólbakki
Þórarinn Jónsson, Skaptahlíð 15
Hermann Þorsteinsson, Þórsg. 9
Ingibjörg Magnúsdóttir, Þórsg. 9
Björn Kristjánsson, Drápuhl. 24
Hermína Sigurgeirsdóttir, Drápuhl. 24
Ingeborg Einarsson, Efst. 55
Karl G. Sölvason, Mýrarg., Ólafshús
Kristín Laufey Ingólfsdóttir, Brávallag. 26
Margeir S. Sigurjónsson, Brávallag. 26
Margrethe Skúlason, Lauf. 44
Schneider, Anton, Skála v/Túngötu
- Guðrún -
Sigurjón Ólafsson, Laugarnesv. Br. 70
Soffía Rögnvaldsson, Shellv. 2
Ólafur Pétursson, Freyjug. 3
Njörður Snæhólm, Þingh. 17
Carlsson, Einar, Njálsg. 77
- Margrethe, Njálsg. 77
Jónína Pálsdóttir Kinsky, Skólavh. 18
Kinsky, Falk Konráð, Skólavh. 18
- Örn Ingólfur, -

7. Þessum kærum synjað, þar sem nöfn kærenda eru á kjörskránni:

Magnús Bergþórsson, Þvottal.bl. 30, 20575
Gunnar Matth. Þórarinsson, Hagamel 22, 10945
Hallgrímur Guðmundsson, Blönd. 6, 11816
Guðmunda V. Guðmundsdóttir, Sigt. 33, 8216
Scheving, Steina Aðalheiður, Landssp. 25107
Guðlaug Guðjónsdóttir, Efst. 66, 7964.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Á fundinum voru afturkallaðar kærur um að þessum nöfnum yrði bætt á kjörskrána:

   Guðmundur Þorvarðarson, Mímisv. 2 A
   Pálmi Ólafsson, Þórsg. 23
   Óskar Þ. Bergþórsson, Kamp Knox E 2
   Páll Axelsson, Hjallav. 14
   Ragnar Grímsson, Kambsv. 27.

9. Skv. kæru Guðmundar Guðmundssonar, prests, Pólgötu 10, Ísafirði, var nafn hans fellt af kjörskrá hér, þar sem upplýst var, að hann hafi verið fluttur héðan er kjörskrá var samin.

10. Kærur frá oddvitanum í Miklaholtshreppi, um að Kristján Breiðdal, Suðurg. 39, Ragnheiður Björnsdóttir, Sogamýrarbl. 39 við Háaleitisv. og Þorkell Guðbjartsson, s.st., verði felld af kjörskrá hér, voru ekki teknar til greina, þar sem upplýst var, að þessir kjósendur voru búsettir hér, er kjörskrá var samin.

B. Samþ. að skipta kjósendum í 38 kjördeildir við alþingiskosningarnar 23. þ.m.
Kjörstaðir ákveðnir:

| | | |
|---|---|---|
| Miðbæjarskólinn | 1. - 28. | kjördeild |
| Iðnskólinn | 29. - 37. | - |
| Elliheimilið | 38. | - |

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jóhann Hafstein.

Björn Bjarnason.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, miðvikudaginn 19. oktbr., kl. 1½ e.h., hélt bæjarráðið fundi í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Eftir tillögu lögreglustjóra og bæjarverkfr. var samþ. að láta setja upp umferðaljósmerki á gatnamótum Laugavegar og Snorrabrautar, í stað Aðalstræti - Austurstræti.

2. Samþ. að heimila bæjarverkfræðingi að leigja Jónasi Jónssyni, vörslumanni, landsskika til beitar í horni Breiðholtsgirðingar. Samþ. til bráðabirgða.

3. Beiðni um leyfi til byggingar íbúðarhúss á erfðafestulandinu Bústaðabletti V, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

4. Synjað beiðni Gunnars Vernharðssonar, dags. 28. f.m., um byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XLVII.

5. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings, dags. 11. þ.m., um rekstur sandnáms og grjótnáms bæjarins.

6. Lagt fram bréf frá sendiráði Breta, dags. 7. þ.m., með ósk um lóð fyrir sendiráðsbyggingar. Vísað til skipulagsnefndar til umsagnar.

7. Erindi frá Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, dags. 6. þ.m., lóðarumsókn undir þrjár byggingarsamstæður með íbúðum fyrir aldrað fólk, vísað til skipulagsins til umsagnar.

8. Bréfi h.f. Hamars, dags. 6. þ.m., varðandi lóðarumsókn við Borgartún, vísað til skipulagsins til umsagnar.

9. Samþ. tillaga samvinnunefndar um skipulagsmál í bréfi 4. þ.m., um staðsetningu smáiðnaðarhverfis og kjötsölumiðstöðvar við Elliðaárvog vestanverðan. Lóðaúthlutun ákveðin síðar.

10. Bæjarráð er fyrir sitt leyti andvígt ákvörðun byggingarnefndar 28. júlí (53. mál) um að fella úr gildi uppdrátt af húsi nr. 47 við Hátún.

11. Erindi Guðm. Valtýs Guðmundssonar, um lóð til að flytja á sumarbústað, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

12. Erindi Axels Clausens, um lóð til að flytja á sumarbústað, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

13. Erindi Jóhanns Sigurðssonar um lóð undir hænsnabú, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

14. Lagt fram bréf frá Áfengisverzlun ríkisins, dags. 7. þ.m. þar sem gerð er grein fyrir starfsemi í fyrirhugaðri byggingu verzlunarinnar.
Málinu vísað til skipulagsins.

15. Lagt fram bréf frá h.f. Gamla Kompaníinu, dags. 12. þ.m., varðandi breytingu á ákvæðum í leigusamningi um lóðina Snorrabraut 56.

16. Erindi Halldórs H. Jónssonar f.h. byggingarnefndar Fiski- og Fiskiðnaðardeildar Háskólans um rafmagnsheimtaug að vinnuskúr við Sölfhólsgötu, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

17. Erindi frá Ólafi L. Fjeldsted, Holtsgötu 17, um rafmagnsheimtaug til ljósa að vinnuskúr, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

18. Erindi frá nokkrum starfsstúlkum Rafmagnsveitunnar, dags. 10. þ.m., og erindi frá Jóni Jónssyni, starfsm. hjá Rafmagnsveitunni, dags. 15. þ.m., um launabætur, vísað til samvinnunefndar um launamál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 12. þ.m., með greinargerð og kostnaðaráætlun um aukningu rafmagnskerfisins á Digraneshálsi.

20. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í septb þ.á.

21. Lagt fram bréf frá póst- og símamálastjóra, dags. 7. þ.m., með kröfu um að bæjarsjóður greiði bætur vegna skemmda, er varð á jarðsíma, er grafið var fyrir bæjarbyggingunum við Bústaðaveg.
Bæjarráð neitar að greiða bætur án dómsúrskurðar.

22. Lagt fram frv. að samningi við Kópavogshrepp um afnot vatns úr Vatnsveitu Reykjavíkur.
Borgarstjóra heimilað að undirrita samning samkv. frv.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.
Guðm. Ásbjörnsson, Björn Bjarnason.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, mánudaginn 31. oktbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að Haraldur Karlsson, Fálk. 24, megi verða leigjandi lóðarinnar Teigavegur 6 í Grafarholtslandi.

2. Samþ. að Sveinbjörn Jóhannsson, Óð. 13, megi verða leigjandi að hálfu leigulandinu Smálandabraut 3, enda verði landið áfram óskipt sameign.

3. Samþ. að Halldór Sigurðsson, Freyjug. 17 B, megi verða leigjandi lóðar nr. 17 við Smálandabraut.

4. Samþ. að Friðþjófur Þorbergsson megi kaupa íbúð í húsinu Miðtún 82.

5. Samþ. að Guðjón Sveinsson megi kaupa íbúð í húsinu Hofteigur 22.

6. Samþ. að Hólmar Magnússon og Þorv.Jónsson megi kaupa íbúð í húsinu Miklubraut 64.

7. Samþ. að Ari Þorleifsson, Norðf., megi kaupa íbúð í húsinu Langhv. 106.

8. Samþ. að Sighvatur Pétursson, Snorrabr. 35, megi verða leigjandi lóðar nr. 3 við Smálandabraut.

9. Samþ. að heimila borgarstjóra að gera leigusamning um lóðina Laugateig 16 við Gunnar Símonarson, Vest. 36, og Árna Snjólfsson, herskála við Gullteig.

10. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Nökkvavog 3 við Harald Sigurðsson, sem er búsettur þar.

11. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Nökkvavog 40 við Axel Pétursson, Hag. 22.

12. Bréfi frá skipulagsstjóra, dags. 15. þ.m., varðandi fimmta mót "Nordisk Byggnadsdag", sem áformað er að halda í Stockholm 14. - 16. maí 1950, vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara til umsagnar.

13. Erindi frá Friðbirni Guðbrandssyni og Tómasi G. Guðjónssyni, dags. 30. f.m., varðandi skúr á lóðinni nr. 34 við Hofteig, vísað til byggingarfltr. til umsagnar.

14. Samþ. að Sigfús Sigurðsson, Snorrabr. 48, megi kaupa íbúð í húsinu nr. 16 A við Eskihlíð.

15. Umsókn frá Óla J. Ólasyni o.fl., dags. 15. þ.m., um leyfi til að setja upp söluskúr við horn Rauðarárstígs og Miklubrautar, eða á öðrum góðum stað, vísað til lögreglustjóra til umsagnar.

16. Erindi Sigurbjarnar Einarssonar, dags. 3. þ.m., varðandi framtíðarbyggingu á lóðinni Bergstaðastræti 41, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

17. Erindi frá Oddi Jónassyni, dags. 12. þ.m., til byggingarnefndar, varðandi byggingarframkvæmdir á lóðinni Laufásv. 17, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

18. Erindi Einars Ögmundssonar, dags. 18. þ.m., varðandi húsbyggingu á lóð úr Hólabrekkublotti, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

19. Lagt fram eftirrit af bréfi borgarstjóra til Sumardvalafélags Oddfellowa, dags. 14. f.m., þar sem spurst er fyrir um, hvort möguleikar séu til þess, að bærinn geti fengið hús félagsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá Silungapolli til leigu, til að hafa þar vetrarstarfsemi, svarbréf félagsins, dags. 3. þ.m., eftirrit af bréfi borgarstjóra til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 5. þ.m., svarbréf nefndarinnar, dags. 6. þ.m.
Bæjarráð samþykkir að heimila borgarstjóra að semja við Oddfellowa um leigu á húsinu.

20. Rætt um stofnun hælis fyrir unglinga á glapstigum. Borgarstjór falið að ræða málið við ráðherra.

21. Lagt fram bréf frá Húsaleigunefnd, dags. 11. þ.m., með tilmælum um, að bæjarráð láti nefndinni í té fleiri hermannaskála, vegna óvenju mikilla húsnæðisvandræða nú í haust.
Ennfr. lögð fram greinargerð frá Hjálmari Blöndal og Ól. Sveinbjörnssyni, skrifstofustjórum, dags. 22. þ.m. Ákveðið að senda nefndinni greinargerðina.

22. Erindi Rauða Kross Íslands, dags. 7. þ.m., þar sem farið er fra á aukinn styrk vegna sumardvala barna á síðastl. sumri, vísað til fræðslufulltrúa til umsagnar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.
Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, fimmtudaginn 3. nóv., kl. 9 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Ljósmæðrafélags Reykjavíkur, dags. 19. okt., um ráðningu á hjálparstúlku til sængurkvenna. Ákveðið að óska umsagnar borgarlæknis.

2. Lagt fram bréf lögreglustjóra, ásamt skýrslu Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns, um benzínafgreiðslu h/f Shell í Lækjargötu.

3. Lagt fram bréf Blindravinafélags Íslands um hækkun á styrk til félagsins. Vísað til fjárhagsáætlunar.

4. Lögð fram áskorun frá íbúum í Laugarnescamp um að Ingu Kristjánsdóttur verði leyft að opna matvöruverzlun í steinskúr við Laugarnesveg. - Vísað til borgarlæknis til umsagnar.

5. Lagt fram bréf frá Mjólkursamsölunni um stækkun lóðar mjólkurstöðvarinnar á Laugavegi 162. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

6. Lögð fram beiðni frá Haraldi Kristinssyni, Brag. 30, um kaup eða leigu á verzlunarhúsnæði við Bústaðaveg.

7. Lögð fram beiðni Jóhannesar Bjarnasonar og Þorvaldínu Jónsdóttur, Njál. 53, um hitalögn í húsið Njálsgötu 53. - Samþ. að óska umsagnar hitaveitustjóra.

8. Lagt fram bréf Einars Jónassonar, Þvervegi 14, um hreinsun á brotajárni. - Vísað til umsagnar borgarlæknis.

9. Lögð fram beiðni Símonar Símonarsonar, Höfðaborg 50, um létta vinnu. - Vísað til ráðningarstofunnar.

10. Lögð fram tilboð í hitunar- og hreinlætiskerfi í leikskólana. Samþ. að taka lægsta tilboði, frá Bergi Jónssyni pípulagningarmeistara, kr. 51.400,oo.

11. Bæjarráð samþ. að láta auglýsa laust ljósmóðurstarf í bænum, í stað Þórdísar J. Carlquist, sem látið hefir af störfum.

12. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að ljósmæðrunum Þuríði Bárðardóttur og Þórdísi J. Carlquist verði veittar 5 þús. kr. hvorri, í viðurkenningarskyni fyrir óvenju langt og gott starf í þágu bæjarfélagsins.

13. Samþ. að fela samvinnunefnd um launamál að athuga launakjör byggingarfulltrúa, húsameistara bæjarins og Gunnars Ólafssonar húsameistara.

14. Lagt fram bréf Útvegsmannafélags Reykjavíkur, dags. 29. okt., um fiskverð og öflun fiskjar handa bæjarbúum.

15. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 1. nóv.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.
Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 4. nóvbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá hestamannafél. Fák, dags. 18. f.m., þar sem óskað er eftir því að bæjarráð verði við tilmælum félagsins, um skeiðvöll, reiðveg og beitarlönd, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

2. Bæjarráð synjar að svo stöddu beiðni um skiptingu á leigulandinu Árbæjarbletti XIII.

3. Erindi Þorkels Helgasonar, varðandi byggingu á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti I, vísað til skipulagsmanna til athugunar.

4. Lögð fram lóðarumsókn Ástu Magnúsdóttur, Tjarnarg. 10 C.

5. Lóðarumsókn Margeirs Magnússonar, Skipasundi 62, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

6. Samþ. að Vigfús Vigfússon megi kaupa íbúð í húsinu Langholtsveg 104.

7. Erindi frá Sig. Ólasyni, hrl., varðandi greiðslu andvirðis hússins Hverf. 80, vegna breikkunar Hverfisgötu, vísað til borgarritara til umsagnar.

8. Erindi Helga S. Eggertssonar um rafmagn í hænsnahús við Blesugróf, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

9. Erindi Jóns B. Jónssonar um rafmagn til næturhitunar í útihúsi hjá Efrihlíð, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

10. Rætt um staðsetningu kvennaheimilisins Hallveigarstaða, dvalarheimilis aldraðra sjómanna og bæjarsjúkrahúss. Skipulagsstjóri ríkisins mætti á fundinum til viðræðna um þessi mál. Bæjarráð óskar eftir nánari tillögum samvinnunefndar um skipulagsmál, um staðsetningu þessara bygginga.

11. Rætt um áframhaldandi undirbúning að byggingu bæjarsjúkrahúss.

12. Bæjarráð leggur til að hafðir verði þrír kjörstaðir við bæjarstjórnarkosningarnar í janúar næstk., Laugarnesskólinn, Austurbæjarskólinn og Miðbæjarskólinn. Er borgarritara og forstöðumanni manntalsskrifstofunnar falið að gera tillögur um skiptingu bæjarins í kjörhverfi.

13. Eftir tillögu lögreglustjóra samþykkir bæjarráð að banna bifreiðastæði í Aðalstræti.

14. Erindi um upphitun smurstöðvar H. Í. S., Hafn. 23, með rafmagni til bráðabirgða, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

15. Umsóknum um rafmagnsheimtaugar frá 13 eigendum óleyfishúsa á bæjarlandinu, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 8. nóvbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Rætt um skiptingu bæjarins í kjörhverfi við bæjarstjórnarkosningarnar í janúar næstk.

2. Lögð fram umsókn frá h.f. Stefni, dags. 2. þ.m., um lóðina nr. 172 við Laugaveg.

3. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Barmahlíð 54 við Hauk Eggertsson og Guðlaug Guðmundsson, Barm. 54, og um lóðina Barmahlíð 56 við Hjört Jónsson, Barm. 56.

4. Samþ. með 3 : 1 atkv. (J.A.P.) að Gunnar Bíldal megi kaupa húsið nr. 7 við Skipasund.

5. Lagt fram bréf frá húsaleigunefnd, dags. 7. þ.m., um ráðstöfun á skálum við Elliðaár. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

6. Erindi frá Sveinbirni Einarssyni, Lnv. 50, og Hallgrími Oddssyni, Mikl. 44, um húsnæði í herskála til viðgerða og uppsetningu veiðarfæra, vísað til skrifstofustjóra bæjarverkfræðings til umsagnar.

7. Lagt fram bréf flugvallastjóra, dags. 2. þ.m., með skýrslu um bragga og byggingar á Reykjavíkurflugvelli, dags. 7. oktbr. síðastl.

8. Rætt um staðsetningu nýrra hafnarmannvirkja í Reykjavík. Á fundinum mættu hafnarstjóri og hafnarstjórnarmennirnir Friðrik Ólafsson, Hafsteinn Bergþórsson og Hallgrímur Benediktsson. Bæjarráð ítrekar fyrri ályktun sína um að ráðstafa ekki landi við víkina undan Kirkjusandi á annan hátt en samrýmst gæti hafnargerð í víkinni, er fram líða stundir.

9. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 8. þ.m. Að fenginni umsögn nefndarinnar getur bæjarráð ekki fallist á tillögu Útvegsmannafél. Reykjavíkur í erindi þess, dags. 29. f.m.

10. Reikningi frá Jónasi Jónassyni fyrir reiðingstorf til hitaveitunnar frá Reykjahlíð að Reykjum, vísað til hitaveitustjóra og borgarritara til afgreiðslu.

11. Beiðni frá oddvita Mosfellshrepps um vinnuheimtaug að fyrirhuguðu félagsheimili að Brúarlandi vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

12. Erindi frá aðstoðarkonum við ljóslækningar í barnaskólunum, um bætt launakjör, vísað til samvinnunefndar um launamál.

13. Erindi frá brunavörðum, dags. 3. þ.m., um frítt far með strætisvögnum vísað til samvinnunefndar um launamál.

14. Lögð fram tillaga Hannesar Stephensen, varðandi viðgerð á verkamannaskýlinu, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 6. f.m. Borgarstjóri skýrði frá því hvað liði viðgerð verkamannaskýlisins og endurbótum á því.

15. Lagðar fram tillögur frá Steinþóri Guðmundssyni, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 20. oktbr. og frá Jóni A. Péturssyni og Jóhönnu Egilsdóttur, er vísað var til bæjarráðs á fundum bæjarstjórnar 6. oktbr. og 3. nóvbr. síðastl.

Borgarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í bæjarráði:

"Margir einstaklingar, sem eiga hús í smíðum, en lent hafa í örðugleikum vegna lánsfjárskorts, hafa sótt til bæjarstjórnar um lánsfé úr bæjarsjóði. Út af þessum umsóknum tekur bæjarráð fram:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Bæjarsjóður styrkir byggingu verkamannabústaða með nær einnar millj. króna framlagi í ár.

2. Bæjarráð hefir ákveðið, í samráði við stjórn Eftirlaunasjóðs bæjarins, að lána byggingarsamvinnufélögum starfsmanna bæjarins til íbúðarhúsabygginga úr Eftirlaunasjóði. Sú fjárhæð, sem bæjarsjóður leggur fram í þessu skyni, getur numið hátt upp í eina milljón króna á þessu reikningsári.

3. Bæjarstjórnin hefir í smíðum 100 íbúðir við Bústaða- og Grensásveg. Íbúðir þessar verða tveggja, þriggja og fjögurra herb. íbúðir, einfaldar, hentugar og ódýrar miðað við núverandi verðlag.

   Þessar íbúðir mun bærinn gera fokheldar, húða þær utan og setja í þær hitunartæki, en selja síðan fjölskyldufólki, sem mesta þörf hefir og býr við erfiðastar ástæður. Efnalitlu fólki gefst þannig tækifæri til þess að eignast íbúð og leggja fram eigin vinnu til að fullgera hana, og var sú vinna gerð skattfrjáls með lögum frá síðasta Alþingi.

   Bærinn mun lána kaupendum með óvenju hagkvæmum kjörum þá fjárhæð, sem íbúðin kostar fokheld með hitunarkerfi. Framlag bæjarsjóðs til þessara bygginga mun nema 5 - 6 millj. króna.

   Auk þessa hefir bæjarstjórnin gefið þeim, sem hafa fjárfestingarleyfi, en geta ekki notað þau vegna fjárskorts, kost á að skila þeim til bæjarins gegn því, að bærinn byggi fyrir þá íbúð af sömu gerð og með sömu kjörum og fyrrnefndar íbúðir.

   Allmargir munu notfæra sér þetta boð bæjarstjórnar og mun bæjarsjóður þurfa að leggja fram 1 - 2 millj. króna í þessu skyni.

   Bæjarstjórnin hefir samþykkt að byggja 200 íbúðir af þessari gerð, og þótt bærinn hafi enn aðeins fengið fjárfestingarleyfi fyrir 100 íbúðum, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, heldur bæjarráð fast við ákvarðanir sínar um að halda áfram á þessari braut, og byggja eins margar íbúðir af þessari gerð og leyfi fást fyrir.

   Bæjarráð telur hagkvæmast fyrir húsnæðismálin, að bæjarsjóður noti allt það fé, sem hann getur varið til íbúðabygginga, til að halda áfram þeirri byggingastarfsemi, sem byrjað er á við Bústaðaveg.

Þótt æskilegt hefði verið að geta rétt þeim mönnum hjálparhönd, sem stöðvast hafa við húsbyggingar sínar vegna lánsfjárskorts, telur bæjarráðið með tilvísun til framangreindra atriða ekki fært, að bæjarsjóður leggi út á þá braut bankastarfsemi, að lána þeim mörgu einstaklingum, sem í vandræðum eru og sótt hafa um lán.

Beinir bæjarráð þeirri eindregnu áskorun til bankanna og annara lánsstofnana að leitast við að greiða fyrir þeim mönnum, sem nú eiga íbúðarhús í smíðum í Reykjavík, til þess að þeir geti fullgert íbúðir sínar".

Tillagan samþ. með 3 samhlj. atkv.
Sigfús Sigurhjartarson tekur fram, að hann heldur fast við það sjónarmið, sem fram kemur í tillögu Steinþórs Guðmundssonar, er flutt var á bæjarstjórnarfundi 6. oktbr. og endurflutt 3. nóvbr., og getur því ekki greitt tillögu bæjarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins atkv.
Jón A. Pétursson vísar til tillögu sinnar og Jóhönnu Egilsdóttur, sem flutt var í bæjarstjórn 20. oktbr. og 3. nóvbr., og greiðir því ekki atkvæði.

16. Rætt um áframhaldandi undirbúning að byggingu bæjarsjúkrahúss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagt fram bréf frá Ásgeiri Ásgeirssyni, frá Fróðá, dags. 17. f.m., þar sem hann fer fram á uppbót á söluverð eignarinnar Rauðarárstíg 19, sem miðuð yrði við vísitöluhækkun byggingarkostnaðar síðan eignin var metin, í ágúst 1946. Bæjarráð telur ekki fært að verða við erindinu.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jón Axel Pétursson.

Hallgr. Benediktsson.
Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 11. nóvbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Ágúst Pálssyni, arkitekt, dags. 5. þ.m., með greinargerð um timburkaup til leikskólabygginganna, sem nú eru í smíðum.

2. Lagt fram bréf frá Þorfinni Kristjánssyni, Kaupm.höfn, dags. 5. þ.m., þar sem hann beiðist þess að bæjarsjóður veiti 1000 kr. styrk til að styðja að heimsóknum Íslendinga, búsettra í Danmörku, hingað til landsins. Samþ. að mæla með erindinu.

3. Lögð fram tilkynning frá rafmagnsstjóra um að Lárus L. Magnússon hafi sagt lausu starfi sínu við Varastöðina. Rafmagnsstjóra falið að auglýsa eftir vélgæzlumanni.

4. Lögð fram ársskýrsla Samb. ísl. rafveitna árið 1948.

5. Lagt fram bréf Einars Guðmundssonar, dags. 9. þ.m., með beiðni um að mega setja upp söluturn í Miðbænum.

6. Lögð fram skýrsla um störf Ráðningarstofunnar í oktbr. þ.á.

7. Lögð fram lóðarumsókn frá Þorsteini Einarssyni, Guðrg. 9.

8. Lögð fram fundargerð veitingaleyfisnefndar 4. þ.m. Erindum frá Gunnlaugi Ólafssyni, Við. 60, og Haraldi Kr. Gíslasyni, Hraunteig 24, um meðmæli til að fá veitingaleyfi, vísað til bæjarstjórnar.

9. Samþ. að biðja skipulagsmenn bæjarins um að gera tillögur um staðsetningu söluturna eða blaðsöluskýla í bænum, ef fært þykir að leyfa slíkar stofnanir.

10. Borgarstjóri skýrði frá því, að samkv. upplýsingum frá stjórn s.f. Faxa væru horfur á því, að stofnkostnaður Örfiriseyjarverksmiðjunnar muni nema allt að 16 millj. krónum alls, en framlög eigenda og þegar tekin lán næmu alls um kr. 12.750.000.-, auk bráðabirgðalána frá eigendum, ca. 750 þús. kr.
Bæjarráð samþykkir að sínu leyti, að allra ráða beri að leita til að fullgera verksmiðjuna og samþykkir fyrir sitt leyti lántöku félagsins í því skyni, sem og framlög úr bæjarsjóði, á móts við framlög frá h.f. Kveldúlfi, eftir því sem ástæður leyfa.

11. Lagt fram bréf frá S. Í. S., dags. 10. þ.m., með beiðni um ca. 6 ha. iðnaðarlóð við Elliðaárvog. Vísað til samvinnunefndar um skipulagsmál til umsagnar.

12. Samþ. að fela húsameisturunum Einari Sveinssyni og Gunnari Ólafssyni að gera teikningar að bæjarsjúkrahúsi, á grundvelli álits þeirrar nefndar, er skipuð var til undirbúnings málinu. Felur bæjarráð nefndinni að starfa áfram að sjúkrahúsmálinu og samþykkir að skipa til viðbótar í nefndina læknana dr. Halldór Hansen og Friðrik Einarsson. Nefndin tilnefnir sjálf úr sínum hópi ráðunauta, er hafi stöðugt samstarf við húsameistarana.
Skal teikningum og öðrum undurbúningi hraðað sem mest.

13. Samþ. að óska eftir mati á mannvirkjum, sem Tómas Gíslason, Hverf. 80, hefir látið gera á lóðinni Nökkvavogi 42, en lóðin hefir síðan verið leigð Gunnari Guðmundssyni.

14. Samþ. með 2:1 atkv. að gefa Jóni Sæmundssyni, Hjallav. 8, kost á lóðinni Efstasundi 96, enda afsali hann öllu tilkalli til lóðarinnar Skipasund 12.

15. Samþ. að gefa Stefáni Jónssyni, Aðal. 18, kost á lóðinni Efstasund 90, með byggingarfresti til næstk. áramóta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Samþ. að banna notkun hitaveituvatns að næturlagi, á sama hátt og undanfarandi vetur.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 18. nóvbr., kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóra heimilað að gera kaupsamning um lóð Lýsissaml. íslenzkra botnvörpunga hjá Eiðsgranda.

2. Erindi frá íbúum í Þóroddsstaðahverfi, dags. 5. þ.m., um að byrgja skurð við Litla Fell, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

3. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að veita þessum mönnum löggildingu til að starfa við lágspennuveitur í Reykjavík:
Haraldi Á. Bjarnasyni, Hrefnug. 2
Ingvari Jóni Guðjónssyni, Hverf. 50.

4. Erindi Barnavinafél. Sumargjafar um að sett verði götulýsing hjá Steinahlíð við Suðurlandsbraut, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

5. Samþ. að Vilborg Jóhannesdóttir, Langhv. 81, megi verða leigjandi Urðarbrautar 3 í Smálöndum, að hálfu.

6. Bæjarráð vill ekki gefa fyrirheit um að Fossvogsbl. XXIV verði ekki ráðstafað til opinberra þarfa í næstu 10 - 15 ár.

7. Erindi S. Í. S., dags. 10. þ.m., um breytingar á leigusamningi um Snorrabraut 54, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

8. Borgarstjóri skýrði frá því, að hann hafi í gær rætt við menntamálaráðherra um stofnun hælis fyrir unglinga á glapstigum.

9. Bæjarráð samþykkir að tilnefna í umferðarmálanefnd með lögreglustjóra þá Einar B. Pálsson yfirverkfr., og Þór Sandholt, arkitekt.

10. Samþ. að heimila bæjarverkfræðingi að leggja holræsi í hluta af Nesvegi, vestur að Sörlaskjóli.

11. Rætt um mörk á milli lóðanna nr. 1 og 3 við Melhaga. Vísað til bæjarverkfræðings til nánari athugunar.

12. Umsókn Mjólkursamsölunnar um lóðina Laugaveg 162 vísað til borgarritara til nánari athugunar.

13. Erindi flugráðs, dags. 14. þ.m., um skipun nefndar til að gera tillögur um skipulag flugvallarins í Rvík, vísað til samvinnunefndar um skipulagsmál til umsagnar.

14. Umsókn Stefáns Bjarnasonar, dags. 4. þ.m., um rafmagnsheimtaug í bragga við Nauthól, vísað til skrifstofustjóra bæjarverkfræðings til umsagnar.

15. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 12. þ.m.

16. Umsókn Margríms Gíslasonar, lögrþj., um launahækkun, vísað til umsagnar samvinnunefndar um launamál.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, miðvikudaginn 30. nóvbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóra heimilað að gera sátt við leigjanda lóðarinnar Hrísateig 29 um lóðarnám á 5 metra lóðarræmu.

2. Erindi frá Eiríki Þorlákssyni um lóð undir íbúðarskúr, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

3. Lagt fram bréf frá Eimskipafél. Íslands h.f., dags. 11. þ.m., þar sem ítrekuð er beiðni um lóð undir vörugeymslu við Borgartún. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar hið fyrsta.

4. Lögð fram umsókn Steins Júl. Árnasonar, dags. 10. þ.m., um lóð eða erfðafestuland til þess að reisa á timburhús. Borgarstjóra falið að svara erindinu.

5. Borgarstjóra heimilað að kaupa húsið Hverfisg. 80 til niðurrifs. Húsið brann að nokkru leyti síðastl. sumar.

6. Samþ. að Erlingur Gíslason megi kaupa íbúð í húsinu Karfavogi 31.

7. Samþ. að gera leigusamning um Nesveg 10 við Steinþ. Guðmundsson, Friðbj. Benónýsson og Guðm. H. Pálsson.

8. Samþ. að veita Guðmundi Guðmundssyni, Lvg. 46, löggildingu til að starfa við lágspennuveitur í Rvík.

9. Synjað beiðni Gunnars Árnasonar um að fá keypt húsið Klöpp í Blesugróf.

10. Samþ. að veita þessum pípulagningameisturum löggildingu til starfa við vatnsveituna og hitaveituna í Reykjavík: Zophoníasi Sigfússyni, Vesturv. 12, Kristjáni B. Guðjónssyni, Gullteigi 12, Axel Ol. Smith, Eir. 11 og Sigurði Þorkelssyni, Ásv. 12.

11. Borgarstjóra heimilað að greiða h.f. Víkurfélaginu enn allt að 150 þús. kr. upp í húsaleigu fyrir Gagnfræðaskólann við Hringbraut.

12. Erindi frá Ferdinand H. Jóhannssyni og Jónasi Hallgrímssyni, starfsmönnum í manntalsskrifstofunni, um að verða skipaðir fulltrúar, vísað til samvinnunefndar um launamál til umsagnar.

13. Lagt fram bréf frá fjárhagsráði, dags. 28. þ.m., með tilkynningu um veitingu fjárfestingarleyfis til byggingar 100 íbúða, samskonar og verið er að reisa við Bústaðaveg.

14. Samþ. að taka úr erfðafestu Sogamýrarbletti LIII, LIV, LV.

15. Lögð fram tilkynning um úrskurð dómnefndar, sem hefir dæmt um tillöguuppdrætti að sumarbústöðum í Grafarholtslandi (við Rauðavatn). Verðlaun voru veitt þannig:

1. flokkur. Hússtærð 55 - 65 ferm.
    1. verðl. Gunnl. Halldórsson og Skarph. Jóhannsson.
    2. - Gunnar Ólafsson.
    3. - Ágúst Pálsson.

2. flokkur. Hússtærð 40 - 45 ferm.
    1. verðl. Sigvaldi Thordarson.
    2. - Gunnar Ólafsson.
    3. - Skúli Norðdahl.

3. flokkur. Hússtærð 25 - 30 ferm.
    1. verðl. Gunnl. Halldórsson og Skarph. Jóhannsson.
    2. - Sömu.
    3. - Skúli Norðdahl.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jóhann Hafstein.

Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 2. des., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram beiðni Joh. Rönnig um leyfi til að byggja íbúðarhús á Bústaðabletti 17. Ákvörðun frestað.

2. Samþ. með 3:1 atkv. að leyfa Jóhanni Kr. Sæmundssyni að kaupa erfðafestulandið Kringlumýrarblett 29, ásamt húseign.

3. Lögð fram matsgjörð á þeim hluta Heiðmerkur, sem tekin er eignarnámi úr Vatnsendalandi fyrir Reykjavíkurbæ. Ákveðið að krefjast yfirmats.

4. Rætt um lóðaumsókn Byggingarfélags starfsmanna Landsbanka Íslands.

5. Lögð fram umsókn Sveinbjörns Einarssonar og Hallgríms Oddssonar um bragga til netagerðar. Vísað til afgreiðslu skrifstofustjóra bæjarverkfræðings.

6. Lagðar fram lóðarumsóknir Jóhannesar Zöega, Norðurstíg 5, og Snæbjarnar Jónassonar, Hátúni 41.

7. Guðjón Þorgilsson, Grettisgötu 6, afsalar sér tilkalli til lóðarinnar nr. 5 við Bólstaðarhlíð.

8. Bæjarráð samþykkir, að Sigurður Ófeigsson megi kaupa húseignina Smálandabraut 7.

9. Samþ. að láta gera við skemmdir, er orðið hafa á íbúð Margrétar Jónsdóttur, Laugavegi 157, og greiða kostnaðinn af óvissum gjöldum.

10. Erindi Leifs Sigurðssonar, um rafmagnshitun í Bankastræti 14 B, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

11. Lögð fram beiðni eigenda Njálsgötu 53, um að hitakerfi hússins verði tengt við hitaveituna. Eftir að hafa fengið umsögn hitaveitustjóra telur bæjarráð ekki fært að verða við erindinu fyrr en Reykjahlíðarveitan verður tengd hitaveitunni.

12. Erindi Ingu Kristjánsdóttur, Álfabrekku, um vatnslögn í skúr við Laugarnesveg, vísað til afgreiðslu vatnsveitustjóra.

13. Erindi vörubílstjórafélagsins Þróttar, um forgangsrétt félaga að vinnu við Sogsvirkjunina, vísað til umsagnar rafmagnsstjóra.

14. Erindi frá skóla Ísaks Jónssonar í Grænuborg, um aukna útilýsingu við skólann, vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra.

15. Erindi Guðna Ólafssonar, um upphitun í Ingólfs apóteki, vísað til umsagnar hitaveitustjóra.

16. Erindi Guðmundar H. Guðmundssonar, um upphitun í bílskúr á Flókagötu 1, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

17. Erindi Guðjóns Vigfússonar, Snorrabraut 36, um rafmagnsheimtaug í geymsluskúr við Háteigsveg, vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra.

18. Erindi Guðjóns Bjarnasonar, um rafmagnsheimtaug í herskála við Sörlaskjól og Ægisíðu, vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra.

19. Lagt fram bréf póst- og símamálastjóra um lagningu síma að Elliðavatni og barnahælinu Vorboðinn. Vísað til athugunar borgarritara.

20. Samþ. með 3:1 atkv. að leyfa Elíasi Steinssyni að kaupa Teigaveg 4.

21. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 18 við Laugateig við Óskar Sveinbjörnsson og Ágúst Jónsson vélstjóra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. Lögð fram beiðni frá Oddi Kristjánssyni, Nökkvavogi 37, um að honum verði leyft að kaupa íbúð í því húsi. - Erindið fær ekki stuðning.

23. Samþ. að leyfa Jóni Jónssyni frá Kaldbak, Barmahlíð 53, að kaupa íbúð í Miklubraut 76.

24. Samþ. að leyfa Sigurði Guttormssyni bankaritara að kaupa íbúð í húsinu nr. 22 við Hofteig.

25. Lögð fram beiðni Róberts Þorbjörnssonar, Laug. 19 B, um leyfi til að setja upp bakarí í nýja íbúðarhúsahverfinu við Bústaðaveg.

26. Lagðar fram tillögur rafmagnsstjóra og ræktunarráðunautar um friðun og skógrækt í Ártúnshólma. Bæjarráð fellst á tillögurnar.

27. Samþ. að verða við beiðni Jóns Þorsteinssonar, Lind. 56, um að bílskúr, sem hann hefir reist á lóðinni, fái að standa til bráðabirgða, enda verði skúrinn tekinn burtu, bænum að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

28. Lagt fram bréf Félags járniðnaðarmanna, dags. 17/11., um að ófaglærðir menn verði ekki látnir vinna að iðninni sem sjálfstæðir sveinar væru.

29. Lögð fram tillaga Jóhanns Hafstein frá bæjarstjórnarfundi 17. nóv., um nefndarskipun til að gera tillögur um lánastarfsemi til íbúðarhúsabygginga. - Nefndarskipuninni frestað til næsta fundar bæjarráðs.

30. Lögð fram tillaga fulltrúa Alþýðuflokksins frá bæjarstjórnarfundi 17. nóv., um athugun á lánsfjárskorti þeirra manna, sem leitað hafa til bæjarins um aðstoð við íbúðarhúsabyggingar.

31. Lagt fram bréf Þorfinns Kristjánssonar, dags. 27/11., þar sem hann þakkar fyrir fjárveitingu úr bæjarsjóði til styrktar heimsóknum Íslendinga í Danmörku til Íslands.

32. Lögð fram veitingaleyfisumsókn Sigurðar Gíslasonar, Rauð. 22, ásamt umsögn veitingaleyfisnefndar. Nefndin mælir ekki með umsókninni.

33. Lögð fram styrkumsókn frá Symfóníuhljómsveit Íslands.

34. Lögð fram tilkynning frá menntamálaráðuneytinu um að ráðuneytið hafi löggilt skóla Ísaks Jónssonar sem smábarnaskóla. Skipulagsskrá skólans var einnig lögð fram.

35. Lagðar fram 10 umsóknir um rafmagnsheimtaugar í óleyfishús. - Vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 9. desbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulöndunum Sogamýri XIII og Þvottalaugabl. XXXVI fyrir kr. 133.000.-. (Helmingi eignanna). Hafnað.

2. Erindi Halldórs Magnússonar, varðandi byggingu á lóðinni Laugav. 90, vísað til samvinnunefndar um skipulagsmál til umsagnar.

3. Samþ. að Óli G. Halldórsson, Hrbr. 97, megi kaupa íbúð í húsinu Langhv. 168.

4. Samþ. að Ástþór Matthíasson megi kaupa íbúð í húsinu Nökkvavogi 22.

5. Lögð fram ályktun fundar leigjenda í Breiðfirðingabúð 16. f.m., varðandi úthlutun íbúða í bæjarhúsunum við Bústaðaveg.

6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Skipasund 21 við Samb. ísl. samvinnufélaga.

7. Kröfu um bætur vegna smáslyss á Lækjargötu 29. okt. þ.á., vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

8. Að fenginni umsögn byggingarfulltrúa getur bæjarráð ekki orðið við erindi Friðbjarnar Guðbrandssonar o.fl., um að skúr megi standa áfram á lóðinni nr. 34 við Hofteig.

9. Synjað beiðni um viðbætur við lóðirnar Fálkagötu 18 A - 26.

10. Lögð fram fundargerð samvinnunefndar um launamál 21. okt. þ.á. Bæjarráð samþ. tillögurnar um 86. - 90. mál, og tilnefnir af sinni hálfu til athugunar skv. till. í 89. lið: Auði Auðuns bæjarftr. og Guttorm Erlendsson, aðalendursk.

11. Samþ. að gefa Skúla H. Magnússyni, Sogabl. 17, kost á lóðinni Nökkvavogi 16 og Axel Þóroddssyni, Laugarneshverfi 29, kost á lóðinni Langholtsv. 132. Byggingarfrestur til 1. maí 1950.

12. Samþ. að heimila borgarstjóra að semja við Bjarna Kristjánsson, Sörl. 15, um að taka að sér umsjónarmannsstarfið í Verkamannaskýlinu.

13. Lagðar fram umsóknir þriggja ljósmæðra um ljósmóðurstöðu í Reykjavík. Ákveðið að fá umsögn héraðslæknis.

14. Samþ. að taka tilboði frá Jóhanni Pálssyni og Axel Smith um hita- og hreinlætistækjalögn í skólabygginguna við Langholtsveg.

15. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í nóvbr. þ.á.

16. Borgarstjóri skýrði frá því, að Osloborg, ásamt norsk-ísl. sambandi, og Bergenborg, ásamt Snorranefnd, ætluðu að senda Reykjavík 2 jólatré að gjöf. Bæjarráð ákveður að setja annað þeirra við Lækjargötu og hitt við Hringteig.

17. Samþ. að halda uppi starfsemi Vetrarhjálparinnar nú í vetur, með sama hætti og undanfarin ár.

18. Samþ. að tillaga borgarlæknis í bréfi 18. f.m., að forstöðukonu Mæðraheimilisins verði falið að annast ráðningu hjálparstúlkna til sængurkvenna skv. umsóknum frá ljósmæðrum.
J.A.P. tekur fram, að hann vill að þessi hjálparstúlkustarfsemi verði einnig látin ná til heimila þar sem húsmóðirin verður veik af öðrum ástæðum.

19. Lagt fram bréf frá Rannsóknarstofu Háskólans, dags. 16. f.m., með kostnaðaráætlun um byggingu blóðbankahúss og er farið fram á, að bæjarsjóður greiði helming kostnaðarins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. Lagt fram bréf frá Þórh. Halldórssyni mjólkurfræðingi, dags. 23. f.m., um sölu á neyzlumjólk í flöskum og í lausu máli.

21. Lögð fram bréf lögreglustjóra (3), dags. 14. og 15. f.m., varðandi umsóknir um leyfi til að setja upp söluskúra, frá Ólöfu Kristjánsdóttur, Óla J. Ólasyni o.fl. og Geir P. Þormar.

22. Lögreglustjóri tilkynnir, að heilbrigðisnefnd mæli ekki með erindi Ingim. Guðmundssonar um leyfi til fisksölu á Óðinstorgi og Káratorgi.

23. Lagðar fram umsóknir um leyfi til að hafa söluturna frá Sigurði Björnssyni, Njg. 87 og Sigmar Valdimarssyni, Eskihl. 14.

24. Íþróttafélag Reykjavíkur sækir um 20 þús. kr. styrk til viðgerðar og endurbóta á íþróttahúsi félagsins. Frestað til meðferðar í sambandi við fjárhagsáætlun.

25. Lögð fram umsókn frá Lúðvíg Guðmundssyni um lán til að fullgera íbúð í húsinu Blönduhlíð 12.

26. Erindi frá Jóni Þorsteinssyni, dags. 26. f.m., varðandi greiðslu fyrir sjúkraleikfimi, vísað til fræðslufulltrúa til umsagnar.

27. Borgarstjóra falin til meðferðar umsókn Svanborgar Bjarnadóttur um íbúð.

28. Svohlj. tillaga gerð til bæjarstjórnar:
"Bæjarstjórnin sambykkir að breyta kr. 8.600.000.- hlaupareikningsskuld Rafmagnsveitunnar við Landsbankann, vegna stofnkostnaðar varastöðvarinnar við Elliðaárnar, í 20 ára skuldabréfalán, skv. samningi við bankastjórnina frá 1946 - '47. Er borgarstjóra veitt fullt umboð til að undirrita skuldabréf fyrir láninu, hvort heldur er aðalskuldabréf eða sérskuldabréf með vaxtamiðum."

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, þriðjudaginn 13. desbr., kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Landsbanka Íslands, dags. 9. þ.m., þar sem skýrt er frá því, að sem sakir standa, séu ekki líkur til að bankinn geti lánað fé til íbúðarhúsabygginga í náinni framtíð.

2. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings um utanför hans á þing Sambands norrænna vegaverkfræðinga, sem var haldið í Finnlandi s.l. sumar.

3. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við tilmælum um greiðslu bóta fyrir rotþró á erfðafestulandinu Laugarásbletti I.

4. Lagt fram bréf fulltrúaráðs sjómannadagsins, dags. 10. des., um lóð undir dvalarheimili aldraðra sjómanna.

5. Lagt fram bréf póst- og símamálastjórnarinnar, dags. 10. des., um lóð undir pósthús. - Ákveðið að óska umsagnar skipulagsmanna bæjarins.

6. Bæjarráð tilnefnir í nefnd skv. ályktun bæjarstjórnar 17. nóv., til að undirbúa tillögur um lánastarfsemi til íbúðarhúsabygginga: Birgi Kjaran, Geir Hallgrímsson, Magnús Ástmarsson og Sigfús Sigurhjartarson. Borgarritari kalli nefndina saman til fyrsta fundar.

7. Samþ. að Halldór K. Magnússon megi verða leigutaki lóðarinnar Sogavegar 114.

8. Blaðamannafélag Íslands sækir um leyfi til að setja upp blaðsöluturna, m.a. á Lækjartorgi.

9. Samþ. að gefa Byggingarsamvinnufél. starfsmanna ríkisstofnana kost á lóðinni Blönduhlíð 28, en félagið afsali jafnframt Hamrahlíð 13.

10. Lagt fram bréf frá Bandalagi kvenna í Reykjavík, dags. 9. þ.m., með tilkynningu um ályktanir aðalfundar bandalagsins 29. - 30. f.m.

11. Erindi Brynjólfs J. Jónssonar, Grett. 50, um launabætur, vísað til samvinnunefndar um launamál.

12. Erindi Ágústs Sigurðssonar, forstöðum. Námsflokkanna, um að verða fastur starfsmaður, vísað til fræðslufulltrúa til umsagnar - og til fræðsluráðs.

13. Beiðni Sigurlínu Bjarnadóttur um rafmagnsheimtaug vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

14. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 7. þ.m.

15. Bæjarráð samþykkir tillögu forsætisráðuneytisins í bréfi 2. þ.m., um þátttöku í gjöf til Olaf Hedegaard, bankastjóra, Kaupmannahöfn.

16. Lagt fram bréf frá h.f. Steypustöðinni, dags. 2. þ.m., svör við athugasemdum endurskoðenda.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.
Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 16. desbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá vörubílstjórafél. Þrótti, dags. 13. þ.m., varðandi atvinnumál vörubílstjóra.
Ennfremur lagðar fram tillögur frá bæjarstjórnarfundi 15. þ.m., varðandi sama mál, tillaga borgarstjóra og tillaga Jóns A. Péturssonar.

2. Samþ. að halda áfram við gatnagerð í Ægisíðu og Hóðinsgötu, í því skyni að auka í bili atvinnu fyrir vörubílstjóra.

3. Samþ. að taka úr erfðafestu, undir framlengingu Ægisíðu, hluta af löndunum Þorsteinsbletti og Grímsstaðaholtsbletti II.

4. Lagt fram bréf frá eigendum húsa, sem verið er að reisa á lóðunum nr. 7 - 9 við Melhaga, varðandi vatns- og skolplögn að húsunum. Vísað til bæjarverkfræðings og vatnsveitustjóra til afgreiðslu.

5. Lagðar fram tillögur um undirbúning löggjafar um jarðboranir og nýtingu jarðhita, frá Jóni A. Péturssyni og Sigfúsi A. Sigurhjartarsyni, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær. Falið borgarritara og hitaveitustjóra til umsagnar.

6. Beiðni Ísleifs Jónssonar um lóð undir vöruskemmu vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

7. Beiðni Boga Ólafssonar, Miðtúni 32, um leyfi til að byggja bílskúr við Nóatún, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Langholtsveg 101 við Guðjón G. Jóhannsson, Langhv. 90, Valtý Kristjánsson, Skólav. 14, og Jón E. Magnússon, Nýl. 22.

9. Erindi húseigenda við Grenimel um malbikun götunnar, eða undirbúning að malbikun, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

10. Bæjarverkfræðingi falið að undirbúa breikkun Lækjargötu, norðan Bankastrætis.

11. Erindi Péturs Sigurðssonar o.fl., varðandi staðsetningu líkneskis Ólafíu Jóhannsdóttur vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

12. Lögð fram umsókn Ásgeirs Sigurgeirssonar, Sogam.bl. 58, um íbúð og verzlunarhúsnæði í Bústaðavegshúsunum.

13. Lagt fram bréf Hjúkrunarkvennafél. Líkn, dags. 9. þ.m., um að hjúkrunarkonum félagsins verði heimilað að ferðast ókeypis með strætisvögnum. Samþ. að fela aðalendurskoðanda bæjarins og hagfræðingi að gera tillögu um hvort ástæða sé til að einhverjir starfsmenn bæjarins fái ókeypis far með strætisvögnum, og þá hverjum.

14. Erindi lögreglustjóra, um að greiða Stefáni Jóhannssyni, lögrþj., sama kaup og varðstjórum, vísað til samvinnunefndar um launamál.

15. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis sendir bæjarráði til umsagnar frv. til laga um skipulag kaupstaða og kauptúna, stjórnarfrv., sem lagt hefir verið fyrir þingið.

16. Samþ. að gefa Gísla Hannessyni, Nökkvav. 11, kost á lóðinni Karfavogi 17, með byggingarfresti til 1. maí næstk.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.
Jóhanna Egilsdóttir. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, föstudaginn 23. desbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri skýrði frá því, að hann hafi nýlega ítrekað tilmæli bæjarstjórnar til heilbrigðisstjórnarinnar um að fjölga lyfjabúðum hér í bænum.

2. Beiðni um lóðarsamning um lóðina Úthlíð 12 vísað til borgarritara til athugunar.

3. Lögð fram lóðarumsókn h.f. Gúmmíbarðans, dags. 14. þ.m.

4. Lagt fram bréf frá Gunnari Möller hrl., varðandi frárennsli frá húsi á lóðinni Ægisíðu 90. Bæjarráð samþ. að láta leggja, nú í vetur, holræsi í Ægisíðu, sunnan Hofsvallagötu.

5. Synjað erindi frá Karli Þórarinssyni, Hofsstöðum, um leigu á hluta af Reykjahlíð í Mosfellssveit.

6. Að fenginni umsögn borgarlæknis synjar bæjarráð beiðni Einars Jónassonar um að hann fái umboð til að hirða brotajárn á bæjarlandinu.

7. Lagt fram bréf samvinnunefndar um skipulagsmál, dags. 2. þ.m., varðandi ráðstöfun eignarinnar nr. 54 við Snorrabraut.

8. Samþ. að tilnefna Jónas B. Jónsson, fræðslufulltrúa, í nefnd, er B.Æ.R. hefir skipað til undirbúnings byggingu æskulýðshallar, eftir tilmælum bandalagsins í bréfi 14. þ.m.

9. Lagt fram bréf frá Kvenfélagi Alþýðuflokksins, dags. 17. þ.m., með tilkynningu um ályktanir félagsfundar 1. f.m.

10. Lagt fram bréf frá Olympíunefnd Íslands, dags. 21. þ.m., með tilmælum um 50 þús. kr. fjárveitingu á ári, 1950 - 1952, vegna undirbúnings og þátttöku í olympíuleikjunum 1952.

11. Lögð fram áætlun Íþróttabandalags Reykjavíkur um tekjur og gjöld 1950.

12. Skógræktarfél. Reykjavíkur sækir um 150 þús. kr. styrk til starfsemi sinnar árið 1952.

13. Erindum frá gæzlukonum barnaleikvalla og forstöðumanni Hvítabandsins vegna hjúkrunarkvenna þar, um kjarabætur, vísað til samvinnunefndar um launamál til umsagnar.

14. Lagt fram erindi frá Alexander Guðmundssyni, dags. 14. nóvbr. þ.á., með beiðni um aðstoð til húsbyggingar á Laugarnesvegi 78.

15. Lagt fram frv. að samþykkt fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.
Bæjarráð mælir með frv. með 4:1 atkv.
Sigf. Sigurhjartarson tekur fram að hann vill breyta frv. í það horf, að bæjarráð annist stjórn bæjarútgerðarinnar, og að ekki verði heimilað að ráða fleiri en einn framkvæmdastjóra.

16. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 16. nóvbr. s.l.

17. Lagt fram bréf samvinnunefndar um skipulagsmál, dags. 17. nóv. þ.á., til byggingarnefndar, varðandi byggingu templarahallar við fyrirhugað Indriðatorg.
Samþ. að fá nánari tillögur frá samvinnunefndinni um fyrirkomulag bygginga við torgið.

Fundi slitið.
Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein.
Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1949, miðvikudaginn 28. desbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Úthlíð 12 við Þorkel Ingvarsson, Snorrabraut 34, og Láru Guðmundsdóttur, Víðimel 52.

2. Synjað beiðni um byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Bústaðabletti V.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. IX fyrir kr. 45.000.-. Hafnað.

4. Synjað beiðni um að gera megi kjallara undir íbúðarhús á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XVII.

5. Bæjarráð telur ekki ástæðu til að festa kaup á húsi á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti III, að svo stöddu.

6. Að fenginni umsögn samvinnunefndar um skipulagsmál, dags. 22. þ.m., getur bæjarráð ekki samþykkt að skipta lóð úr landinu Sogamýri I, en mun hinsvegar leyfa stækkun íbúðarhússins Litlu-Grund.

7. Bæjarverkfræðingi falið að ath. nánar um töku erfðafestulandsins Sogamýrarbl. LIV og brottflutning bygginga af landinu.

8. Lagt fram bréf frá samvinnunefnd um skipulagsmál, dags. 23. þ.m., varðandi bílskúra við Sigtún.

9. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Engihlíð 8 við Þórð Guðmundsson, Litla-Melstað, og Sigurð Jónsson, herskála við Sörlaskjól.

10. Beiðni Guðm. Jónssonar um lóðina nr. 50 við Kaplaskjólsveg vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

11. Lagt fram bréf frá Marteini Ólafssyni, Laugarnesveg 85, varðandi greiðslu bóta fyrir átroðning í sambandi við Laugalækjarholræsið síðastl. sumar. Vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

12. Erindi Þórðar Þórðarsonar um næturhitun í bifreiðaskúr á lóðinni nr. 3 við Barmahlíð, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

13. Lagt fram erindi Sigurbj. Björnssonar um rafmagnsheimtaug að skúr á erfðafestulandinu Bústaðabl. 17.

14. Erindi um rafmagnsheimtaug í torgsöluskúr við Njálsgötu - Barónsstíg vísað til rafmagnsstjóra til afgr., en bæjarráð tekur fram, að skúrinn sé aðeins leyfður um óákveðinn tíma.

15. Erindi um götuljós í Smálöndum vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

16. Tillögu bæjarverkfræðings um greiðslu þóknunar fyrir yfirvinnu verkfræðinga vísað til bæjarverkfræðings og borgarstjóra til afgreiðslu.

17. Rætt um frv. að heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavíkurkaupstað.

18. Samþ. að heimila borgarstjóra að ávísa úr bæjarsjóði, þar til fjárhagsáætlun verður samin, venjulegum óhjákvæmilegum greiðslum á árinu 1950.

19. Lagt fram bréf Rafmagnsveitunnar, dags. 21. f.m., varðandi frágang á jarðstrengjum í Lækjargötu.

20. Lagt fram bréf samvinnunefndar um skipulagsmál, dags. 20. þ.m., varðandi lóð fyrir íbúðir gamalmenna, sbr. umsókn Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, dags. 6. okt. þ.á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Lagt fram bréf frá skipulagsstjóra, dags. 30. f.m., varðandi byggingu á lóðinni nr. 17 við Laufásveg.

22. Lagt fram bréf samvinnunefndar um skipulagsmál, dags. 2. þ.m., varðandi byggingu á lóðinni Bergstaðastr. 41.

23. Lagt fram bréf frá samvinnunefnd um skipulagsmál, dags. 24. f.m. varðandi staðsetningu Hallveigarstaða suðvestan við Tjörnina, þar sem "Ísbjörninn" er nú.

24. Lagt fram bréf samvinnunefndar um skipulagsmál, dags. 22. þ.m., með tillögu um að minnisvarði Ólafíu Jóhannsdóttur verði settur í trjálundinn vestan við syðri Tjörnina.

25. Lögð fram tillaga bæjarftr. Alþýðufl., varðandi heimilishjálp í veikindaforföllum, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjór 15.þ.m. Samþ. að fá umsögn Bandalags kvenna í Reykjavík um máli svo og umsögn borgarlæknis.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur